

Mannabein við Faxaskjól

11. JANÚAR 2019 / 52. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



Þá áttuðum við okkur á því að þetta væri af manni



DRÖG



ELDHEIT ÁST EGILS OG INGIBJARGAR

Sigurður G. Tomasson



SJÁLFSTÆÐISFLÖKKURINN BOLAÐI MER ÚR STARFI

■ Sykursýki og blinda ■ Átökin á Útvarpi Sögu
■ Reykir kjöt til að drýgja bæturnar

Eydís Eir



Stungið í steininn eftir nauðgun

■ Vísað frá Tyrklandi og meinað að snúa aftur



Lést á Litla-Hrauni

■ Þriðji fanginn á tveimur árum



FEGURÐAR- DROTTNINGARNAR *fyrir og nú*

Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Ég skulda mikið, ég á ekkert; afganginn ánafna ég þeim fátæku.“

– Endurreisnarríthöfundurinn, munkurinn og margt fleira, François Rabelais (1494–1553)

Á þessum degi, 11. janúar



1569 – Fyrsta skráða hlutaveltan er haldin á Englandi.



1879 – Stríðið á milli Breska heimsveldisins og Zulu-ættbálksins í Suður-Afríku hefst.



1922 – Insúlín er í fyrsta skipti notað gegn sykursýki í mönnum.



1935 – Amelia Earhart flýgur fyrst manna, ein síns liðs, frá Hawaii til Kaliforníu.



1961 – Throgs Neck-brúin, sem tengir hverfin The Bronx og Queens, í New York, er opnuð fyrir umferð.



Hætti við ráðningu lögfræðings

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Desember á síðasta ári var nýráðnum lögfræðingi hjá Samgöngustofu sagt upp störfum áður en viðkomandi hóf störf. Samkvæmt heimildum DV var ástæðan var sú að í ljós kom að maðurinn hafði nokkrum mánuðum fyrir fengið skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa hóttað fyrhverandi ástkonu sinni lífláti og sært blygðunarsemi hennar. „Umræddum ráðningarsamningi frá því í desember var sagt upp með lögmætum hætti áður en viðkomandi hóf störf,“ var það eina sem Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu, vildi segja um málið.

„Ég ætla að drepa þig hehehe“
Umrætt starf lögfræðings á lög-

fræðideild Samgöngustofu var auglýst í nóvember og rann umsagnarfrestur út í lok þess mánaðar. Tilkynnt var um ráðningu mannsins fyrri hluta desember en eins og áður segir hóf maðurinn aldrei störf. Ástæðan var sú, samkvæmt heimildarmanni, að upp komst um áður nefndan dóm sem féll þann 27. september 2017.

Maðurinn, sem þá starfaði sem lögreglumaður, var dæmdur fyrir að senda skilaboð á konu, í gegnum samskiptamiðilinn Snapchat, sem innihéldu alvarlegar hótanir. Ummælin sem hann var ákærður fyrir voru eftirfarandi:

„Ætlaru að ríða mér á eftir? [...] Viltu mig? Ríðu mér dóninn þinn [...] Ríðu mér beibe“

„Fokking mella [...] Þú eyðilagðir líf mitt. Ég ætla að að drepa þig hehehe“

„Litla fokking hórán þín Þúrt

hóra A [...] Það er það sem þú ert Hóra Hóra. Ekkert nema hóra. Ég hata þig. Fokking deyðu A“

„Éttu drullu hóra. Hata þig. Mun brjóta þig. Ef þú kemur nálægt mér. Hata þig. Fokking hata þig“

„Ja, ég fokking vona að þú deyir. Ógeðið þitt. Ég hata þig útaf lífinu. Þú eyðilagðir líf mitt. Þú fokking eyðilagðir það. [...] Ég mun fkn láta þig gjalda fyrir það“

Badst ítrekað afsökunar

Maðurinn og konan höfðu átt í skammvinnu ástarsambandi og átt nokkra ástarfundi eftir að því lauk. Þegar umrædd skilaboð bárust konunni var hún heima hjá systur sinni en maðurinn var útí að skemmta sér. Óskaði hann eftir því að hún myndi sækja hann en þegar hún hafnaði því rigndi yfir hana ógeðfældum skilaboðum.

Systur hennar ofbauð framkoma mannsins og áframsendi skilaboðin til lögreglunnar.

Í dómnum kom fram að maðurinn bar við mikilli ölvun. Hann kvaðst muna eftir fyrstu skilaboðunum en ekki þeim sem á eftir komu. Þá kom fram að hann baðst strax afsökunar á gjörðum sínum þegar hann af honum og margítrekaði þá afsökunarbeiðni. Fyrir dómi sagði hann að honum þætti vænt um konuna og hafi ekki viljað henni neitt illt.

Í dómurinn véfengdi ekki að maðurinn iðraðist gjörða sinna og tekid væri tillit til að hann aðhafðist ekkert til að hrinda hótunum sínum í framkvæmd. Var maðurinn dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi, til tveggja ára, og til að greiða 808.067 krónur í sakarkostnað. ■

5 hlutir sem þarf að banna sem allra fyrst

Frelsi er gjörsamlega ofmetið fyrirbrigði enda sýnir það sig aftur og aftur að fæstir hafa vit fyrir sjálfum sér. Fólk leyfir sér hluti sem veita því gleði og unað til skamms tíma en skaðar mögulega heilsu þess til langs tíma lítið. Þetta er hvorki rökrétt né skynsamlegt. Allsherjar foræðishyggja og bönn eru líklega lausnin. DV tók saman fimm hluti sem nauðsynlegt er að banna.

Tóbak og veip

Tóbak er ógeðslegt, meira að segja reykingarmenn eru sammála um það. Flestir vilja hætta en geta það ekki. Ástæðan er fyrst og fremst aðgengi. Þess vegna er best að banna tóbak og þá myndi yfirlingnæfandi meirihluti reykingamanna verða pirradur í tvær vikur en svo hætta alfarið. Aðeins lítill hluti myndi kaupa sér pólskar sigarettur á svörtum markaði.



Orkudrykkir

Heil kynslóð barna er sturlast af orkudrykkjaneyslu og líka nokkrir blaðamenn. Þegar fólk hefur ekki vit fyrir sjálfu sér þá þarf ríkið að stjiga inn í. Bönnum orkudrykki eða í versta falli byrjum að selja þá í ÁTVR.

Sólbaðsstofur

Það er eitt að slaka á í sólbaði á erlendra sólarströnd, en að þramma inn í illa innréttuð iðnaðrými um hávetur á Íslandi er fullkomin tímaskekkja og sturlun. Hver vill líta út eins og þrútin rúsína? Fólk hefur ekki vit á að hætta þessu og því er rétt að banna þetta tafarlaust.




Kommentakerfi fjölmiðla

Hefur einhvern tímann eitthvað gáfulegt komið fram í athugasemdkerfum fjölmiðla? Eitthvað sem bætur einhverju við umræðuna? Kommentakerfi fjölmiðla lætur fólk efast um að tjáningarfrelsi sé þess virði að berjast fyrir því. En þetta er lítill hluti þjóðarinnar sem hefur ekki stjórn á sér og því er best að banna verkfærið.

Kjöt

Kjötneysla er einhver vani sem hefur fest sig í sessi því ekkert betra var í boði. Forfeður okkar voru framheilaskaddaðir villimenn sem tóku upp þennan leiða síð. Út frá náttúruverndar- og síðferðislegum sjónarmiðum er kjötneysla óverjanleg. Því er nauðsynlegt að banna sölu kjöts hið snarasta.



POTTURINN STEFNIR Í

45

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

Hver er hann?

■ Hann er fæddur á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og byrjaði að leika á sviði tólf ára gamall

■ Millanafn hans er Þorfinnur

■ Hann hefur sent frá sér tónlist, sem sungin er af honum sjálfum og öðrum listamönnum

■ Hann á sjö uppkomin börn með eigin konu sinni en þrjú þeirra hafa unnið á fjölmöldum

■ Hann hefur orðið Íslandsmeistari í akstursíþrótt



SVAR: ÓMAR RAGNARSSON

Það er staðreynd að...



Landkönnuðurinn Peter Freuchen varð undir snjóflóði í einni af ferðum sínum árið 1926. Hann komst lífs af með því að búa til hnif úr eigin hægðum og skera af sér fótinn.



Þjónar faraóa í Egyptalandi smurdu sig með hunangi til þess að flugur myndu herja á þá frekar en hina voldugu yfirmenn sína.



Frá og með 1945 hafa allir breskir skriðdrekar státað af búnaði til að hella upp á te.



Hitler, Mussolini og Stalín voru allir tilnefndir til friðarverðlauna Nóbels.



Einn valdamesti sjóræningi allra tíma var kínversk fyrri verandi vændiskona að nafni Ching Shih. Hún lést árið 1844.

ANNANÐ FÓRNARLAMB ÓÐS HUNDS STÍGUR FRAM

■ Bitinn við Bónus í Faxafeni ■ Sá hundinn reyna að bíta í Holtagörðum

Fyrir skemmstu var maður bitinn af hundi sem bundinn var fyrir utan Húsgagnahöllina. Hlaut sá maður mikil meiðsl af þeirri árás. Nú stígur fram maður sem segist hafa verið bitinn af sama hundi í haust, fyrir utan Bónus í Faxafeni. Einnig að hann hafi séð hundinn gera tilraun til árásar á annan mann við Bónus í Holtagörðum. Í hans tilviki hafi eigandinn brugðist illa við, ekki tekið ábyrgð á dýrinu heldur sakað manninn um að veitast að hundinum.

Fyrirvaralausar árásir

Um síðustu helgi fjallaði DV um hundsárás sem átti sér stað fyrir utan Húsgagnahöllina við Bíldshöfða. Þar var hundur, sennilega einhvers konar blending af Labrador, bundinn við reiðhjólástend. Járnsmiður að nafni Guðmundur Helgi Stefánsson skráð inn í apótek og sá hundinn þegar hann kom út. Virtist hann hinn vinalegasti en trylltist síðan og beit Guðmund í fótlegginn og magann. Fékk hann mikið sár og mar og þurfti að leita til læknis. Guðmundur hafði ekki upp á eigandanum en heyrði tal unglunga sem sögðu hundinn þekktan bithund.

„Ég varð fyrir biti af þessum sama hundi, greinilega,“ segir karlmaður á miðjum aldri sem vill ekki láta nafns síns getið. „Samkvæmt lýsingunni finnst mér það mjög líklegt. Ég hef séð þennan hund stökkva alveg fyrirvaralaust á mig og aðra.“

„Ég sagði honum að þetta væri óður hundur sem þyrfti að lóga“

Bitinn í handlegginn

Hundurinn sem um ræðir er blendingur af Labrador og Border Collie. Hann var bundinn við handrið fyrir utan Bónusverslunina í Faxafeni. Atvikið átti sér stað þann 19. september síðastliðinn, um sex leytid að kvöldi.

„Þessi eigandi er greinilega ekki í lagi. Hann horfði á þetta gerast. Ég kom á hjóli og renndi þarna upp að grindverkinu, skammt frá þar sem hundurinn var bundinn. Ég ætlaði að læsa hjólinu mínu við þetta grindverk. Í því sem ég renni hjólinu mínu fram hjá hundinum stökk hann upp að hendinni á mér þar sem ég hélt um stýrið og beit mig. Hann gjörsamlega trylltist.“

Maðurinn segist hafa orðið dauðskelkaður við þessa árás. Eigandinn var þá kominn út og húðskammaði maðurinn hann fyrir þetta.

„Ég sagði honum að þetta væri óður hundur sem þyrfti að lóga. Hann brást þá hinn verst við og ásakaði mig um að hafa ráðist á hundinn. Hann var eins illur og hundurinn.“



Bundinn við grindverk Blanda af Labrador og Border Collie.



Faxafeni Hundurinn og eigandi hans.

Stíllt upp til að gera fólki lífið leitt

Fékkstu áverka eftir árásina?

„Það mótaði fyrir tannaförum á handleggnum á mér. En það var ekki í gegnum skinnið, þannig að ég var heppinn. Ég fór því ekki til læknis til að fá sprautu eða neitt slíkt, þótt ég hafi ætlað að gera það.“

Hundeigandinn losaði hundinn og héldu þeir á brott. Maðurinn sem varð fyrir árásinni tók ljósmyndir af þeim eftir orðaskiptin.

Sögunni lýkur ekki við þetta atvik. Skömmu síðar sá maðurinn þennan sama hund, bundinn fyrir utan Bónusverslunina í Holtagörðum.

„Þar sá ég að hundurinn veittist að manni sem var á leiðinni inn í búðina. Ólin var hins vegar ekki nógu löng til að hundurinn gæti bitið hann. Þetta ætti að vera lögreglumál. Það er eins og sé verið að stilla þessum hundi upp til þess að hræða fólk og gera því lífið leitt,“ segir maðurinn. ■

Öld sápunnar

■ Svarthöfði

Svarthöfði strengdi það áramótaheitið að fara oftar í sundlaugarnar. Það er heilsuþætandi og myndi að einhverju leyti rjúfa félagslega einangrun. Breiðholtslaugin varð fyrir valinu því hún er hverfislaugin, jafnvel þó að Dagur Bergþórson rukki meira ofan í sínar laugar en bæjarstjórnar nágrannasveitarfélaganna.

Þegar Svarthöfði var kominn í sína sundbrók og ætlaði að brokka út í lauginu kom það vörðurinn aðvífandi og setti hendurnar á bringuna á Svarthöfða, klæddur í latexhanska. „Hvert helduru að þú sért að fara?“ spurði hann. Svo benti hann plaggat á veggnum sem sýndi þá staði sem Svarthöfði átti að þrifa sig með sápu; höfuðið, handarkrikana, nárann og fæturna. Stóð vörðurinn síðan yfir Svarthöfða sem þreif sig og ekki laust við að hann fengi einhvers konar nautn út úr þessu. Tveir eldri menn urðu vitni að þessu. Fór það vörðurinn þá aftur í búrið sitt en Svarthöfði gekk til laugar, smánaður.

Í pottinum gat Svarthöfði ekki fylgst með þeim umræðum sem þar fóru fram, hugurinn var annars

staðar. Þetta er svo „shitty“. Hvaðan kemur eiginlega þessi stöðuga krafa um þrífnað? Svarthöfði er krúnurakaður og aldrei hefur Svarthöfði séð neinn sápa á sér tærnar í sturtu, aldrei. Þar að auki er meira klór en vatn í sundlauginni sjálfri. Samt á að sápa sig allan bæði áður en farið er í lauginu og eftir.

Þessi krafa er ekki bundin við sundlaugarnar. Alls staðar þar sem Svarthöfði fer er hann neyddur til að þrifa sig. Svarthöfði fer reglulega að heimsækja móður sína á hjúkrunarheimili þar sem Svarthöfði er skikkaður til að þvo á sér hendurnar upp úr sviðandi spritti. Á klósettinu í vinnunni hangir plaggat frá Landlækni þar sem Svarthöfði er krafinn um að sápuþvo hendurnar og nota bursta undir neglurnar við hverja salemisferð. Í mótuneytinu hangir eins plaggat. Alls staðar blasa við auglýsingar um sjampó, svitavalktareyði og aðra basa til að drepa gerla og eyða náttúrulegri líkamslýkt.

Hvaðan kemur þessi krafa? Forfeður okkar byggðu þetta land í þúsund ár án þess að þvo sér. Þeir böðuðu sig aldrei og létu hundana sleikja askana. Klósettappír var ekki til og þaðan af síð-

ATHUGIÐ!

Gestir skulu þvo sér án sundfata áður en gengið er til laugar.

OBSERVE!

Every guest is required to wash thoroughly without a swimsuit before entering the pools.

BEMÆRK!

Alle gæster må vaske sig uden badetøj inden de går i svømmebassinet.

ACHTUNG!


Alle Gäste müssen sich mit Seife und ohne Badeanzug waschen ehe sie in das Schwimmbad gehen.

ATTENTION!

Les baigneurs sont tenus de se laver au savon sans maillot de bain avant d'entrer dans la piscine.

UWAGA!

Przed przejściem do basenu prosimy o skorzystanie z prysznicza bez bielizny kąpielowej.



ur naglaburstar. Ef fólk lifði frumberskuna af gat það lifað góðu lífi og myndaði ónæmi gegn flestum gerlum og pestum. Þetta er all

horfið á öld sápunnar. Í staðinn fáum við psoriasis, exem og flösu af sífelldri sápunotkun fyrir utan hvað þetta kostar nú allt saman mikið. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

ÞORLEIFUR STYTTI SÉR ALDUR Á LITLA-HRAUNI

■ Sat inni fyrir ítrekuð umferðarlagabrot ■ Þriðji fanginn á tveimur árum sem fremur sjálfsvíg

Maðurinn sem stytta sér aldur í fangelsinu Litla-Hrauni síðastliðinn þriðjudag hét Þorleifur Haraldsson. Þorleifur, sem ætíð var kallaður Leifi, var fæddur árið 1974 og var því 44 ára gamall þegar hann lést. Hann lætur eftir sig eina dóttur. Leifi sat inni fyrir ítrekuð brot á umferðarlögum undir áhrifum vímuefna. Hann var dæmdur í tólf mánaða fangelsi í byrjun árs 2018. Samkvæmt heimildum DV hafði Leifi glímt við margs konar fíknivanda um langa hríð. „Hann átti ekki að vera í fangelsi heldur í einhverju meðferðarúrræði. Það er skömm að því að slík úrræði séu ekki til hér á landi,“ segir heimildarmaður.

Þriðji á tveimur árum

Þorleifur er þriðji fanginn sem fellur fyrir eigin hendi innan veggja íslenskra fangelsa á tveimur árum og sá sjöundi síðan árið 2001. Þann 13. febrúar 2018 svipti Styrmir Haukdal Kristínsson sig lífi á Kvíabryggju. Í umfjöllun DV um harmleikinn kom fram að Styrmir hefði glímt við margvísleg geðræn vandamál. Árið 2004 skar hann móður sína á háls í geðveikiástandi. Hún hlaut ekki varanlegan skaða af en síðar var Styrmir úrskurðaður ósakhæfur vegna geðklofa. Ljóst var að Styrmir þurfti nauðsynlega á sálrænni aðstoð að halda en engar skynsamlegar lausnir voru í boði. Til marks um það var honum boðið að ræða við sálfræðing í gegnum Skype. Styrmi dreymdi um að ná tökum á lífi sínu en fangelsismálayfirvöld brugðust. Styrmir sagði:

„Ég á mér þann draum að geta lifað edlilegu lífi í óvernduðu umhverfi og það er kannski dálítið barnalegt að segja það en vitaskuld langar mig að eignast fjölskyldu í framtíðinni. Mig langar að standa á eigin fótum,

vera edlilegur án vímuefna og lifa samkvæmt því.“

Tæpu ári áður hafði Eiríkur Fannar Traustason, sem afplánaði dóm fyrir hrottalega nauðgun í Hrísey, svipt sig lífi í fangelsinu á Akureyri. Skömmu fyrir andlát sitt hafði Eiríkur Fannar eignast tvíburasyni með sambýliskonu sinni, Höllu Björg. „Kannski hélstu að þú værir að gera mér greiða með því að svipta þig lífinu. Það er óbærileg tilhugsun,“ skrifaði Halla Björg í pistli árið 2018 sem vakti mikla athygli og varð til þess að umræða um geðheilbrigðismál fanga fór á flug.

Sama ár tjáði Ragnheiður Hilmarsdóttir sig um son sinn, Hilmar Mát Gíslason sem var aðeins 21 árs þegar hann svipti sig lífi í fangelsi árið 2007. Hilmar Mát fékk aldrei að hitta sálfræðing eða geðlækni á meðan hann sat á bak við lás og slá þótt hann hafi verið í brynni þörf. Ragnheiður sagði:

„Ég vil að lögd sé áhersla á að það sé hægt að skila þeim betri út í þjóðfélagið, þá með betri og skilvirkari geðlæknaþjónustu og öðru slíku sem má betur fara.“ Hann var dæmigerður ungur smáglæpamaður sem var vistaður á sama gangi og dæmdirir morðingjar og ofbeldismenn. Lítið hefur breyst í þessum efnunum síðan þá líkt og sorgarsaga Þorleifs staðfestir en Ragnheiður sagði:

„Þarna taka þeir þessa ungu stráka og hreinlega murka úr þeim lífið. Hann var þarna 21 árs gamall og þar að auki misþroska og því mikið eftir á sumum sviðum. Ungur og áhrifagjarn strákur innan um alla þessa stera-bolta, hann verður auðvitað bara að engu.“

Óyfirstíganlegt verkefni fangelsisálfræðinga

Í rannsókn Boga Ragnarssonar, nema í félagsfræði við HÍ, sem



Hilmar Mát Gíslason



Styrmir Haukdal



Þorleifur Haraldsson stytta sér aldur á Litla-Hrauni þann 8. janúar síðastliðinn.

var birt árið 2013 kom fram að á bilinu 54–69 prósent fanga innan veggja íslenskra fangelsa glímdu við þunglyndi. Þá hafði um þriðjungur reynt sjálfsvíg. Afar brýnt er því fangar fái videigandi sálfræðiaðstoð, en því er ekki fyrir að fara eins og staðan er í dag.

Í fangelsum á Íslandi starfa fjórir sálfræðingar í þremur stöðugildum. Verkefni þeirra er ærið, nánast óyfirstíganlegt. Sálfræðingarnir eiga að sinna öllum fongum sem eru í afplánun, öllum þeim sem eru á reynslulausn. eru þetta hvorki meira né minna en 600 einstaklingar. Ofan á þetta bætist að sálfræðingarnir eiga að sinna starfsfólki og vinna áhættumat vegna þeirra einstaklinga sem eru að sækja um úrræði eins og reynslulausn eða Vernd. ■



Eiríkur Fannar Traustason

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

**DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI**

PANTÁÐU
Á NETINU

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2019

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2018
á rafrænu formi á þjónustusíðunni skattur.is

■ Launa- og verktakaupplýsingar

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.). Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

■ Hlutfjárupplýsingar

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

■ Stofnsjóðsupplýsingar

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

■ Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

■ Innstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun, vörslu eða aðra ráðstöfun fjármuna.

■ Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

■ Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

■ Lánaupplýsingar

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

■ Greiðslur fyrir leigu eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

■ Fjármagnstekjur

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

■ Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þáttakendur)

Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutfjárukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

Skilafrestur er til 20. janúar

Sjá nánar auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1146/2018 í B-deild Stjórnartíðinda.

MYND: SVANUR/DV



Fangelsuð þegar hún leitaði réttar síns

Nauðgað af hótélstarfsmanni í Tyrklandi ■ Meðhöndluð sem glæpamaður ■ Safnar fyrir gerð stuttmyndar um reynslu sína á Karolina Fund

GIMLI
FASTEIGNASALA

Næsti kafli
hefst hjá okkur

Bjóðum uppá frítt söluverðmat
Grensásvegi 13, 108 Reykjavík / S: 570 4800

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Eydís Eir Björnsdóttir var í fríi í Tyrklandi þegar henni var nauðgað af hótélstarfsmanni. Ótrúleg atburðarás leiddi til þess að hún endaði sjálf í fangelsi þegar hún hugðist leita réttar síns. Hún lokaði á atburðina lengi vel en tók að lokum þá ákvörðun að nýta reynslu sína til góðs. Útkoman var stuttmynd sem byggð er á sögu hennar, en með henni vill Eydís vekja athygli á stöðu brotþola kynferðisofbeldis alls staðar í heiminum.

Kaotísk atburðarás

Hverfum til ársins 2014.

„Það var mjög „spontant“ ákvörðun að fara til Tyrklands. Ég var í þannig aðstæðum að ég þráði að komast í burtu frá öllu. Ég ætlaði að vera ein þarna úti, skrifa, lesa og bara slaka á,“ segir Eydís.

Í gegnum íslenska ferðaskrifstofu bókaði hún vikulanga „all inclusive“ dvöl á hóteli í strandborginni Alanya. Aðeins nokkrum klukkustundum síðar var hún komin um borð í flugvél. Á fyrsta degi ferðarinnar átti Eydís í samskiptum við starfsmann í mótöku hótelsins eftir að hún hafði gleymt herbergislyklinum inni í herberginu. Starfsmaðurinn var að hennar sögn mjög dónalegur í framkomu.

„Einhverra hluta vegna bjó hann til mikilvæsen úr því að ég hefði læst mig úti og spurði mig alls konar spurninga. Hann fylgdi mér síðan upp á herbergi til að hleypa mér inn.“ Hún bætir við að starfsmaðurinn hafi þar af leiðandi vitað í hvaða herbergi hún var og að hún væri ein á ferð í Tyrklandi.

Sama dag komst Eydís í kynni við tvo íslenska stráka sem dvöldu á sama hóteli. Vel fór á með þeim og þau skemmtu sér saman við sundlaugarbakkann fram eftir kvöldi. Þaðan hélt Eydís ein upp á hótélherbergi og sofnaði.

Þrátt fyrir að hafa markvisst unnið í sjálfri sér og tekist á við atburði fortíðarinnar þá á Eydís engu að síður erfitt með að rifja upp þessa orlagaríku nótt. Í minningunni vaknar hún upp í kolniðamykrri og er ekki lengur ein í herberginu. Starfsmaður hótelsins sem hún hittir fyrir um daginn hafði brotist inn og ráðist á hana þar sem hún svaf.

„Ég lá á maganum og var klædd í náttkjól sem var búið að lyfta upp. Ég fríkaði algjörlega út og trylltist. Þetta var allt saman svo kaotískt.“

Eydís segir átök hafa orðið á milli þeirra tveggja og í hama-ganginum hafi meðal annars borð í herberginu skemmt og sjónvarp brotnað. Hún segir annan af íslensku strákunum hafa komið henni til aðstoðar og farið inn á herbergið þar sem frekari átök

KÆRIR ÁRÁS DYRAVARÐA Á KIKI

■ Telur að um skipulagða árás hafi verið að ræða ■ Endaði sjálfur í fangaklefa í 12 klukkutíma

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ómar Alejandro Waldosson segist hafa orðið fyrir fólkslegri líkamsárás af hálfu fimm dyravarða á skemmtistaðnum Kiki þann 11. ágúst síðastliðinn. Ástæðuna telur hann vera persónulegar deilur á milli hans og eins af starfsmönnum staðarins. Hann hefur lagt fram kæru á hendur staðnum og hyggst leita réttar síns. Eigandi Kiki vísar ásökunum á bug.

Engar öryggismyndavélar nálægt
Í samtali við DV segist Ómar lengi hafa verið fastgestur á Kiki og vel þekktur á meðal starfsfólksins. Hann hafi verið kunningi barþjóns á staðnum en síðan hafi slest upp á vinskapi. Hann segir að deilurnar og leiðindin á milli hans og umrædds starfsmanns hafi átt einhvern þátt í því að hann varð fyrir líkamsárás á Kiki þetta umrædda kvöld.

„Þegar ég kom inn á Kiki þá fóru dyravörðirnir að elta mig út um allt og létu mig ekki í friði. Það var mjög óþægilegt. Ég ákvað þess vegna að fara til barþjónsins, af því að ég mér fannst líklegt að hann hefði eitthvað með þetta að gera. Hann fór með mig afsíðis svo við gætum spjallað saman og tók mig með sér inn í litla kompu sem er nálægt anddyrinu. Mér fannst það frekar skrítið af því að við höfðum aldrei farið þangað til að tala saman, við töluðum alltaf saman úti á reykingasvæðinu,“ segir Ómar og bætir við að inni í kompunni séu skiljanlega engar öryggismyndavélar.

„Við náðum samt eiginlega ekkert að spjalla af því að skyndilega var bankað á hurðina og ég heyrði í dyravörðunum fyrir utan. Allt í einu ruddust fjórir dyravörðir inn, ásamt konu sem starfar sem dyravörður á staðnum, en var ekki á vakt þetta kvöld. Þau lokuðu dyrunum og



þarna réðust þau öll á mig, lömdu mig í andlitid mörgum sinnum og spörkuðu í mig. Það var líka haldið fyrir muninn á mér og ég var tekinn hálstaki. Ég gat ekkert varið mig. Þú getur ímyndað þér hvernig það er að vera laminn af mönnum sem eru þjálfaðir í fangbrögðum. Ég hélt að líf mitt myndi bara enda þarna. Þetta stóð yfir í margar mínútur.“

Ómar segir að dyravörðirnir hafi síðan loksins byrjað að sleppa tökunum og draga úr barsmíðunum þannig að hann náði að losa sig. Hans viðbrögð hafi þá verið að sparka frá sér, en hann segist hafa verið ringlaður og hræddur á þessu augnabliki.


„En akkúrat þá kom lögreglan og sá þetta. Dyraverðirnir sögðu þá auðvitað að ég hefði ráðist á þá, sem er auðvitað ekki rétt.“

Læstur inni í 12 klukkustundir

Ómar var í kjölfarið handtekinn og færður í fangaklefa. Hann segir:

„Lögreglan gaf mér ekki einu sinni tækifæri á að tjá mig eða verja mér niðri á gólfinu í löggubílnum. Þetta var ótrúlega niðurlægjandi. Tveir af þeim stígu ofan á bakið á mér. Þeir gerðu grín að mér, gerðu grín að hreimnum mínum og sögðu að ég ætti að læra að tala íslensku. Ég missti allt álit á lögreglunni þarna.“

Ómar segist hafa þurft að dvelja




í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í tólf klukkustundir samfleytt, án þess að fá vott eða þurr. Hann hafi verið í miklu áfalli.

„Þegar mér var loksins sleppt þá gat ég varla talað eða gengið. Síminn var straumlaus og ég gat ekkert hringt. Ég gekk frá lögreglustöðinni og alla leið upp á Hringbraut þar sem strætóbílstjóri gaf mér far upp



Ómar Alejandro Segist hafa orðið fyrir árás fimm dyravarða.



á spítalann í Fossvogi. Ég var allur sjúkskaður og illa farinn.“

Ómar fékk áverkavottorð á bráðamóttöku en hann reyndist vera tagnaður í baki og með bólgur og marbletti víða um líkamann. Hann segist hafa liðið miklar þjáningar bæði vegna framkomu starfsfólks Kiki og vegna framkomu lögreglunnar þetta kvöld.

„Ég er greindur með kvíðaröskun og þunglyndi. Ég var beittur ofbeldi í æsku sem hefur haft mikil áhrif á líf mitt og ég hef verið í endurhæfingu vegna þess. Þetta vakti þess vegna upp margar vondar tilfinningar. Þessi árás skemmdi mjög stóran part af endurhæfingunni.“

Ómar tjáði sig um atvikið inni á lokuðum hópi á Facebook, sem ætlaður er samkynhneigðum karlmönnum. Hann segir fjölmarga hafa ritað athugasemd undir færsluna og tjáði sig um neikvæða reynslu af skemmtistaðnum Kiki.





Eigandi Kiki hafi síðan sjálfur skrifað athugasemd undir færsluna og sagt að umræddir starfsmenn yrðu sendir í leyfi þar til málið væri búið. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

„Það er mjög neikvætt viðhorf til staðarins innan „gay“ samfélagsins. Margir sem hafa upplifað áreitni, ofbeldi, hommafóbiu og leiðinlega þjónustu.“

Vill ná fram réttlæti

Ómar hefur nú lagt fram kæru á hendur Kiki og einstaklingunum fimm vegna málsins og krefst miskabóta. Aðspurður segist hann hafa drukknað áfengi þetta kvöld, en hann hafi þó alls ekki verið dauðadrukkin.

„Vinir mínir geta staðfest það. Ég hef aldrei á ævinni verið blekaður, enda finnst mér það niðurlægjandi.



Ég vil geta haft stjórn á mér. Ég er með vitni sem segjast hafa heyrt dyraverðina vera að monta sig af því að hafa náð að berja mig. Ég vil ná fram réttlæti og ég vil vara aðra við þessum stað.“

Harma atburðarásina

DV hafði samband við Árna Grétar Jóhannsson, annan eigenda Kiki, og sendi hann frá sér meðfylgjandi yfirlýsingu vegna málsins.

Yfirlýsing Kiki Queer Bar í heild sinni:

„Kiki Queer Bar er ekki og verður aldrei staður þar sem ofbeldi af neinu tagi verður liðið, hvort sem það er af hendi starfsmanna eða gesta. Við hörmum þá atburðarás sem átti sér stað umrætt kvöld en kjósum að láta lögreglu og dómstóla um að úrskurða endanlega í þessu máli, verandi rétta og hlutlaus leiðin að niðurstöðu.“

Okkar viðbrögð voru strax á þá leið að setja umrædda starfsmenn í tímabundið leyfi meðan rætt var við allt starfsfólk hússins sem var að störfum umrætt kvöld og hlýða á þeirra frásögn af aðdraganda, atviki og eftirmálum. Var þeirra samróma frásögn ekki á nokkurn hátt í samræmi við frásögn meints brotaþola.

Í kjölfarið höfum við farið í að skerpa á okkar áherslum til þess að Kiki Queer Bar geti ávallt verið sem öruggastur áfangastaður í næturlífi Reykjavíkur. Okkar markmið er og verður ávallt örugg skemmtun fyrir alla, sama hvaða rönd regnbogans okkar gestir tilheyrar.“ ■



Straumhvörf í neysluvatnsdælum




GRUNDFOS

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum


ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghális 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is





***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Leikarabörnin í Ófærð 2

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Önnur þáttaröð Ófærðar hefur haldið Íslendingum í heljargreipum undanfarin sunnudagskvöld. Eins og áður sýnist sitt hverjum um gæði þáttanna, sérstaklega handritsgerð og hljóðvinnslu, en allir eru greinilega að horfa. Á ritstjórn DV er helst kvartað yfir því að þættirnir séu ekki settir allir í einu á netið svo hægt sé að hámskorfa.

Margir af þekktustu leikurum þjóðarinnar, eins og Ólafur Darri Ólafsson, Ingvar E. Sigurðsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Ilmur Kristjánsdóttir, láta ljós sitt skína í þáttunum. Þá vekur athygli að fjölmörg „leikarabörn“ eru í burðarhlutverkum þáttaraðarinnar og ekki síst ættbogi leikstjórans sjálfs, Baltasars Kormáks. Þrjú barna hans fara með stór hlutverk í þáttunum.


Arnmundur Ernst Backman Björnsson fer með hlutverk Stefáns. Arnmundur átti aldrei séns á öðru en að verða leikari en hann er sonur leikaranna Björns Inga Hilmarssonar og Eddu Heiðrúnar Backman heitinnar. Þess má geta að faðir hans, Björn Ingi, fer með hlutverk bóndans Sturlu í þáttunum. Arnmundur útskrifaðist sem leikari frá LHÍ árið 2013 og hefur síðan tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði og hvíta tjaldinu.



Sigurbjartur Sturla Atlason fer með hlutverk fúlmennisins Skúla Ketilssonar. Sigurbjartur er sonur Atla Rafns Sigurðssonar leikara. Sigurbjartur útskrifaðist sem leikari frá LHÍ fyrir tæpu ári og lék meðal annars veigamikil hlutverk í stórmyndinni Lof mér að falla eftir Baldvin Z. Hann hefur þó ekki síður getið sér gott orð sem tónlistarmaður undir listamansnafninu Sturla Atlas.



Sóllilja Baltasarsdóttir fer með hlutverk Karólínu í Ófærð 2. Hlutverkið er ekki veigamikil en Karólína er björgunarsveitarkona sem sem tekur þátt í leit að grunuðum einstaklingi. Sóllilja, sem heitir fullu nafni Ingibjörg Sóllilja, er dóttir Baltasars og Disu Anderiman. Hún hefur ekki látið mikið fyrir sér fara fyrir framan myndavélina hingað til en listræn er hún því hún hefur meðal annars getið sér gott orð sem ljósmyndari.



Það er kannski full langt seilst að flokka Sólveigu Arnarsdóttur, hina reyndu leikkonu, sem leikarabarn en hún er það nú samt! Sólveig, sem fer með hlutverk iðnaðarráðherrans Höllu, er dóttir stórleikarans Arnars Jónssonar og leikarans og ekki síður leikstjórans Þórhildar Þorleifsdóttur. Það myndi æra óstöðugan að reyna að telja upp öll þau verk sem Sólveig hefur komið að á sínum ferli.



VEISLUR


ÁRSHÁTÍÐIR

RÁÐSTEFNUR

SKEMMTIÐAÐUR

MATSÖLUSTAÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar






et EHF. **VERSLUN**

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Gítarleikari Cannibal Corpse réðst á lögreglumann með hnífi

■ Húsið brann til grunna ■ Þrjár hauskúpur fundust ■ Íslandsvinur

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þungarokksheimurinn fékk annað áfall í desember þegar Pat O'Brien, gítarleikari dauðarokksveitarinnar Cannibal Corpse, var handtekinn. Hann braust inn og réðst á lögreglumann með hnífi. Á meðan brann heimili hans þar sem fundust tugir skotvopna af ýmsu tagi og þrjár mennskar hauskúpur. Aðeins eru nokkrir mánuðir síðan gítarleikari þungarokksveitarinnar Manowar var handtekinn fyrir vörslu barnakláms. Cannibal Corpse er Íslendingum að góðu kunn, enda heimsótti hljómsveitin landið árið 2007 og hélt tvenna vel heppnaða tónleika á Nasa.

Árás á lögreglumann og eldsvöði

Þann 10. desember síðastliðinn, fjórum dögum eftir síðustu tónleika á tús Cannibal Corpse, var O'Brien handtekinn í heimaborg sinni Tampa í Flórída-fylki. Hafði hann brotist inn í íbúðarhúsnæði nálægt Northdale-golfvelliinum og ráðist á lögreglumann sem kom á vettvang innbrotsins. Ekki hefur verið gefið upp hverjir búa í húsnæðinu en O'Brien kom inn í íbúðina óboðinn um klukkan 19. Þegar kona sem býr í íbúðinni skipaði honum að fara út hrinti hann henni í gólfið. Eftir að búið var að hringja í lögregluna fór O'Brien út í bakgarðinn og faldi sig þar.

Lögreglumenn mættu á staðinn og skipuðu O'Brien að koma úr felum. Þá stökk hann á lög-

Cannibal Corpse Bassaleikarinn Alex Webster og söngvarinn George Corpsegrinder.



regluþjón með hníf á lofti en lögregluþjónninn skaut hann með rafbyssu og gerði óvígna. Var hann í kjölfarið handtekinn og færður á lögreglustöð.

Á sama tíma og þetta var að gerast barst slökkviliði borgarinnar tilkynning um að mikill eldur hefði brotist út í nágrenninu. Reyndist það vera í húsnæði sem O'Brien hafði á leigu. Strax var ljóst að töluvert magn af skotvopnum og eldvörpum var í húsnæðinu en eldurinn var svo mikill að ekki var hægt að meta umfangið samtundis.

Þann 11. desember var O'Brien leiddur fyrir dómara. Úlnliðir hans og ökkjar voru hlekkjaðir saman og hann klæddur í sérstakt vesti til að koma í veg fyrir að hann gæti framið sjálfsvíg. Dómari ákvað að lausnargjaldið yrði fimmtíu þúsund dollarar, eða tæpar sex milljónir króna, en krafðist þess að O'Brien gengist undir lyfjapróf áður en honum yrði sleppt. Var hann síðan ákærður fyrir að ráðast á lögreglumann með banvænu

vopni og innbrot. Fyrir þessi tvö brot gæti O'Brien átt yfir höfði sér lífstíðardóm í fangelsi.

Tvær Uzi-byssur og þrjár hauskúpur

Dauðarokkarar mala sjaldnast gull eins og poppstjórnur og því átti O'Brien ekki fyrir tryggingargjaldinu. Deana Mazurkiewicz, eiginkona trommara bandsins, kom á fót hópsöfnun fyrir hann. Hún sagði:

„Pat er ekki með tryggingu og hann tapaði öllu sem hann átti. Þessi söfnun mun hjálpa honum að ná bata og kaupa helstu nauðsynjar.“

Þremur dögum eftir úrskurðinn hafði safnast nóg og O'Brien var sleppt úr varðhaldi. Þá hafði



Pat O'Brien Handtekinn í desember.

Pat er nú hjá fjölskyldu og vinum og hyggst snúa aftur til starfa á einhverjum tímamarki

eldurinn loks verið alveg slökktur og hægt að meta ástandið á heimilinu. Slökkviliðsmenn fundu þá gifurlegt magn af skotvopnum.

Sumt var í læstum hirslum og grunur lék á að þar væri sprengiefni. Af byssum fundust fimmtíu haglabbyssur, tíu hríðskotarífflar, tvær Uzi-byssur, tuttugu skambbyssur og tvær eldvörpur. Einnig fundust þúsundir skotfæra og mörg önnur vopn, sum ólögleg og O'Brien ekki með leyfi fyrir öllum hinum. Það undarlegasta sem fannst voru hins vegar þrjár hauskúpur úr mannfólki.

Þann 20. desember sendi Cannibal Corpse frá sér eftirfarandi yfirlýsingu varðandi handtöku O'Brien:

„Sem hljómsveit og einstaklingar viljum við ekkert nema það besta fyrir Pat, bróður okkar og félag. Við getum ekki gefið frekari upplýsingar um atvikið en við viljum láta alla vita að Pat er að fá þá aðstoð sem hann þarfnast og hann kann að meta þann stuðning sem hann hefur fengið frá aðdáendum Cannibal Corpse víðs vegar um heiminn. Pat er nú hjá fjölskyldu og vinum og hyggst snúa aftur til starfa á einhverjum tímamarki.“

Flösu þeytt á Nasa

Cannibal Corpse var stofnuð í desember árið 1988 í Tampa en Pat O'Brien gekk til liðs við sveitina árið 1997. Hann hafði áður verið í sveitum á borð við Nevermore og

Monstrosity. Cannibal Corpse var þegar orðið eitt af tveimur stærstu dauðarokksböndum heims, ásamt Deicide, en O'Brien var strax talinn efla bandið til muna. Á fyrstu plötunni eftir að hann kom í bandið var hann farinn að semja lög.

Hljómsveitin spilar þétt dauðarokk og er bæði þekkt og alræmd fyrir viðurstygglega texta, lagatitla og myndskreytingar á plötum. Meðal laga þeirra má nefna „Entrails ripped from a virgin's cunt“, „Necropedophile“, „I cum blood“ og „Fucked with a knife.“ Þeir hafa hins vegar látið það vera að fremja guðlast eins og félagar þeirra í Deicide gera óspart. Plötur Cannibal Corpse hafa oft verið bannaðar í hinum ýmsu löndum og hljómsveitinni meinað að koma fram á tónleikum. Til dæmis í Rússlandi þar sem rétttrúnaðarkirkjan taldi tónlist þeirra hvetja til voðaverka og kynbrenslunar.

Árið 2007 kom Cannibal Corpse til Íslands og hélt tvenna vel heppnaða tónleika á Nasa við Austurvöll. Voru aðrir fyrir átján ára og eldri en hinir opnir öllum aldurshópum. Meðal þeirra íslensku banda sem hituðu upp voru Mínus, Severed Crotch og Changer. Greinarhöfundur var viðstaddur aðra tónleikana og staðfestir að sjaldan eða aldrei hefur flösu verið þeytt af jafn mikilli ákefð hér á landi. ■

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is



ÚTSALAN

ER HAFIN

**20-70%
AFSLÁTTUR**



**MEDIREST RÚM 160 CM
40% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 203.760
MEÐ 40% AFSLÆTTI 122.256

STILLANLEG HEILSURÚM FRÁ 264.065 Á ÚTSÖLUNNI



SÓFAR

**20-60%
AFSLÁTTUR**

Brömdby sófi
Verð með 60% afslætti: 49.960 kr.
Verð áður 124.900 kr.



STÓLAR

**20-50%
AFSLÁTTUR**

Amadeus ruggustóll
Verð með 40% afslætti: 35.340 kr.
Verð áður 58.900 kr.



**20-70%
AFSLÁTTUR**

LJÓS OG LAMPAR

Frábært úrval af ljósum og lömpum




HANDKLÆÐI

**20-70%
AFSLÁTTUR**

50x100cm
Verð með 70% afslætti: 417 kr.
Verð áður 1.390 kr.


70x140cm
Verð með 70% afslætti: 897 kr.
Verð áður 2.990 kr.



FATAEFNI

**20-70%
AFSLÁTTUR**

Mikið úrval fataefna á útsölnni.



PÚÐAR

**20-60%
AFSLÁTTUR**

Margar gerðir og stærðir.

**EKKI LÁTA ÞETTA EINSTAKA
TÆKIFÆRI FRAMHJÁ ÞÉR FARA**

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



SVARAR EKKI Í TREKUÐUM FYRIRSPURNUM

■ Heiðursformaður KSÍ virðist ekki hafa áhuga á að ræða við fjölmiðla í eigu Frjálsrar fjölmiðlunar

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Það stefnir í harða baráttu þegar kosið verður til formanns Knattspyrnusambands Íslands, í byrjun næsta mánaðar. Þar mun Guðni Bergsson, sitjandi formaður, takast á við Geir Þorsteinsson, heiðursformann KSÍ og fyrverandi for-

mann og framkvæmdarstjóra KSÍ. Tvö ár eru síðan Geir lét af störfum. Hann vildi ekki fara í baráttu við Guðna sem þá sóttist eftir starfinu og Björn Einarsson sem laut í lægra haldi gegn Guðna. Framboð Geirs hefur vakið athygli, hann var nokkuð umdeildur í starfi en gerði margt gott fyrir fótboltann hér á landi. Eftir tvö ár á hliðarlínunni vill Geir aftur inn í starfið, en hvað býr að baki?

Ómögulegt að ná í Geir

Blaðamaður hefur frá því á mánudag reynt að ná í Geir, tugir símtala, fjöldi skilaboða og tölvupóstur hafa borist til hans. Hringt hefur verið úr mismunandi símanúmerum, þótt ekki væri nema til að fá ástæðu þess að hann neiti að ræða við blaðamanninn sem þetta skrifar eða fjölmiðilinn í heild. Geir hefur iðulega tekið upp tólið þegar undirritaður hef-

ur hringt, eitthvað hefur breyst í þeim efnum á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan hann lét af starfi formanns, þótt samskiptin hafi ekki verið nein á þeim tíma. Þeim ástæðum er hins vegar ómögulegt að átta sig á, enda eitthvað sem Geir hefur ekki viljað útskýra þrátt fyrir óskir þess efnis.

Er Geir kandídat ÍTF?

Áður en Geir bauð sig fram, var orðrómur þess efnis farinn að kvisast. Strax fóru að berast sögur um að hann væri kandídat

ÍTF, sem eru hagsmunasamtök félaga í efstu tveimur deildunum á Íslandi. Geir hefur neitað þeim sögum en þær eru lífseigar. ÍTF hefur verið sá aðili sem hefur gagnrýnt starf KSÍ í stjórnartíð Guðna. Málflutningur Geirs í öðrum miðlum bendir til að hann sé að reyna sækja atkvæði sín einna mest í þeirra raðir. Eins og áður hefur komið fram gat blaðamaður ekki fengið svör frá Geir um það mál eða önnur sem fólk hefur áhuga á. ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smíðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

SPURNINGAR SEM ÁTTI AÐ LEGGJA FYRIR GEIR?

Af hvaða hugsjón vilt þú aftur koma inn í starf formanns KSÍ?

Þú hefur verið á hliðarlínunni í tvö ár, hvaða vondu ákvarðanir hefur KSÍ tekið á þeim tíma?

Þú starfaðir hjá sambandinu í rúmlega 20 ár, þú talaðir á dögunum um að íslensk knattspyrna væri ekki á góðum stað. Berð þú ekki mikla ábyrgð á því eftir allan þinn tíma í starfi?

Er edlilegt að þú hafir þurft að taka skref til baka til að sjá að KSÍ væri á vöndri vegferð, eins og þú heldur fram? Í stað þess að sjá það í starfi þínu öll þessi ár og grípa í taumana?

Þú talaðir um að gera þyrfti breytingar hjá KSÍ, hvaða breytingar eru það?

Þú ert sagður vera maðurinn sem ÍTF (Íslenskur toppfótbolti) vill fá í starfið, ertu þeirra frambjóðandi? Er frambod þitt tengt við ÍTF?

KSÍ hefur lagt til um 400 milljónir króna til aðildarféлага sinna á þessu ári, þarf að auka þá fjármuni?

Þú ert á leið í baráttu við Guðna Bergsson, sem er sitjandi formaður. Ertu sigurviss?

Í tíð þinni sem formaður komu upp erfið mál, áttu von á því að þau verði notuð til að koma á þig höggi í baráttunni sem fram undan er?



FARTÖLVUR
ALLT AÐ
26%
AFSLÁTTUR



TÖLVUSKJÁIR
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR



GAGNAGEYMSLUR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR



LYKLABOÐ
OG TÖLVUMÝS
ALLT AÐ
10.000
AFSLÁTTUR



TÖLVUR
ALLT AÐ
40.000
AFSLÁTTUR



HEYRNARTÖL
OG HÁTALARAR
ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR



TÖLVUÍHLUTIR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI! ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM



PRENTARAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR



NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
48%
AFSLÁTTUR

tl.is



SKJÁVARPAR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR



SKJÁKORT
ALLT AÐ
20.000
AFSLÁTTUR

**TÖLVU
LISTINN**

„Ég brosi í ge... – Fegurðardrottning

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Fegurðarsamkeppnir hafa farið fram á Íslandi frá því árið 1950 þegar fyrsta Ungfrú Ísland-keppnin var haldin í skemmtigarðinum Tívoli í Vatnsmyrinni. Aðgangseyrinn átti að nota til hinna ýmsu verkefna, meðal annars til að lagfæra lóðina í kringum Íðnó.

Sigurveggarar keppninnar (eða aðrar hlutskarpar stúlkur) hafa síðan farið og keppt í keppnum

erlendis, eins og Ungfrú Heimur, Ungfrú Evrópa, Ungfrú Skandinavía, Ungfrú Alheimur og Miss International.

Fegurð íslenskra kvenna er rómuð um allan heim og eigum við fallægustu konur í heimi, sé miðað við hina alþekktu höfðatölu. Árangur fegurðardrottninga okkar erlendis staðfestir það, til dæmis þrjár Ungfrú Heimur. Hér eru til taldar nokkrar af fegurstu konum fyrri ára.



Sú fyrsta

Kolbrún Jónsdóttir myndhöggvari var fyrsta Ungfrú Ísland, 1950. Fyrir kjörð hafði hún hlotið fyrstu verðlaun í myndhöggvaralist við Mills College í Kaliforníu þar sem hún lærði höggmyndalist. Kolbrún lést árið 1971.



Sú myndvæna

Sigríður Geirsdóttir vann keppnina 1959, ári síðar varð hún í þriðja sæti og vann titilinn Miss Photogenic í fyrstu Miss International-keppninni.

Alheimsfegurð

Þrjár Ungfrú Heimur-titlar hafa fallið íslenskum fegurðardrottningum í skaut.

Sjálfstjórn og hlýtt hugarþel mikilvægast

— Fyrir hina nýja ungrú heim, sagði Julia Morley



Úrslitin kunn í Fegurðarsamkeppni Íslands 1985. Eftir til vinstri Helga Melsted, ungrú Reykjavíkur 1985. Stjandi frá vinstri: Hólfríður Karlsdóttir, er varð númer tvö, Hella Bryndis Jónsdóttir, fegurðardrottning Íslands 1985, og Sif Sigfúsdóttir er varð númer þrjú. Fyrir aftan Sif er Hella Einarasdóttir frá Vestmannaeyjum — en yst til hægri hvíslast þeir á, Rod Stewart og David Óðason. DV-myndir: GVA.

Hólfríður Karlsdóttir (árið 1985) var hvorki kjörin Ungfrú Reykjavíkur né Ungfrú Ísland, en hún lenti í 2. sæti í keppninni. Hún fór hins vegar fyrir Íslands hönd í Ungfrú Heimur og vann eftirminnilega. Hófi dró sig alfarið úr sviðslíðinu um leið og hún skilaði kórónunni, hún vann sem leikskólakennari þegar hún vann titilinn og sneri aftur í það starf og sinnir því enn.



Linda Pétursdóttir (árið 1988) var kjörin Ungfrú Austurland og Ungfrú Ísland, og sigraði síðan í Ungfrú Heimur. Leið Lindu lá síðan í heilsugeirann, hún stofnaði Badhúsið, heilsurækt fyrir konur. Í haust tók Linda við stjórn Miss World á Íslandi og valdi fulltrúa Íslands í keppninni sem fór fram í Kína í desember.



Unnur Birna Vilhjálmsson (árið 2005) var kjörin Ungfrú Reykjavíkur og Ungfrú Ísland. Móðir hennar, Unnur Steinsson, var Ungfrú Ísland 1983, þá gengin þrjú mánuði á leið með Unni Birnu. Unnur Birna lærði síðan lögfræði og starfar í dag sem lögfræðingur.

Völuteigi 19 Mosfellsbæ Simi 660 0038

MOSFELLSBÆR

Svefn & heilsa ★★★★★

2.-12. jan.

RISA

LAGERSPRENGJA

Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Takmarkað magn!

20-70%

Ungfrúum tárin

Þar fyrr og nú

Frá fegurð í sviðsljósið

Margar þeirra sem tóku þátt í fegurðarsamkeppnum völdu að vera áfram í sviðsljósinu, en þó á öðrum vettvangi. Sem dæmi má nefna Bryndísi Schram (1957) sem varð landsmönnum að góðu kunn sem umsjónarkona Stundarinnar okkar, leikkona og sendiherrafrú með meiru, Hrafnhildi Hafsteinsdóttur (1995) sem

er í dag framkvæmdastjóri FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu, Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur (2001) sem gerðist fjölmiðlakona áður en hún dró sig í hlé, Manuelu Ósk Harðardóttur (2002) sem er í dag eigandi Miss Universe á Íslandi og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur (2003) fjölmiðlakonu.



Hrafnhildur Hafsteinsdóttir



Bryndís Schram



Manuela Ósk Harðardóttir

Morgunblaðið 20.04.2002/skjáskot timarit.is



Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir



Þrjár þær fegurstu. Tinna Alavis, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Regína Dilljá Jónsdóttir.



Ungfrú Hollywood Ólafur Laufdal skemmtistaðakonungur rak skemmtistaðinn Hollywood í Ármúla 5, frá 2. mars 1978 til 1987. Staðurinn var mjög vinsæll og oftast smekkkfullur, sérhæfði hann sig í diskótónlist, tiskusýningum og glamúr. Fegurðarsamkeppnin Ungfrú Hollywood var haldin 1979–1990 og síðasta fegurðardrottningin sem valin var þar, var Elín Reynisdóttir, sem í dag er föröunardama á RÚV.



Miss Universe Árin 1956–2016 kepptu stúlkur úr Ungfrú Ísland í Miss Universe. Árið 2016 varð keppnin sjálfstæð keppni hér heima undir stjórn Manuelu Óskar Harðardóttur, sem valin var Ungfrú Ísland 2003, hún varð í 2. sæti í Ungfrú Skandinavía en tók ekki þátt í Ungfrú Heimur vegna veikinda. Meðeigandi og meðstjórnandi hennar er Jorge Esteban. Þrjár stúlkur hafa unnið keppnina: Hildur María Leifsdóttir (2016), Arna Ýr Jónsdóttir (2017), sem var valin Ungfrú Ísland tveimur árum áður, og Katrín Lea Elenudóttir (2017).

UMHVERFISVÆNI RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**
www.igf.is

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is



Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll víðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Maður áhrifa

Sævar Helgi Bragason, stjórnun-áhugamaður Íslands númer eitt, er heldur betur að sanna sig sem maður áhrifa. Fyrir ári stóð hann einn upp og mótmælti flugeldum, sem kom illa við kaunin á mörgum. Ári síðar stókk fjöldi fólks á vagninn og sleppti því að kaupa flugelda. Eða plöntuðu trjám til stuðnings björgunarsveitunum eins og Sævar mælti með. Sævar hefur mikla innstæðu hjá þjóðinni, einstaklega fróður, vel þokkaður og máli farinn. Þar að auki hefur hann þann einstaka hæfileika að fá fólk til að fá áhuga á umhverfismálum. Hingað til hafa margir talað fyrir daufum eyrum í þeim málaflökki. Óvíst er hvort Sævar hefði áhuga á að beita sér með beinum hætti í stjórnmálastarfi og þurfa þá að óhrænka sig í þeim pytt. Þar myndi hann hins vegar hafa mest áhrif og myndu flokkarnir, sérstaklega Vinstri græn, Samfylkingin og Píratar bítast um að fá hann til liðs við sig.

Ásgeir í Seðlabankann?

Skipunartími **Más Guðmundssonar** seðlabankastjóra rennur út á þessu ári og líta margir hagfræðingar hýru auga til embættisins. Ólíklegt þykir að núverandi stjórn ráði pólitískan bankastjóra. Slíkt yrði einfaldlega of eldfimt. Einn af þeim sem hafa minnt á sig í umræðunni er **Ásgeir Jónsson**, dósent við Háskóla Íslands. Hefur hann meðal annars talað fyrir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið yrðu sameinuð að nýju. Skipun Ásgeirs gæti verið góð lending fyrir stjórnarflokkana. Hann þykir hneigjast til hægri en hefur samt tengingar til vinstri þar sem faðir hans, **Jón Bjarnason**, var ráðherra Vinstri grænna. Þar að auki er Ásgeir lítt umdeildur.



Þeir eru hinar glötuðu sálir

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Mér skilst að austur á Litla-Hrauni sé ástandið að nálgast suðumark. Og þar eru fleiri vondir hlutir að gerast. Eiturlyfjaneyslan vex og það er ekkert gert til að sporna gegn henni. Það er ekkert gert til þess að takast á við daglegt líf. Sjórnarmið dómsmálaráðherra og fangelsismálastjóra virðist vera einfalt: Þetta eru og verða glæpamenn.

Þessi klausa er úr leiðara Hrafns Jökulssonar í *Alþýðublaðinu*, 6. mars árið 1996. Leiðara um bagalegt ástand í fangelsismálum sem Hrafn var kærður fyrir að birta en hann hafði sigur fyrir dómi. Tuttugu árum og tveimur betur hefur lítið sem ekkert breyst. Á aðeins tæpum þremur árum hafa þrjú fangar fyrirfarið sér í fangelsinum landsins. Á Kvíabryggju, fangelsinu á Akureyri og nú á Litla-Hrauni. Við leyfum Hrafn að fá orðið aftur.

„Á Litla-Hrauni fer hins vegar fram stórfelld framleiðsla á



harðsoðnum glæpamönnum. Óharðnaðir unglingar ganga í akademíu sfbrotamanna og vona að einhvern tíma öðlist þeir sjálfir doktorsnafnbót í glæpamennsku. Sálfræðilegri eða félagslegri aðstoð er ekki fyrir að fara nema í mýflugumynd. Mér er sagt að fangapresturinn geri sitt besta, en hann má sín ekki mikils, af því að hið opinbera lítur ekki á heimilismenn á Litla-Hrauni sem borgara í samfélaginu. Þeir eru hinar glötuðu sálir.“

Í dag er fólk með geðsjúkdóma og fíknisjúkdóma vistað í fangelsinum landsins. Það er lítið amast við

því að fólk með þessa sjúkdóma heyri undir dómsmálaráðuneytið en ekki heilbrigðisráðuneytið. Það er þægjandi samþykkt. Ekki nóg með það þá eru algerlega óviðunandi sálfræðimeðferðir og geðlæknisþjónusta í boði.

Fyrir tveimur árum sagði Haraldur Erlendsson, geðlæknir á Litla-Hrauni, starfi sínu í fangelsinu lausu. Ástæðan var sú að hann gat ekki einn sinnt öllum föngunum. Vandamálin þar inni voru mörg og mismunandi. Fíkn, þunglyndi, persónuleikaröskun, kvíði, athyglisbrestur og fleiri sjúkdómar. Mikil sjálfsvígshætta og áhætta

á andlegum vandamálum tífföld miðað við það sem gengur og gerist úti í samfélaginu. Litla-Hraun er ekki einsdæmi. Þegar fangi svipti sig lífi í fangelsinu á Akureyri vorið 2017 hafði sálfræðingur ekki stigið þar inn fæti í tvö ár. Þetta er gömul saga og ný. Helsta vandamálið er að þessir einstaklingar eiga ekki að vera þarna inni heldur á viðeigandi stofnunum og hljóta viðeigandi meðferð.

Þessi harmur sem birtist okkur fréttum um sjálfsvíg fanga er auðvitað aðeins angur af því allsherjar klúðri sem íslensk geðheilbrigðismál eru. Við sem samfélag erum ítrekað að bregðast veiku fólki. Við vitum öll innst inni að þessi mál eru ekki í lagi, margoft hefur verið bent á þetta í fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og annars staðar.

Það þarf að taka allt geðheilbrigðiskerfið til gagnarráðgjafar og dómskerfið samhliða því. Veikt fólk á ekki heima í lokuðu rými með ofbeldismönnum, nauðgurum og harðsvíruðum glæpamönnum. Þangað til yfirvöld skilja það mun ekki líða á löngu þar til önnur harmafregn úr fangelsum landsins birtist. ■

Æsingur vikunnar:

Manuela og 1

Æsingur vikunnar að þessu sinni varð út frá Instagram-sögu Manuelu Óskar Harðardóttur, fegurðardrottningar og athafnakonu, á mánudaginn. Þar sagðist hún ekki sátt við fylgjendur sína og sagði það „fáránlegt!“ að fylgja henni en ekki setja „like“ við myndina. Fjölmiðlar gripu þetta á lofti, þar á meðal Bleikt sem notaði fyrirsögnina: „Manuela Ósk ósátt við glápara: „Þetta er svo shitty.“

Fréttin, sem innihélt skjáskot af Instagram-síðu Manuelu, vakti mikla athygli. Fyrir neðan mátti lesa ótal athugasemdir, í flestum tilfellum var hæðst að Manuelu og þeirri gervipörf að fá „like“ á það sem er deilt á samfélagsmiðlum. Allar grófar athugasemdir um hana voru fjarlægðar en að lokum þurfti að loka athugasemdakerfinu. Rúmum klukkutíma eftir að fréttin birtist voru komnir brandarar um málið í deilingu á samfélagsmiðlum.

Manuela brást illa við netmiðinu og athugasemduum. Í yfirlýsingu á Instagram sagði hún engan eiga slíkt skilið og aðeins hefði verið um að ræða „spjall“ við fylgjendur sína en ekki lesendur fjölmiðla. Yfirlýsingin var birt á Bleikt sama kvöld. Daginn eftir, þriðjudag, var Manuela í viðtölum á K100 og á FM957. Í viðtölunum þvertók hún fyrir að leyfa „like“-um á samfélagsmiðlum að stjórna lífi hennar og þetta hefði verið hugsað sem hugleiðing á hennar eigin síðu. Fjallaði hún svo meira um málið á Snapchat á þriðjudaginn.

Æsingurinn var að mestu leyti búinn eftir hádegi á þriðjudag fyrir utan nokkra brandara á samfélagsmiðlum um sárindi við að fá ekki nógu mörg „like“ á færslur sínar. Það síðasta sem heyrðist af stóra Manuelumálinu var í slúðurdálki Viðskiptablaðsins sem kom út á fimmtudag, þar var fyrsta frétt málsins reifuð í grófum dráttum og sagt að það væri ekki alltaf sældarlíf að vera áhrifavaldur. ■

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is

Spurning vikunnar

Hvernig finnst þér Ófærð?



Iðnaður er unnaður

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

INGVASYNIR:

Flytja hvað sem er hvert á land sem er

Fyrir rúmlega ári fóru þeir bræður Þórir Már og Ármann Ingi Ingvasynir í rekstur á flutningafyrirtækinu Ingvasynir. „Við byrjuðum í raun bara á tveimur jafnsterkum, en svo vatt þetta fljótt upp á sig. Næst fjárfestum við í vörubíl og svo „pickup“. Við höfum aldrei farið fram úr okkur enda erum við varkárir í eðli okkar. En á rúmu ári höfum við stækkað ótrúlega mikið vegna þess að menn hafa hent reiður á hvað við erum traustir og snöggir að leysa verkefni,” segir Þórir.

Flytja allt milli himins og jarðar

Ingvasynir eru þekktir fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð og gefa fast verð í alla flutninga. Þeir taka að sér hvers kyns flutninga, hvort heldur er á bílum eða öðrum hlutum, hvert á land sem er. Þeir bræður búa enn fremur yfir margra ára reynslu í akstri úti á landi.

„Okkar aðalstofnæð eða grunnrekstur er í bílaflutningum, en við getum í raun flutt næstum hvað sem er. Við höfum yfir að ráða vörubíl með úrvali af vögnum og tvo „pickupa“ með vagna. Þannig að við höfum líka verið í malarflutningum, flutningi á ýmiss konar vinnuvélum og mörgu fleiru,” segir Þórir.

Lítið en lipurt flutningafyrirtæki

Ingvasynir er ekki stórt fyrirtæki, en samt sem áður er ekkert verkefni of stórt fyrir þá. „Við erum í samstarfi við fjöldann allan af öðrum fyrirtækjum og erum alltaf tilbúnir í samstarf við ný fyrirtæki. Ef svo fer að viðskiptavinur kemur með verkefni til okkar sem við sjáum okkur ekki fært að framkvæma vegna tíma eða annars, þá veitum við þeim verkefnum í öruggan farveg til réttra aðila. Okkar mottó er að leysa öll verkefni eins hratt, lipurlega og vel og unnt er, með öllum nauðsynlegum leiðum,” segir Þórir.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Ingvasynir ehf. Bílaflutninga og Verktakaþjónusta
Sími: 866-7739 ■





CARWASH.IS:

Bíllinn verður eins og nýr

Pað ættu allir að þekkja mikilvægi þess að halda bílunum hreinum og lakkinu í góðu standi, enda gerir gott ástand á bílalakki manni töluvert auðveldara með almenn þrif auk þess sem það er einfaldlega skemmtilegra að keyra glansandi fina bifreið en grútskítuga. „Við hjá **CARWASH.IS** höfum áratuga reynslu í mössun og þrifum á bílum. Okkar metnaður liggur í því að skila af okkur glansandi finum og hreinum bílum og að viðskiptavinurinn aki ánægður og stoltur í burtu,“ segir Gregory Jansson, eigandi **CARWASH.IS**.

Bíllinn verður eins og nýr

CARWASH.IS er nú flutt í glæsilegt og snyrtilegt húsnæði að Malarhöfða 2 í Reykjavík. „Þar erum við með fyrsta flokks aðstöðu til þess að bjóða upp á fyrirtaks þjónustu á hreinsun og bónun bíla. Við bjóðum meðal annars upp á djúphreinsun á sætum, teppum og loftklæðningu í bifreiðum. Við náum öllum blettum úr sætum og öll ólykt er einnig á bak og burt. Bíllinn verður alveg eins og nýr að innan.“

Við bjóðum einnig upp á hraðmössun eða lakkmössun sem skilar bílnum alveg glansandi finum. Það skemmir ekki fyrir að það verður svo töluvert auðveldara að þrifa bílinn að utan í kjölfarið. Óhreindin einfaldlega renna af. Svo erum við með tjöruhreinsun, alþrif, vélarþvott og margt fleira. Þú kemur bara til okkar og við metum bifreiðina, hvað þarf að gera, og við gefum verðhugmynd,“ segir Gregory.

Nýir bílar þurfa líka ást

CARWASH.IS býður einnig upp á meðferðir fyrir nýja bíla. „Margir gera sér ekki grein fyrir að það þarf líka að hugsa vel um nýja bíla. Við mælum oftast með hraðmössun og/eda bryngjávörn fyrir nýja bíla. Bryngjávörn ver lakkid á nýjum bílum fyrir tjöru og er allt að 12 mánaða ending á vörninni. Við mælum einnig með hraðmössun á bílum sem eru allt niður í ársgamli, sérstaklega ef þeir hafa alltaf verið þrifnir með kústi. Við hraðmössun endurheimtist upprunalegur litur lakkisins þar sem grunnar rispur í lakkinu eru fjarlægðar. Árangurinn er sá að bónið á bílnum endist lengur og bíllinn er þægilegri í þrifum,“ segir Gregory.




Tandurhreinar fyrirtækjabifreiðar

„Við erum einnig með stórsniðugar lausnir fyrir fyrirtæki sem reka margar bifreiðar handa starfsmönnum sínum. Þá gerum við þjónustusamninga um regluleg þrif á bílunum. Bílarnir eru alltaf tandurhreinir og í toppstandi og frábær auglýsing fyrir fyrirtækið. Það er fátt verri auglýsing fyrir fyrirtæki en skitugur og mattur bíll,“ segir Gregory.

Malarhöfði 2, 110 Reykjavík.
Nánari upplýsingar má nálgast á www.carwash.is og Facebook-síðunni **CARWASH.IS**

Sími: 571-3050
Netfang: info@carwash.is
Opíð er alla virka daga frá 09-18 og laugardaga eftir pöntun. ■





Aukin þægindi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga

Ef þú ert sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur þú örugglega velt fyrir þér hlutum á borð við reikningagerð, virðisaukaskatt, launatengd gjöld og skil á opinberum gjöldum.

Hjá mörgum getur það verið yfirþyrmandi og tímafrekt verkefni að þurfa að passa upp á þessa þætti í hverjum einasta mánuði. Hjá þjónustunni Payday er hægt að leysa vandamálið með einföldu en öflugum kerfi sem er sérsníðið að þörfum sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þjónustan sér sjálfkrafa um skil á launatengdum gjöldum.



Payday er hvort tveggja í senn, hugbúnaður og þjónusta. Um er að ræða lausn fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem selja út vinnu sína og/eða þjónustu og gerir notendum kleift að halda utan um allt sem viðkemur launagreiðslum og reikningum á einum stað.

Payday gefur út reikninga, stofnar þá í heimabanka greiðanda, sér til þess að allar lögbundnar greiðslur séu inntar af hendi til þar til bærra aðila og auðveldar notendum að halda utan um og hafa yfirsýn yfir stöðu rekstrarins hverju sinni. Mikið er lagt upp úr því að hugbúnaðurinn sé notendavænn og sem einfaldastur í meðförum.

Það tekur aðeins örfáar mínútur að stofna aðgang að Payday, að því loknu getur þú byrjað að senda reikninga eða greiða þér út laun. Það er ekki jafn flókið að halda utan um reksturinn og þú hefur haldið til þessa, Payday sér til þess.

Payday veitir þér þá yfirsýn yfir reksturinn sem þig hefur alltaf dreymt um. Með auðveldum hætti sérðu hvað þú átt útistandandi í ógreiddum reikningum, hverjar tekjurnar eru í hverjum mánuði, hvað þú greiðir í skatt og hvað er til ráðstöfunar. Með þessu móti ættir þú að verða öruggari með reksturinn og þá um leið verða ákvarðanir tengdar rekstrinum auðveldari.

Þú þarft ekki lengur að muna



hvenær það eru skil á staðgreiðslu eða lífeyrissjóðsgreiðslum, Payday passar upp á það fyrir þig. Payday passar upp á að allt sé í skilum á réttum tíma og kemur þannig í veg fyrir óþarfa kostnað og áhyggjur. Framtíðarsýn Payday er sú að bókhald verði sjálfvirkara með hjálp gervigreindar. Þannig verður

hægt að lesa sjálfvirk inn reikninga og kvittanir sem bókaðar eru sjálfkrafa inn í kerfið og stemmdar af með beintengingum við bankareikninga fyrirtækja.

Payday hefur unnið Nordic Startup Awards 2018 á Íslandi sem besta FinTech Startup. Þess má einnig geta að þjónustan náði

mikilvægum áfanga við síðustu uppfærslu í desember. Núna er fyrirtækjum með fleiri en einn starfsmann boðið upp á stóru áskriftarleiðina okkar (sem nefnist Allur pakinn). Þessi breyting opnar á alveg nýjan markhóp sem eru örfyrirtæki og lítil fyrirtæki. ■

WÜRTH:

Gæðin oft ódýrari þegar upp er staðið

Þegar allt kemur til alls eru það gæðin sem gilda, og við berjumst ekki á lágvöruverðsgrundvelli. Við leggjum alla áherslu á gæðin," segir Haraldur Leifsson, framkvæmdastjóri Würth.

Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og hefur þar af leiðandi þjónustað viðskiptavinum sína í 31 ár. Fyrirtækið er hluti af hinnu alþjóðlegu Würth-samsteypu en hún samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum, með um það bil 77 þúsund starfsmenn. Viðskiptamódel Würth er nokkuð sérstætt, eins og Haraldur Leifsson segir frá. Á þessum bæ er algert grundvallaratriði að eiga fyrir hlutunum. Arðsemiskrafan er hófstíllt frá hendi samsteypunnar og ekki er leyfilegt að taka einhverja sénsa í rekstrinum, eins og Haraldur segir. Það er mikill agi og náði fylgst með rekstrinum. Þessi nálgun hefur skilað Würth á Íslandi í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi, fjögur ár í röð.

Allt sem þarf til að koma hlutunum saman

„Würth á Íslandi er dæmigerð starfseining fyrir samsteypuna og í raun erum við öll að gera það sama," segir Haraldur, spurður um fyrirtækið hér á landi í samanburði við það sem erlendis þekktist. „Við erum að selja lausnir fyrir iðnaðarmenn, verkfæri, efnavöru, festingar, bilahreinsivörur, vinnufatnað og í raun allt sem þarf til að koma hlutunum saman."

Til marks um umfang starfseinnar er sú staðreynd að samsteypan er alls með um 125 þúsund vörunúmer og fyrirtækið á Íslandi er með um 9 þúsund slík. „Fjöldi, stærð og velta eru hlutir sem skipta ekki öllu máli í samhenginu. Ef það verða frávik frá væntri afkomu þarf maður að útskýra hvernig á þeim stendur, standa skil á því gagnvart samsteypunni. Það er lagt upp úr því að starfsumhverfið sé gott, starfsmenn séu ánægðir og allir séu að sinna sínu. Þá eru allir hamingjusamir," bætir Haraldur við.

Fyrirtæki þjónustud með persónulegum hætti

Haraldur bendir enn fremur á að Würth sé með mottó sem fangi í raun það sem fyrirtækið vilji standa fyrir. Það eru gæði, hraði og þjónusta. „Þetta er markmið fyrirtækisins á heimsvísu. Gæðin eru númer eitt, tvö og þrjú; hraðinn á að vera með þeim hætti að ef verktaka vantar eitthvað frá okkur þá fær hann það mjög fljótt, og loks að þjónustan sé hundrad prósent og með þeim hætti að viðskiptavinir komi alltaf aftur."

Það kemur á daginn að fyrirtækið er um margt sérstakt og rekstrarformið án hliðstæðu hér á landi. „Starfsemin gengur út á það að helmingurinn er sölumenn og þeir fara að heiman frá sér á morgnana og sinna sínu tiltekna sölusvæði. Hver þeirra er með á bilinu 70–150 fyrirtæki á sinni könnu. Sölmennirnir þjónusta þessi fyrirtæki með persónulegum hætti, fara til þeirra og skoða lagerstöðuna hverju sinni hjá viðkomandi fyrirtæki. Þar fylja þeir á eftir



þörfum, kynna nýjungar og eru bara í viðvarandi þjónustu. Fyrirtækin þurfa þá ekki að vera senda menn hingað og þangað um bæinn að sækja hluti. Þvert á móti þá komum við til fyrirtækjanna og sjáum til þess að staðan sé ávallt góð." Heimsóknir sölumanna eru þar af leiðandi snar þáttur í starfseminni, eins og Haraldur útskýrir; reksturinn snýst í raun alfarið um það að þjónustufulltrúi selur fyrirtækjum og þjónustar þau meðfram því. Það er því lítið um það að fólk sé að koma inn af götunni til Würth, eins og Haraldur orðar það.

Þverþjóðlegir samráðsfundir

Þannig hljómar Würth-rekstrarmódelið á heimsvísu, og nákvæmlega sami háttur hafður á hvort sem það er hér á landi eða í tilteknu Afríkriki. „Það er gaman að segja frá því að ég er í grúppu af framkvæmdastjórum hjá Würth frá átta mismunandi löndum og við erum að hittast á um það bil

þriggja mánaða fresti. Þá erum við að fara yfir mál hvers lands fyrir sig, berum saman bækur okkar og skoðum hvað gengur vel og hvað síður, ef eitthvað er. Í spjallinu er svo hægt að fá hugmyndir og innblástur af öðrum markaðssvæðum, leita í reynslubanka kollega í öðrum löndum og miðla þekkingu milli manna og draga lærdóm af."

Fagmennirnir koma aftur og aftur

Vörupróun er enn fremur snar þáttur í starfsemi Würth og sífellt er verið að þróa nýjar lausnir. Þúsundir nýrra vörunúmera eru kynntar á hverju ári og svo þarf að velja úr það sem hentar íslenskum markaði og aðstæðum. „Skrúfa er til dæmis ekki það sama og skrúfa," bendir Haraldur á. „Sumar þurfa áttak og fyrirhöfn til að vera skrúfaðar í tré en aðrar geturðu skrúfað á sinn stað á augnabliki. Þetta sparar bæði tíma og afl. Það tekur í þegar þú þarft að skrúfa hundruð eða þúsundir af skrúfum í

stóru verki.

Sama er með kitti. Kittið okkar er jafnan talið með betra kitti á markaðnum og það heldur einstaklega vel. Það lekur ekkert sem hefur verið kittað með Würth-kitti. Það er kannski freistandi fyrir byggingaraðila að spara og kaupa ódýrt kitti fyrir gluggana í heilu fjölbýlishúsi. Sá sparnaður fer hins vegar fyrir lítið þegar þú þarft svo kannski að skipta út og laga alla gluggana. Þegar allt kemur til alls eru það gæðin sem gilda, og við berjumst ekki á lágvöruverðsgrundvelli. Við leggjum alla áherslu á gæðin," segir Haraldur. „Þegar upp er staðið eru gæðin því ódýrari en að þurfa að laga það sem aflaga fór. Þetta skilar sér og það er það sem er mest gefandi í þessu, að iðnaðarmaðurinn og fyrirtækin koma til okkar aftur og aftur því fagfólkið treystir vörunum okkar og kann að meta þjónustuna."

Nánari upplýsingar má nálgast á www.wurth.is ■

Mjög löng frakt? — Ekkert mál —



FRAKT LAUSNIR

Sendibílar • kælibílar • gámalýfta,
frystivagnar m. heilopnun • flatvagnar,
vélavagnar • bílavagn • gámagrindur,
gámalosanir • lengjanlegir vagnar

FRAKT LAUSNIR ehf.
Héðingsgötu 1-3
105 Reykjavík
Sími: 519 2150
www.fraktausnir.is
fraktausnir@fraktausnir.is

FRAKT LAUSNIR

Öryggi alla leið



FRAKT LAUSNIR ehf.
Héðingsgötu 1-3
105 Reykjavík
Sími: 519 2150
www.fraktausnir.is
fraktausnir@fraktausnir.is

Vöruferðir

Reykjavík - Suðurland að Flúðum,
alla virka daga.

Reykjavík - Suðurnes, alla virka daga.

Reykjavík - Norðurland, í hverri viku.

Heilfarmar hvert á land sem er.



Við tökum að okkur véla- tækja- og
bílaflutninga hvert á land sem er.




Erum með fullkominn vélavagn með
sérstaklega löngum sliskjum, spili
og lyftanlegu gólfi.



Erum með 33 bretta kælivagna
með heilopnun og lyftu.





MD VÉLAR:

Penslutengi, sérhæft fyrirtæki með alhliða þjónustu

Penslutengi, sem eru einnig kölluð penslumúffur, þanar eða bara tengi eru notuð víða og er útfærslan af ýmsu tagi. MD Vélar ehf. sérhæfir sig í penslutengjum og hefur komið sterkt inn á íslenska markaðinn í samstarfi við VM Kompensator í Danmörku sem býður upp á fyrsta flokks penslutengi. „Sérstaða VM Kompensator er að þeir bjóða upp á alhliðaþjónustu frá A-Ö. Þá fara þeir út í fyrirtækin og mæla, ráðleggja og sérhanna eftir þörfum. Þá bjóða þeir einnig upp á uppsetningu fyrir viðskiptavininn,” segir Laila Björk Hjaltadóttir, fjármála- og viðskiptastjóri MD Véla.

Sterk tengi sem þola mikið álag

VM Kompensator framleiðir vef- og stáلتengi eftir óskum og þörfum viðskiptavinarins og er einnig með umboð fyrir gúmmítengi frá Trelleborg. Þann 21. nóvember fékk VM Kompensator ISO 9001. Stáلتengin fást frá DN25–DN5000 og hafa þá sérstöðu að öll tengi eru virkjuð, pressuð og teygð til að virkja allar bylgjur í belgnum. Flestir sem hafa unnið með stáلتengi kannast við að fyrstu bylgjurnar í hvorum enda eru viðkvæmastar og mæðir mest á þeim og þar slitnar tengið, en með því að nota þessa tækni tekur allur belgurinn við hreyfingu og eykur það endingartíma tengisins til muna. Veftengin eru sérhönnuð eftir þörfum, náð samstarf við viðskiptavininn er lykilatridi til að tryggja að tengin standist þær kröfur og aðstæður sem eru fyrir hendi. Hægt er að hanna tengi sem þola mikið álag frá alls kyns efnum, gufum og hita allt upp í 1000°C.

Alhliða þjónusta og ráðleggingar

VM Kompensator hefur það fram yfir marga aðra að veita alhliða þjónustu og liggur að baki margra ára sér-

þekking starfsmanna. Einnig bjóða þeir upp á þá aukþjónustu fyrir stærri fyrirtæki að mæla ástandið á penslutengjum til að koma í veg fyrir tjón og tryggja rekstraröryggi. „Ef svona tengi fara þá getur það valdið gríðarlegu tjóni og þess vegna er það mikilvægt að vera með réttu tengin og skipta þeim út áður en skaðinn skeður. Eigandi VM Kompensators og sölustjóri koma oft til landsins og koma næst í febrúar, þannig að ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá heimsókn, kynningu eða ráðgjöf þá ekki hika við að hafa samband við mig,” segir Laila.

Snögg afgreiðsla

MD Vélar var stofnað í byrjun árs 1990 til að annast sölu, ráðgjöf og þjónustu fyrir Mitsubishi-dísilvélar á Íslandi og annan búnað sem tengist þeim. Starfsemin hefur aðallega snúist í kringum sjávarútveginn og veitir fyrirtækið vélaþjónustu, sölu varahluta og viðgerðarþjónustu. „Við erum með umboð fyrir Mitsubishi- og SOLE-dísilvélar frá Spáni. Við erum með stóran varahlutalager en getum einnig útvegað varahluti með stuttum fyrirvara ef þeir eru til á lager hjá birgja, þetta þýðir að ef þú kemur til okkar að morgni og pantar varahlut getur varahluturinn verið kominn í okkar hendur um hádegi næsta virka dag. Við leggjum okkar metnað í að veita okkar viðskiptavinum bestu þjónustu og ráðgjöf,” segir Laila Björk Hjaltadóttir.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.mdvelar.is

Vagnhöfða 12, 110 Reykjavík
Opnunartími skrifstofu: mán.–fös.
08.00–16.00

Sími: 567-2800

Netfang: mdvelar@mdvelar.is ■





Heilsulína, glermottur og betri tengsl við viðskiptavinum

Fyrirtækið Ísgel ehf., var stofnað þann 5. júlí 1999 og núverandi eigendur keyptu það í mars árið 2008. Þeir eru Gunnar K. Ólafsson, Kristín I. Lárusdóttir, Zophonías Ari Lárusson og Katrín Benediksdóttir. Aðalframleiðslan er glermottur sem notaðar eru til að viðhalda kælingu á ferskum matvælum og þá aðallega fiski sem fluttur er út ferskur með flugi.

Glermotturnar hjá Ísgel eru framleiddar í nokkrum stærðum á lager og einnig hafa verið framleiddar stærðir til þess að sinna sérstökum þörfum viðskiptavina. Síðustu ár hefur orðið stigvaxandi aukning á sölu á kælimottum hjá fyrirtækinu samfara auknum útflutningi á ferskum sjávarafurðum.

Einnig framleiðir Ísgel vörur sem tilheyra svokallaðri heilsulínu en það eru þókar sem hægt er að nota bæði kalda og heita og eru notaðir við meðhöndlun á margs konar eymslum, til dæmnis vöðvabólgu, íþróttameiðslum og mörgu fleiru, heilsulínan er seld í apótekum um

land allt.

Zophonías Ari, einn af eigendum, segir síðan þá hugmynd hafa kviknað að fara að keyra vörur til viðskiptavina og efla tengsl við þá. „Eftir að við fórum að keyra flutningabilinn á milli var mikil eftispurn eftir öðrum flutningi, þá bættum við við okkur flutningabil sem varð svo til þess að við settum á laggirnar annað félag sem heldur utan um flutningastarfseminna ásamt vélaleigu með minigröfu og skotbómulyfturum,” segir Zophonías, sem tekur fram að vel hafi verið tekið í þjónustuna og að viðskipti hafi alltaf verið að aukast.

„Við erum að fara svona 3–4 sinnum í viku á milli Blönduóss og Reykjavíkur, að meðaltali,” bætir hann við. „Sú mynd sem fyrirtækið vill halda á lofti er góð íslensk vara sem stenst kröfur viðskiptavina hvað varðar gæði og verð. Fyrirtækið kappkostar því að þjónusta viðskiptavinum sína eftir þörfum og óskum hvers og eins, eins og kostur er.“ ■



GELMOTTUR

Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur

Minni flutningskostnaður

Einfaldar í notkun

Mikil varmarýmd

Engin aukaefni



Ísgel

Blönduósi www.isgel.is



VÉLFANG EHF:

Þekking, reynsla og rík þjónustulund

Vélfang ehf. var stofnað vorið 2004 af þeim Eyjólfri Péttri Pálmassyni, Skarphéðni Erlingssyni, Stefáni G. Ármannssyni, Þórði Jónssyni og Kristjáni Ragnarssyni. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og í dag selur fyrirtækið og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, vélaverktaka, golfvelli og sveitarfélög.

15 ára reynsla

„Við veitum framúrskarandi þjónustu og miðlum þekkingu sem byggir á tæplega 15 ára reynslu. Hjá okkur starfar fámenn en öflug liðsheild með mikla starfsreynslu á sviði bú- og vinnuvéla. Í raun er erfitt að skilgreina starfssvið hvers og eins en eitt eiga starfsmennirnir sameiginlegt: Það er rík þjónustulund og vilji til að leysa þau verkefni sem framundan eru. Við höfum allt frá upphafi lagt áherslu á að ráða gott og öflugt fólk til starfa, sem passar inn í þann hóp og þann góða anda sem fyrir er. Einn okkar er til dæmis svo skáldmæltur að hann getur beinlínis talað í ferskeytlum. Hann heitir Kristján og sér um vísnapátt fyrirtækisins,“ segir Eyjólfur og bendir á að andinn innan fyrirtækisins sé sérstaklega góður.

Þjónustar nýjar vélar, gamlar og varahluti

„Starfsmenn okkar keppast við að uppfylla þarfar viðskiptavina sinna, hvort sem um er að ræða sólu og þjónustu á notuðum eða nýjum vélum eða við útvegum varahluta. Stundum hentar góð, notuð vél jafn vel og ný, og öfugt,“ segir Eyjólfur. Stór hluti af starfsemi Vélfangs ehf. er varahlutaþjónustan. Fyrirtækið er með umboð fyrir fjölda fyrirtækja sem þjónusta vinnuvélar. „Því höfum við tók á að afgreiða flesta sem til okkar koma með skjóttum og öruggum hætti,“ segir Eyjólfur. Helstu framleiðendur sem Vélfang hefur umboð fyrir eru CLAAS, Fendt, Kuhn, Redrock, og margir fleiri.

JCB heimsklassa fjölskyldufyrirtæki

„Við erum stolt að segja frá því að Vélfang ehf. tók við umboði fyrir JCB-vinnuvélar á haustmánuðum 2009. JCB er einn stærsti framleiðandi vinnuvéla í heimi og í gegnum tíðina hefur hann fjárfest mikið í rannsóknunum og



þróun. Með þessu móti heldur fyrirtækið sér fremst í flokki nýsköpunar og að sama skapi getum við útvegað fyrsta flokks vinnuvélar fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Eyjólfur.

Gæðafatnaður á góðu verði

„Nýlega stækkaði Vélfang verslun sína og ákváðum við að bjóða upp á meira úrval í gæðafatnaði, fyrir alla fjölskylduna, minjagripum og leikföngum. Við bjóðum upp á gott vöruúrval af sterkbyggðum vinnufatnaði fyrir alla fjölskylduna, svo sem samfestinga, smekkbuxur, boli, hanska og fleira. Einnig erum við með geysivinsælar hettupeysur með traktor framan á og vinnuhanska fyrir börn. Úrval af leikföngunum er alltaf að aukast hjá okkur sökum mikillar eftirspurnar. Við erum einnig með frábært verð á leikföngunum og fatnaði sem kemur á óvart,“ segir Eyjólfur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.velfang.is og Facebook-síðunni Vélfang ehf.

Gylfaflöt 32, Grafarvogi og Frostagötu 2a, Akureyri
Sími: 580-8200
Opíð alla virka daga frá 08.00-17.00
Netpóstur: velfang@velfang.is ■





DRENLAGNIR EHF.

Grunnurinn að góðu húsi

Er húsið þitt með drenlög? Ein helsta orsök raka í veggjum og gólfum kjallara eða jarðhæðar, getur verið biluð drenlög eða að engin drenlög sé við húsið. Drenlög, sem oft er kölluð jarðvatnslög eða regnvatnslög, er ætlað það hlutverk að beina vatni frá útveggjum húsin.

Flest, ef ekki öll hús eiga að vera með dren- og eða regnvatnslagnir. Í mörgum tilvikum þegar um er að ræða gömul hús, sérstaklega hús sem byggð eru um og fyrir 1960, má gera ráð fyrir að það séu steinlagnir í kringum húsin og engar drenlagnir og þá þarf að leggja nýjar eða að minnsta kosti endurnýja lagnirnar.


Reynsluboltar í faginu

Rúmlega 70% af því verkferli sem tengist lagningu drenlagna er jarðvinna sem er á hendi fæstra að vinna rétt og vandlega. Einnig skiptir frágangur á sökkulveggjum gríðarlegu máli og ber sérstaklega að vanda

til verka í því ferli. Drenlagnir ehf. er ungt fyrirtæki, eingöngu um þriggja ára gamalt, sem sérhæfir sig í nýlagningu drenlagna og fódrun/endurnýjun skólplagna. Þrátt fyrir ungan aldur fyrirtækisins búa starfsmenn yfir margra ára starfsreynslu í faginu. „Við þjónustum hvort heldur sem er einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki eða stofnanir. Einnig leggjum við megináherslu á áreiðanlega og persónulega þjónustu, þar sem fagleg og vönduð vinnubrögð eru í fyrirrúmi,“ segir Arnór Hauksson, framkvæmdastjóri Drenlagna ehf.

Pantaðu ástandsskoðun og röramyndun fyrir skólplagnirnar í dag á drenlagnir.is

Drenlagnir ehf
Netfang: ihagar@ihagar.is
Sími: 552-6005
Facebook: Drenlagnir ehf.
Heimasíða: www.drenlagnir.is ■



ÖRYGGISGIRÐINGAR EHF:

Framúrskarandi fyrirtæki. Áhersla á þjónustu við viðskiptavinum

Fyrtækið Öryggisgirðingar ehf. er sextán ára gamalt fjölskyldufyrirtæki og býður upp á heildarlausnir í girðingum, hliðum og aðgangskerfum. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir afar virta og leiðandi framleiðendur á þessu sviði, meðal annars Parking-Facilities á Englandi, sem framleiðir hraðhlið. Slik hlið hafa verið sett upp á ýmsum stöðum hér á landi í seinni tíð, meðal annars við nýja fangelsið á Hólmsheiði og við nýjan inngang hjá Eimskip í Sundahöfn.

Sjálflokandi leikskólahlið

Öryggisgirðingar ehf. smíða sjálflokandi leikskólahlið, en það er nýjung sem eykur mjög öryggi barnanna okkar," segir Þórður Antonsson, framkvæmdastjóri Öryggisgirðinga.

Hljóðlausar girðingar fyrir íþróttavelli

Öryggisgirðingar ehf. er líka með umboð fyrir hollenska fyrirtækið Deciwand og enska fyrirtækið Zaun sem framleiðir grindur hvort sem er eftir máli eða hönnun og eru einnig með svokallaðar hljóðlausar girðingar – sem henta einstaklega vel fyrir íþróttavelli.

Vandaðir framleiðendur

Að sögn Þórðar er það lyklatríði í rekstrinum að vera með vandaða framleiðendur á sínum snærum. „Við erum mjög ánægðir með vörurnar frá ítalska fyrirtækinu CAME sem Öryggisgirðingar ehf. er með umboð fyrir, en það er leiðandi framleiðandi í hliðbúnaði, bílastæðahlíðum og aðgangsstýringu.“

Járnsmiði

Fjölbreytt járnsmíðavinna er hjá Öryggisgirðingum ehf. þar sem boðið er upp á sérsmiði á flestu sem viðskiptavininum dettur í hug, t.d. hliðum, handriðum og stigum. Auk þess fást ýmsir ihlutir til hliðasmíða svo sem læsingar, lamir, hurðarpumpur, rafmagnstjakkar o.fl. sem gera hliðsmíði léttu og skemmtilega.

Öryggisgirðingar ehf.
Suðurhrauni 2
210 Garðabær
Sími: 544-4222, fax: 544-4221
Heimasíða: www.girðing.is ■





LAGNIR OG LÓÐIR EHF.

Lagnavinna, jarðvinna og lóðavinna

Bjarni Ingvar Halldórsson, eigandi fyrirtækisins Lagnir og lóðir ehf., hefur gaman af vinnunni. Það kemur sér vel því hann rekur nokkuð umfangsmikla starfsemi í jarð- og lagnavinnu með litlum mannafla og vinnur mikið sjálfur. Bjarni vinnur fyrir byggingaverktaka, fyrirtæki og stofnanir, en mest fyrir einstaklinga – til dæmis þá sem þurfa að láta skipta um lagnir, helluleggja, tyrfa og/eða endurskipuleggja garðinn eða gera fínt í kringum sumarbústaðinn. Fyrir byggingaverktaka annast hann alla þá jarðvegsvinnu sem þarf að framkvæma áður en hús og önnur mannvirki eru byggð.

„Ég er með nokkra starfsmenn á sumrin en færri á veturna,“ segir Bjarni en töluverðan tækjabúnað þarf til að halda starfsemi hans gangandi: „Ég er með gröfur, vörubíla, sendibíla og svo ýmis minni tæki og búnað,“ segir Bjarni en töluverður kostnaður er við að endurnýja slíkan tækjabúnað svo vel sé og stundum þarf að gera við fram á nótt til að hafa öll tæki klár fyrir daginn.

„Ég er mjög mikið í drenlögnum, við mokum fyrir og skiptum um allar lagnir sem þarf, undir og við hús,“ segir Bjarni en lagnavinna getur orðið aðkallandi og er framkvæmd á öllum árstímum. „Það er verst ef það er mikil snjókoma eða mikið frost en annars getur þetta farið fram hvenær sem er.“

Lagnir og lóðir ehf. annast líka ýmis lagnaverkefni fyrir veitufyrirtæki og leggur og endurnýjar lagnir fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Styttist í vorverkin

Tíminn líður hratt, núna er kominn janúar og áður en við vitum af fer vorið að nálgast. Aðspurður hvaða verk sem tengjast hans starfsemi fólk ætti að huga að fyrir vorið segir hann:

„Vetur hér geta verið ansi umhleypingasamir og blautir þá verður fólk mjög oft vart við leka í kjöllum. Ýmist eru þá lagnir ónýtar eða það vantar drenlagnir í kringum hús – en það er algengt í gömlum húsum. Þegar drenlagnir eru ónýtar endurnýjum við þær og skiptum um allar lagnir sem þarf undir og við húsið, hvort sem um er að ræða fráveitu- eða neysluvatnslagnir. Fólk nýtir þá oft tækifærið og breytir staðsetningu niðurfalla, handlauga og klósetta. Þar sem vantar lagnir setjum við einfaldlega nýjar lagnir.“

Margir sem vilja umbreyta gördum sínum og lóðum leita til Lagna og lóða ehf. Bjarni segir gott að huga að slíkum verkefnum um leið og frost fer úr jörðu. Hann endurmótar garða, mokar fyrir



hellulögnum, sólpöllum og heitum pottum. Í sumarbústaðalöndum gerir hann vegi auk þess að umbreyta gördum og setja lagnir í og við sumarbústaði.

Verksvæði fyrirtækisins er allt suðvesturhorn landsins.

Nánar má fylgjast með starfseminni á Facebook-síðunni Lagnir og lóðir. Til að fá nánari upplýsingar eða tilboð í verk er hægt að hringja í Bjarna í síma 891-9120 eða senda tölvupóst á netfangið vaxandivandi@gmail.com ■






SJÁLFRIRKIR SMURSKAMMTARAR FRÁ PERMA TEC:

Þýsk hágæðavara

Poulsen er eitt af elstu starfandi fyrirtækjum landsins, hvorki meira né minna en 109 ára gamalt. Rekstur fyrirtækisins er nokkuð margþættur en þungamiðja starfseminnar er innflutningur á bílavarahlutum, bílrúðum, bílalakki, smurolíum og iðnaðarvarningi. Ávallt er þess gætt að bjóða eingöngu hágæðavöru frá traustum framleiðendum.

Meðal þess eru sjálfvirkir smurskammtarar frá Perma tec en þeir eru framleiddir í Þýskalandi. Perma tec fann upp fyrsta sjálfvirka smurskammtarann árið 1964 og hefur alla tíð síðan verið leiðandi á þessum markaði.

Allir Perma tec-smurskammtararnir eru fylltir af feiti eða olíu í verksmiðjunni, en þar er fyllsta hreinlætis gætt svo engin óhreinindi geti mengað framleiðsluvöruna. Auk þess fer engin olía eða feiti í hylkin nema að hafa staðist ýtrustu kröfur framleiðandans.



Fimm gerðir af hágæða smurskömmtum

Perma tec framleiðir fimm gerðir af smurskömmtum: Classic, Future, Star, Nova og Flex.

CLASSIC er sá upprunalegi en **FUTURA** sá endurbætti sem vinnur á sama hátt, það er að í hylkinu er mild sýra sem vinnur á töflu sem skrófuð er í hylkið og við það myndast gas. Gasíð þenst út og dælir þannig feittinni út í leguna. Þeir koma í einni stærð, 120 cm³. Tapparnir endast í 1, 3, 6 eða 12 mánuði.

STAR vinnur á allt annan hátt, en í honum er lítill rafmótor sem skrófar niður stimpil og dælir feittinni þannig út. Þeir eru fánlegir með rafhlöðum eða tengingu í stýrisstraum frá tækinu. Val er um 3 stærðir 60, 120 og 250 cm³. Stillanlegur á 1 til 12 mánaða endingu. Hann blikkar líka grænu ljósi ef allt er í lagi, en rauðu ef eitthvað er að.

NOVA kemur á markað til að uppfylla óskir kaupenda um jafna virkni við mismunandi hitastig. Hvort heldur sé 20° frost eða 60° hiti, þá er hann með innbyggðan hitanema sem stjórnar gasmynduninni. Virkni er sú að litlum neista er skotið í kolakjarna og við það myndast gas. Fæst í tveimur stærðum, 65 og 125 cm³. Stillanlegur á 1 til 12 mánaða endingu.

FLEX er nýjasta afurðin og kemur væntanlega í staðinn fyrir CLASSIC og FUTURA. Virkni er sú að litlum neista er skotið í kolakjarna og við það myndast gas.

Hann fæst í þremur stærðum, 30, 60 og 125 cm³. Stillanlegur á 1 til 12 mánaða endingu.

Hægt er að velja um ýmsar feiti- og olíutegundir, en þær eru helstar:

SFO1	Universal feiti	Li/Ca	NLGI 2	-30 til +130°C
SFO2	Extream Pressure	Li+Mos2	NLGI 2	-30 til +120°C
SFO3	High temp	Polyurea	NLGI 2	-20 til +220°C
SF10	Food grade H1	Al-Com NLGI 1		-45 til +120°C
SO14	Chain oil	PAO+Este		-20 til +250°C

Margar tegundir af feiti og olíu

Einnig er hægt að sérpanta aðrar tegundir og er Perma tec með mikið úrval á lager.

Perma tec smurskammtararnir henta sérlega vel til að smyrja t.d. rafmótora, dælur, loftblásara, færibönd, snigla og keðjur.

Mikið úrval er af aukahlutum, t.d.

minnkannir, framlengingar, festingar og burstar

Perma tec-smurskammtararnir eru seldir í verslun Poulsen í Skeifunni 2, Reykjavík. Sjá nánar um starfsemi Poulsen á vefsíðunni poulsen.is ■



Þorsteinn Þorvaldsson, Þorsteinn
Emilsson og Pálmi Gíslason



ORKUFELL:

Hlöðum rafbílinn rétt

Orkufell ehf. er rafverktaka-fyrirtæki sem sinnir öllum tegundum af raflögnum. Fyrirtækið þjónustar fjarskipta-veitur, er í lagningu og tengingu ljósleiðara, setur upp hússtjórna-kerfi, brunaviðvörðunarkerfi, öryggis- og eftirlitsmyndavélakerfi, lýsingarbúnað og margt fleira. „Ég er sjálfur menntaður rafiðnfræðingur og rafvirkjameistari auk þess sem ég er löggildur raflagnahönnuður. Því er starfsvið fyrirtækisins nokkuð vítt, en það þýðir líka að við getum boðið upp á heildarlausnir fyrir viðskiptavinum okkar. Við sinnum bæði einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Það er ekkert verkefni of stórt eða of lítið fyrir okkur. Einnig bjóðum við upp á að gera þjónustusamninga við viðskiptavinum okkar um reglubundið viðhald raflagna,“ segir Pálmi Gíslason, eigandi Orkufells ehf.

Heimahleðslustöðvar fyrir rafbíl

Sala rafbílanna eykst með hverjum degi, enda ódýrari í rekstri og umhverfisvænn kostur. „Við höfum fundið fyrir mikilli aukningu í fyrirspurnum varðandi val og uppsetningu hleðslustöðva. Hleðslutækini sem fylgja rafbilunum teljast að mati Mannvirkjastofnunar til svokallaðra neyðarhleðslutækja. Þau hlaða almennt á tíu amperum og eru ekki ætluð til daglegrar notkunar.“

Venjulegur vegg tengill er hins vegar ekki gerður fyrir fyrir svo háan, stöðugan straum. Fólk tekur stundum eftir að snúran frá hleðslutækini hitnar óeðlilega mikið og stundum brenna klærnar og tengillinn við álagið. Það er mikilvægt að fylgjast með hvort klærnar eru að hitna við hleðslu því þá getur skapast brunahætta og réttast að láta rafvirkja skoða hvort tengillinn þolir álagið sem hleðslutækið veldur og hvort öryggið sem ver lögnina að tenglinum sé í lagi. Heimahleðslustöðvar hlaða á 16–32 amperum og geta því hlaðið rafbílinn að minnsta kosti 60% hraðar en neyðarhleðslutækini sem fylgja bilunum. Heimahleðslu-



Pálmi með heimahleðslustöð í bakgrunni.

stöðvarnar eru þar að auki ætlaðar til daglegrar notkunar,“ segir Pálmi.

Hleðslustöðvar fyrir fjölbýli

„Við bjóðum einnig upp á uppsetningu hleðslustöðva fyrir fjölbýlishús. Þá setjum við, í samráði við húsfélög, upp álagsdreifðar hleðslustöðvar sem taka mið af stærð heimtaugar. Við erum ekki innflutningsaðilar að hleðslustöðvum heldur erum við ráðleggjandi í því að finna kerfi sem hentar viðskiptavininum og getum svo boðið upp á heildarlausn við val og uppsetningu. Við vorum til dæmis að setja upp fyrsta flokks heimahleðslustöðvarkerfi í bílastæðahúsi í Kirkjulundi í samstarfi við Ísorku, þar sem bílastæði eru fyrir 35 bíla,“ segir Pálmi.

Sendu fyrirspurn þér að kostnaðarlausu

Á vefsíðu fyrirtækisins er hægt að senda skriflega fyrirspurn til fyrirtækisins. „Það er mjög einfalt að senda okkur fyrirspurn í gegnum



vefsíðuna okkar. Hvort sem það er í sambandi við val á hleðslustöð eða almenna raflagnavinna. Við svörum eins fljótt og auðið er,“ segir Pálmi.

Nánari upplýsingar má nálgast á orkufell.is

Smíðjuvegur 4a, Græn gata, 200
Kópavogur
Sími: 571-3233
Netpóstur: orkufell@orkufell.is
Opíð er alla virka daga frá 08.00–16.00. ■



Fanntófell flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði

Tímamót urðu í sögu Fanntófells fyrir skömmu er fyrirtækið flutti höfuðstöðvar sínar að Gylfaflöt 6-8 í 112 hverfinu í Reykjavík. Þar hefur jafnframt verið tekinn í notkun nýr og glæsilegur sýningasalur. „Hagræðingin við flutninginn er mikil, framleiðslutími styttest og öll aðstaða fyrir starfsmenn er betri. Þá er aðkoma fyrir viðskiptavinum miklu betri. Með nýjum og stærri sýningarsal getum við núna sýnt allar framleiðsluvörurnar,“ segir Sigurður Bragi Sigurðsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Fanntófell sérhæfir sig í framleiðslu á borðplötum, skilrúmunum, búningasklefaskápum, sólbekkjum, skápa/skúffu prófilum og fleiru, úr harðplasti, Fenix, límtré og akrýlsteini. Sérhæfing Fanntófells frá stofnun 1987 er formbeyging á köntum á harðplastplötum en einnig framleiðir fyrirtækið plötur með beinum kanti í m.a. viðarkant, pvc-kant og laserkant.

Fanntófell framleiðir bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga og þá gjarnan í samstarfi við arkitekta, hönnuði og verktaka. Einnig er boðið upp á uppsetningarþjónustu og mælingu.

Mikið úrval er af efni, litum og áferðum sem er hægt að skoða í sýningarsalnum að Gylfaflöt.

„Fólk kaupir oft innréttingar annars staðar en kaupir síðan borðplötur hjá okkur. Einnig kemur oft fólk til okkar sem er að endurnýja borðplötur hjá sér, enda er algengt að skipta um borðplötur þegar flikkað er upp á eldhús. Við erum einnig farin að sérsmíða hurða- og skúffuprófíla eftir máli, þar sem fólk getur skipt út,“ segir Sigurður.

Einn helsti kosturinn við þau efni sem Fanntófell vinnur með við sína framleiðslu er hvað þau eru slitsterk og endingargóð. Harðplast er mikið notað í eldhúsbordplötur og almennt í eldhúsinnréttingar.


„Akrýlsteinninn er reyndar líka vinsæll en hann hefur endalausa möguleika í hönnun. Samskeyti eru lítt sýnileg og hægt að undirlíma



vaska úr sama efni í plötunum. Fenix er líka áhugaverður kostur þar sem áferð á plötunum er silki-mjúk og efnið hrindir betur frá sér óhreininum en önnur sambærileg efni,“ segir Sigurður.

Hann segir mikla þróun vera á þessu sviði og reglulega komi fram spennandi nýjungar: „Nýjungar hjá okkur eru veggklæðningar frá Rehau og hurðaprófílar sem við smíðum eftir máli. Við stækun á húsnæði er líka tilvalið að bæta við sig vöruflokkum.“

Fanntófell flytur inn glugga, álglugga, tréglugga og áltréglugga. Þessa sömu glugga gefur að líta í öllu húsnæði fyrirtækisins að Gylfaflötinni. Og nýjung á byggingarmarkaði er 2 Stone gas silica hleðslusteinar fyrir útveggi, milliveggi o.fl. Helstu kostir þeirra eru að þeir eru myglufriir, hljóð- og hitaeinangrun er mjög góð og þetta er auðvelt í uppsetningu. Sjá nánar <http://www.2stone.is/> ■





Fyrirtak þjónar fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum um almennt fasteignaviðhald

Fyirtak málningarpjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára um allt almennt fasteignaviðhald. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem snerta viðhald og breytingar á fasteignum, jafnt að innan sem utan. Ámundi S. Tómasson málrameistari er framkvæmda- og verkefnastjóri Fyrirtaks en hann hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár.

Málning á bæði að verja og fegra
Reglulegt viðhald á fasteignum borgar sig. Málning er oftast en ekki eina vörnin fyrir veðri og vindum. Málning á bæði að verja og fegra. Utanhúss veðrast fletir hratt fyrir áhrif sólar, veðurs og vinds. Með reglulegu viðhaldi er hægt að verja fasteignina og koma í veg fyrir dýrar framkvæmdir eins og t.d. gluggaviðgerðir, viðgerð á steini og þaki. Fyrirtak vinnur eingöngu upp úr góðum málningarkerfum og farið er eftir þeim kerfum sem reynt hafa best í íslenskri veðráttu.

Fagmenn í öllum verkhlutum
„Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem varða viðhald húsa,“ segir Ámundi. „Við hjá Fyrirtak tökum að okkur allt almennt viðhald á fasteignum eins og t.d. gluggaviðgerðir og glerisetningu. Ef glugginn er farinn að fúna er nauðsynlegt að laga fúann áður en málað er. Við gerum við glugga með því að saga fúna í burt og setja nýtt fúavarið timbur í staðinn (sponsa glugga). Gluggaviðgerðir og glerisetning krefst mikillar nákvæmni og réttis handbragðs. Við þjódum upp á þessa þjónustu og getum líka leiðbeint og aðstoðað.“



Þjónum fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum
Fyrirtak málningarpjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteign-

um, jafnt að innan sem utan,“ segir Ámundi.

Fyrirtak málningarpjónusta ehf.
Sími: 770-7997.
fyrirtak@fyrirtak.is
www.fyrirtak.is
www.malrameistari.is ■

FYRIRTAÐ
málningarpjónusta



VERMIR SF:

Traustir reynsluboltar í pípulögnum og fleiru

Vermir sf. er gamalgróid pípulagn-ingarfyrirtæki á Húsavík. „Við erum mest í að sjá um pípulagnir hér í bænum og á svæðinu hér í kring og fólk leitar til okkar því það veit að við erum traustir og skilum verkinu af okkur vel og vandlega unnu,” segir Hallgrímur J. Sigurðsson, eigandi Vermis sf.

Fyrirtækið sinnir öllu sem viðkemur pípulögnum á heimilum, stofnunum og fyrirtækjum. „Við erum í efnissölu, vinnum við nýlagnir, viðgerðir og breytingar, allt eftir því sem hentar. Einnig sjáum við um sölu á hreinlætistækjum, blöndunartækjum og fleiru fyrir Tengi ehf.”

Mikil reynsla og þekking

Starfsmenn Vermis sf. eru fimm talsins ásamt Hallgrími. „Hjá okkur starfa full- lærðir pípulagningameistarar, verka-

menn og nemar, flestir með gríðarlega reynslu á bakinu.” Fyrirtækið stofnaði Hallgrímur með föður sínum árið 1976 sem hafði þá starfað við pípulagnir í fjölda ára, og segir hann margt hafa breyst í pípulagningabransanum síðan þá.

„Sjálfur hef ég verið í þessu í fjölda ára og séð margar breytingar. Menn eru að nota miklu léttari og betri efni í dag, eins og plast og þess háttar í staðinn fyrir þungan málm sem á það til að ryðga. Það er líka meira hreinlæti í nýju efnunum, engar oliur og þviumlíkt.”

Nánari upplýsingar má nálgast á www.vermir.is og Facebook-síðunni: Vermir sf.

Stórhóll 9, 640 Húsavík
Sími: 898-5513 ■



Beittur Sigurður er óvæginn en einlægur.

MYNDIR: SVANUR/DV

Sigurður G.

segir Sjálfstæðisflokkinn hafa bolað sér úr starfi

■ Alblindaðist í nokkra mánuði ■ Rekinn af Útvarpi Sögu með SMS og vann launamál ■ Fékk lómunarveiki í æsku

Frost í kortunum?
Ekki láta kuldann koma þér í vandræði
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

TUDOR
Alltaf öruggt start
effir kaldar nætur

Hraðþjónusta
Við mælum
rafgeyma og
skiptum um

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Sigurður G. Tómasson, fyrrverandi dagskrárstjóri Rásar 2, hefur marga fjórana sopið á ferli sínum sem fjölmiðlamaður. Í opinskáum viðtali við DV lýsir hann því hvernig hann var hrakinn úr starfi dagskrárstjóra Rásar 2 á sínum tíma og skilinn eftir atvinnulaus. Sigurður rekur það til bolabragða Sjálfstæðisflokksins í útvarpsráði sem hafi ekki unnt sér hvíldar fyrr en hann hafði verið hrakinn frá stofnuninni og hafi stundað grímulausar pólitískar ráðningar. Í kjölfar atburðanna á Rás 2 veiktist Sigurður alvarlega, fékk insúlínháða sykursýki og varð blindur í kjölfarið. Hann telur veikindi sín eiga sér orsök þeim órétti sem hann var beittur en ónæmiskerfi hans gaf sig undir álaginu.

Sigurður hóf feril sinn sem útvarpsmaður á Bylgjunni og stjórnaði fyrstu útsendingunni þar sem fór í loftið árið 1986, um leið og útvarpsrekstur var gefinn frjáls hér á landi. „Fyrsti viðmælandinn var Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri,“ segir Sigurður og hlær, enda telur hann það vera broslega staðreynd í ljósi þeirra afskipta sem flokkurinn hafði af honum síðar.

Frá Bylgjunni lá leiðin á Rás 2 þar sem Sigurður varð einn þekkt-

asti og virtasti útvarpsmaður landsins. Árið 1992 var hann síðan ráðinn dagskrárstjóri Rásar 2. Þetta var á miklum blómatíma í útvarpsrekstri, internetið var ekki komið til sögunnar og flestir hlustuðu á þætti á borð við Dægurmálaútvarpið og Þjóðarsálina á Rás 2.

„Útvarpið er kannski minni partur af daglegu lífi landsmanna núna, en eftir að netmiðlarnir komu til sögunar hafa þeir mikið til komið í staðinn fyrir útvarpið,“ segir Sigurður.

Reykir kjöt og unir sér með dýrum í Mosfellsdalnum

DV tók hús á Sigurði í Mosfellsdalnum, nánar tiltekið að Sveins eyri sem liggur við fallett og skógi vaxið svæði ekki langt frá Varmá. Þar býr Sigurður í húsi með eigin konu sinni, Steinunni Bergsteinsdóttur, textílhönnuði. Hjónin eru með hænsni, þrjár kettir búa á heimilinu og einn smáhundur, hin 12 ára gamla Dimmalimm, sem hvílir í fangi Sigurðar allan tímann sem viðtalið fer fram. „Þessi á mig,“ segir Sigurður um hundinn, sem er ákaflega hændur að hús-bóndanum. Tveir kattanna spóka sig líka í stofunni og eru hinir vinalegustu við gestina; blaðamanninn og ljósmyndarann.

Fyrir utan gefur að líta reykkofa en Sigurður hefur lengi fengist ▶

„Ljóst að Vinstri græn ætla ekki að rétta hlut öryrkja og aldraðra

við að reykja kjöt. Er það nokkur búbot fyrir hann að reykja kjöt fyrir fólk. „Við höfum búið hér í 11 ár en ég fór reyndar að reykja kjöt löngu áður en við fluttum hingað. Ég kaupði oft kjöt úr búðum til að reykja og fæ stundum kjöt frá vini mínum, Jóhannesi á Heiðabæ. Ég er ættaður úr Þingvallasveit og við köllum þetta Þingvallareykningu. Ég kynntist þessu fyrst í Þingvallasveitinni, á Kárastöðum. Þar var nafni minn, Sigurðsson, sem kom þangað sem vinnumaður árið 1906 og fór aldrei aftur, en dó þar á nírhúsdögum. Hann var mikill snillingur þessi karl, af frægu hleðslumannakyni úr Ölfusi, nánar tiltekið frá Tannastöðum. Sigggi gamli var hleðslumaður og hlóð frægar traðir á Kárastöðum. Sigggi gamli reykti líka kjöt og það gerði líka Mansi frændi minn á Kárastöðum, sem og silung úr Þingvallavatni. Síðasta hleðsluverk Siggja var reykhusið við Kárastaði

en það stendur enn.“

Sigurður hefur stundað kjötreykingu í um 30 ár en reykhusið fyrir utan heimili hans var hannað eftir hans hugmynd. „Í staðinn fyrir torf nota ég trjástubba úr skóginum hérna í kring. Vinir mínir í Skógræktarfélagi Reykjavíkur hjálpuðu mér mikið,“ segir Sigurður en hann er í stjórn félagsins og var áður formaður þess.

Þegar ekki tókst að bola honum úr starfi var staðan lögð niður

Við víkjum aftur talinu að umbrotatímunum á Rás 2 þegar Sigurður var flæmdur úr starfi.

„Allan tímann var flokkurinn að atast í mér með pólitískum afskiptum og ýmsum þvingunaraðgerðum. Á þessum tíma var það þannig að útvarpsráð réð fréttamenn en við réðum dagskrárgerðarfólk. En Sjálfstæðismenn vildu fá þetta líka í útvarpsráð, vildu fá að greiða atkvæði um

Tíkin Dimmalimm Hvíldi í kjöltu húsbónda síns allt víðtalið.



hverjir væru ráðnir í dægurmálaútvarpið. Á bak við þetta stóð Björn Bjarnason sem varð menntamálaráðherra árið 1995. Við höfðum ráðið fólk eftir mjög faglegu mati þar sem pólitík kom aldrei til álita. Það þekkja allir sem unnu með mér á Rás 2 og vita hvernig þetta var. Við létum umsækjendur til dæmis taka viðtöl eða skrifa handrit og við héldum til haga þessum gögnum. En útvarpsráð leit aldrei nokkurn tíma á neitt af þessu og réð algjörlega eftir pólitískum línunum,“ segir Sigurður.

Hann skýrir síðan frá því að þegar nálgadist fimm ára ráðningartíma hans sem dagskrárstjóra hafi Sjálfstæðismenn röið að því öllum árum að bola honum úr starfi. „Ráðningartími útvarpsstjóra var skilgreindur fimm ár og því þurfti að endurráða hann eftir þann tíma ef hann hygðist sitja áfram. Útvarpsráð tók hins vegar upp á því skyndilega að auglýsa starf mitt laust áður en ráðningartíminn var útrunninn. Ég fékk spurnir af því að Gunnlaugur Sævar, Sjálfstæðismaður sem þá var formaður útvarpsráðs, hafi verið í laxveidi í Borgarfirði skömmu eftir að staðan var auglýst. Sagði mér maður sem þar var viðstaddur að Gunnlaugur hafi lítinn tíma haft fyrir laxveidi því hann var alltaf í símanum að plotta hverjir ættu að sækja um stöðuna og hvern ætti að ráða. Svona var nú þetta.“

Það fór nú samt svo að Markús Örn Antonsson, þáverandi útvarpsstjóri, endurréð mig þó að ég væri með minnihluta í útvarpsráði. En þá var gripið til þess ráðs að leggja niður stöðu dagskrárstjóra og ráða þess í stað ritstjóra dægurmálaútvarps. Í þessa stöðu var ráðin Sjálfstæðiskonan Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Þetta var fullkomlega pólitísk ráðning og ekkert annað. Mér var ekki boðið neitt starf í staðinn, ekki sem dagskrárgerðarmaður, ekki einu sinni starf sendils.“

Fékk sykursýki og varð blindur

Þegar þarna var komið sögu veiktist Sigurður alvarlega. „Ónæmiskerfið bilaði upp úr þessu og ég fékk sykursýki 1. Ég hef haldið því fram að það hafi verið vegna álagsins sem þessi aðför hafði í för með sér, en það er auðvitað ekki hægt að sanna það. Ég hélt fyrst bara að ég væri að verða þunglyndur af

álaginu, en ég varð alveg þreklaus. En svo reyndist þetta vera insúlínháð sykursýki sem fólk fær yfirleitt ekki á fullorðinsaldri. Ég var veikur og gat ekki verið mig fyrir þessari aðför sem ég varð fyrir. Ég áttaði mig kannski ekki á því á sínum tíma, en mér varð það ljóst síðar.“

Þegar Sigurður hafði náð sér nokkuð starfaði hann um hríð sem lausamaður en svo versnaði heilsan aftur. „Sjónin fór að bila örfaum árum seinna. Þetta er augnbotnshrörnun en hún magnast upp vegna sykursýkinnar sem margfaldar hraðann á hrörnuninni.“ Um nokkurra mánaða skeið var Sigurður alveg blindur en seinni árin hefur hann oftast verið nálægt fullri blindu. Sjón hans hefur batnað eftir augnsteinsaðgerð í haust en ennþá telst hann lögblindur: „Ég sé niður fyrir fætur mér í góðri birtu, það er allt og sumt.“

Sjálfstæðisflokkurinn breyttist í alræðisflokk – VG svikarar

Sigurður segist aldrei hafa verið með pólitískan áróður í störfum sínum á Rás 2. „Það héldu reyndar margir að ég væri hinum megin í pólitíkinni vegna tilhneigingar minnar til að rétta hlut þeirra sem hallað var á í umræðunni hverju sinni. En staðreyndin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn bolaði mér úr starfi, það er nú ekki flóknara en það. Það eru margir Sjálfstæðismenn í minni fjölskyldu og ég á marga vini sem eru góðir Sjálfstæðismenn. Þegar ég var um tíma borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins kynntist ég mjög góðum Sjálfstæðismönnum í borgarstjórn. Það sem fór með þennan flokk, sem áður var víðsýnn og opinn, voru alræðisöfl er tóku völdin í kringum 1990. Afleiðingarnar eru þær, að í dag er þetta um fjórðungsflokkur í þingi en var áður í um 40% fylgi og gat valið sér samstarfsflokka í ríkisstjórn. Og Sjálfstæðisflokkurinn á aldrei aftur eftir að ná meirihluta í borginni.“ Sigurður telur að hörð stefna flokkadrátta, stjórnsemi og undirróðurs hafi grafið undan flokknum og valdið því að hann hafi misst mikið fylgi.

„Ég sagði skilið við VG út af þessari stjórnarþátttöku og framgöngu ríkisstjórnarinnar,“ segir Sigurður en hann var áður félagi í flokknum. „Ég miða það fyrst og fremst út frá mínum forsendum

sem öryrki og núna löggiltis gamalmennis, en ég er 68 ára. Með þessu stjórnarsamstarfi og þeim fjárhagsáætlunum sem boðaðar hafa verið til fimm ára er ljóst að Vinstri græn ætla ekki að rétta hlut öryrkja og aldraðra. Við höfum verið mjög sárt leikin allt frá 2009 þegar samstjórn VG og Samfylkingarinnar rýrði kjör okkar. Þá hugsaði maður með sér að það væri skiljanlegt, því hér var allt að fara til fjandans og landið að fara fram af hengifluginu, þannig að kannski var skerðing þá eðlileg. En á þeim árum sem síðan eru liðin hafa allir hópar fengið leiðréttingu nema öryrkjar og ellilífeyrisþegar.

Það er síðan sérkennilegt að hér á landi geta stjórnmalamenn haldið fram alls konar bulli og ósannindum án þess að fjölmiðlar gangi á þá og láti þá éta ofan í sig vitleysuna. Til dæmis þegar Bjarni Benediktsson heldur því fram að öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafi fengið meiri leiðréttingu en allir aðrir. Eða þegar Katrín Jakobsdóttir segir að 9 milljarðar hafi á tíma þessarar ríkisstjórnar runnið til öryrkja. Þetta eru bara ósannindi og þetta hefur verið hrakið. Katrín hélt áður margar þingræður þar sem hún lýsti því hvernig kjör öryrkja hefðu verið skert með skerðingarákvæðum. Svo þegar hún er komin í ríkisstjórn, þar sem hún er meira að segja forsætisráðherra, þá gerir hún ekkert í þessu. Þetta finnst mér ófyrirgefanlegt og gera að verkum að ég vil ekkert af þessum flokki vita meira.“

Sigurður segist helst halla sér að Pírötum um þessar mundir og var í framboði fyrir flokkinn í Mosfellsbæ en sá listi náði raunar ekki árangri í kosningunum. Sigurður ber Samfylkingunni ekki jafn illa söguna og VG en er þó ekki ýkja hrifinn af flokknum: „Á þingi skortir Samfylkinguna fólk sem hefur vit á hagfræði og peningamálum. Mér finnst forystan frekar lín. Logi Einarsson er ekki slæmur en hann er heldur ekki skínandi glæsilegur leiðtogi. Oddný Harðardóttir var síðan jafnvel daufari.“

Margir öryrkjar hljóta að svelta

Sigurður segir öryrkja og ellilífeyrisþega vera skattþínda umfram aðra hópa: „Það fólk hvers hag Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ber fyrir brjósti, hans stóri frændgarður, það er í hópi

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Dýravinur Sigurður
heldur hænur og fleiri dýr.

fólks sem á kannski eignir frá 100 upp í 3.000 milljónir. Svona fólk lifir á fjármagnstekjum og borgar af þeim 22–30% skatt. Þegar fólk á svona mikið þá skipta skattleysismörkin hlutfallslega mjög litlu máli. Hjá fólki sem hefur sínar tekjur úr lífeyrissjóði þá er staðan hins vegar sú að það sér ekki fimmeyring af fyrstu 100.000 krónum sem það fær greiddar úr sjóðnum. Skattbyrðin af því sem þú vinnur þér inn sem öryrki er 74% af öllu umfram 25.000 krónur. Með tekju-skerðingu eru greiðslur úr almannatryggingum orðnar hluti af skattkerfinu en skerðing árið 2009 keyrði um þverbak. Skattbyrði öryrkja almennt er á bilinu 37–74% en skattbyrði hinna ríku skjólstaðinga Bjarna er niður í 22%. Að VG geti sætt sig við þetta er mér algjörlega óskiljanlegt.“

Sigurður segir að þrátt fyrir lágar bætur komist hann og Steinunn, eiginkona hans, þolanlega af. „Hún hefur ekki miklar tekjur af textilhönnuninni er hún er mjög dugleg við alls konar heimilisidnað, býr til dæmis til sultur. Við borðum mjög ódýrt og svo erum við með reykinguna sem er búbót. Ég lifi í raun á því sem ég var búinn að búa mér í haginn áður. Ég var ekki orðinn öryrki þegar við byrjuðum að byggja hér. Við byggðum annað hús í nágrenninu og sumarbústað í Þingvallasveit. Þetta seldum við og fluttum hingað. Ég hef alltaf verið handlaginn og gat gert ýmislegt sjálfur í þessu húsi, sem ábyggilega sparaði okkur milljónir. Við erum með lágar afborganir af lánnum. Við þetta bættist að ég hef verið að selja fágætari bækur úr safni mínu sem ég hef fengið nokkra fjármuni fyrir. Þegar þetta allt leggst saman þá svona rétt sleppur þetta hjá okkur. En við höfum orðið að neita okkur um munað á borð við leikhúsferðir og tónleika, sem við nutum mjög áður fyrr.“

Hvarflaði að þér þegar þú varst ungur maður dagskrárstjóri Rásar 2 að þú hefðir ekki efni á að fara á tónleika eða í leikhús þegar þú yrðir 68 ára?

„Nei, það hvarflaði aldrei að mér,“ segir Sigurður og bendir á að margir öryrkjar hljóti að svelta þegar honum rétt tekst að komast af með mikilli útsjónarsemi. „Þeir sem hafa þungan húsnæðiskostnað hljóta að gera það.“

Útvarp Saga og málaferlin

Á meðan viðskilnaður Sigurður við Rás 2 á sínum tíma hefur ekki verið áberandi í fjölmiðlaumræðu þekking margir til deilumála hans og Arnþrúðar Karlsdóttur, núverandi eiganda Útvarps Sögu. Arnþrúður og Sigurður voru á meðal fjórmenninga sem stofnuðu stöðina á sínum tíma og störfuðu þar, en hinir voru Ingvi Hrafn Jónsson og Hallgrímur Þorsteinsson. „Eins og allir litlir fjölmiðlar lentum við í rekstrarerfiðleikum því við náðum ekki þeim auglýsingatekjum sem við þurftum. Þá var rætt um hvort við gætum selt stöðina. Arnþrúður talaði við Jóhannes í Bónus og fékk hann í lið með sér. Hann lagði henni til fé og hún ákvað að kaupa okkur út. Hún kaupir Ingva Hrafn út úr félaginu. Síðan stóð til að borga okkur Hallgrím út en það dróst. Þegar við höfðum ekki fengið kaup í svolitinn tíma gengum við út og leituum til lögfræðinga. Ég gerði við hana sátt og fékk einhverja slummu af peningum en þeir fóru allir í lögfræðinginn svo ég fékk ekkert út úr þessu.“

Nokkrum árum síðar réð Arnþrúður hann til starfa á Útvarp Sögu. „Þetta voru ekki há laun en ég fékk frí á sumrin til að vinna sem leiðsögumaður og þar hafði ég mun hærri tekjur. Þetta gekk ágætlega en svo gerist það eitt haustið þegar ég kem úr sumarleyfinu og ætla að fara að byrja aftur, að þá svarar hún ekki endurteknum skilaboðum frá mér. Og þegar ég loksins fæ skilaboð frá henni þá er það uppsögn með sms: „Það er ekki gert ráð fyrir þér í vetrardagskrá Siggi minn.“ Svona var það nú orðað. En ég var starfsmaður þarna og í stéttarfélagi og það var ekki hægt að segja mér upp nema með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Arnþrúður var að lokum dæmd til að greiða mér uppsagnarfrestinn.“

Í millitíðinni notaði hún útvarpsstöðina til að ausa yfir mig svívirðingum og illmælgí. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þar hefði ég unnið meidýrðamál, en ég er blaðamaður og fjölmiðlamaður og mér er illa við þetta meidýrðamálakjafaði sem hefur verið í gangi í landinu, það getur haft hamlandi áhrif á málfrelsi. Hins vegar skil ég ekki hvers vegna Fjölmiðlanefnd greip ekki í taumana

því þarna var eigandi útvarpsstöðvar að nota miðilinn til að ausa svívirðingum yfir mann sem hún átti í deilu við út af launamálum. Aðstöðumunurinn var himinhrópandi. Ég skil ekki til hvers Fjölmiðlanefnd starfar ef ekki til að grípa inn í svona mál enda er hún bara til óþurftar og var stofnuð til að hafa pólitískan hemil á fjölmiðlum.“

Sigurður segist aldrei hlusta á Útvarp Sögu í dag og geti ekkert sagt um gæði stöðvarinnar. Hins vegar hafi verið mjög gaman að vinna þar á sínum tíma og samstarfsfélágarnir verið ágætir. „Arnþrúður var líka ágæt þegar hún var í lagi – en stundum var hún bara ekki í lagi.“ Sigurður vill ekki lýsa Arnþrúði nánar en þetta.

Málfari á fjölmiðlum hrakað

Sigurður unnið sér meðal annar við hlusta á vandaða tónlist en fylgist líka töluvert með sínum gamla miðli, útvarpsrásum Ríkisútvarpsins. Honum þykir þeim þó hafa hnignað. Við tengjum þetta við umræðu um íslenskt mál en Sigurður sá lengi um þáttinn Daglegt mál í útvarpinu. „Um tveggja og hálf árs skeið, frá 1984, sá ég um þennan þátt, flutti alls 270 þætti um daglegt mál. Ég hef vissulega

„ Fleira sem þarf að huga að og meðal þess er málfari í útvarpi, sem mér finnst hafa hnignað, líka á Rás 1 og 2.“

nokkrar áhyggjur af tungumálinu en fólk á borð við Eirík Rögnvaldsson, prófessor ermeritus, er að vinna gott starf, ekki síst með því að hvetja stjórnvöld til að leggja fé í máltækni, það er að þýða tölvumálið yfir á íslensku. Það er gífullega mikilvægt.

En það er fleira sem þarf að huga að og meðal þess er málfari í útvarpi, sem mér finnst hafa hnignað, líka á Rás 1 og 2. Það er kannski ekki von á góðu miðað við afstöðu núverandi málfarsráðunautar stofnunarinnar, Önnu Sigríðar Þráinsdóttur, sem sagði í þætti nýlega að málverndarmaður væri sá sem réðist af illgími gegn þeim sem töluðu ekki eins og hann. Þetta þykir mér undarlegt. Það hafa allir alvöru fjölmiðlar í heiminum reglur og handbók um hvernig talað skuli eða skrifað í þeirra miðli. Ég veit ekki til að slík bók sé til á RÚV. Árni Böðvarsson, sem var málfarsráðunautur stofnunarinnar þegar ég starfaði þar, kunni þetta vel og gerði skýran greinarmun á því málsniði sem átti að vera á milli rásanna tveggja, þar sem Rás 1 er mun formlegri. Í dag virðist mér þessi munur hafa þurrkast út. Núverandi dagskrárstjóri Rásar 1, Þróstur Helgason, virðist ekki hafa hugmynd um hvernig á að vinna í útvarpi né virðist hann hafa minnsta áhuga á að vita það. Mér þykir póstmódernískt fúsk einkenna Rás 1 og popptónlist er farin að verða þar mjög áberandi. Ég hef ekkert á móti popptónlist enda stjórnaði ég popprás einu sinni, það er að segja að Rás 2 samanstóð af popptónlist, fréttum og þjóðfélagsmálum. Ég hef alltaf talið að alvarlegri tónlist ætti heima á Rás 1 en svo virðist ekki vera lengur. Ég hlusta töluvert á morgunútvarpið á Rás 2, sem er ágætt, en síðdegis-

útvarpið er stórundarlegt og þar virðast aldrei vera nein fréttamál til umræðu lengur.“


Trúður en utan allra trúfélaga

Sigurður er ekki bitur og unnið hag sínum nokkuð vel. Hann talar hins vegar tæpitungulaust og sér enga ástæðu til að draga úr. Þær ávirðingar sem hann hefur látið falla um menn, flokka og stofnanir í þessu viðtali hefur hann nánast flutt með bros á vör. Hann segist hafa margt gott að lifa fyrir. „Ég á og hef átt margar margar yndis- stundir með fjölskyldu og vinum. Synir mínir tveir hafa til dæmis gert mér kleift að fara til útlanda með því að borga undir mig ferðir.“

Aðspurður segir hann hins vegar að heilsan sé ekki góð þó að sjónin hafi batnað nokkuð aftur. „Ég fékk lömunarveiki í æsku, í síðasta lömunarveikifaraldrinum sem gekk yfir árið 1955. Þetta hefur haft í för með sér slitgigt sem ágerist mjög með aldrinum. En mér þykir ekki gaman að tala um sjúkdóma. Hins vegar skal ég alveg viðurkenna að minn skammtur af óþverra í þeim efnum hefur verið nokkuð stór.“

Sigurður kveðst aðspurður vera nokkuð trúður en er þó utan allra trúfélaga, þar á meðal Þjóðkirkjunnar. „Mér var kennt að fara með kvöldbænir og signa mig á morgnana í æsku,“ segir hann. Hann fylgir þessu nú ekki lengur en viðurkennir að hann biðji stundum. Hann leggur hins vegar mikið upp úr trúfrelsi og meðal annars í því skyni hefur hann tekið að sér að vera athafnastjóri hjá félaginu Síðmennt sem iðkar borgaralegar athafnir sem valkost við kirkju- legar. Aðspurður segist Sigurður ekki þekkingu önnur dæmi um trúðan mann sem komi að starfi Síðmenntar. ■

Við erum í þínu hverfi



Er líklega víðförlasti Íslendingurinn

- Hefur ferðast til 217 landa
- Árstekjurnar hafa aldrei farið yfir eina milljón



Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það má leiða að því líkur að Katrín Sif Einarsdóttir sé víðförlasti Íslendingur allra tíma. Þrátt fyrir að vera aðeins á þrítugasta og fyrsta aldursári hefur Katrín Sif ferðast til 217 landa á jarðar-kringlunni. Rétt er að geta þess að víðurkennd ríki Sameinuðu þjóðanna eru 195 talsins en með

því, til dæmis, að telja Grænland og Færeyjar sem sér lönd í stað Danmerkur er með góðu móti hægt að telja upp í um 230 lönd.

Katrín Sif byrjaði ung að árum að ferðast. Faðir hennar er íslenskur en móðir hennar er ættuð frá Suður-Ameríkukríkinu Gvæjana. Eftir viðskilnað for-eldra hennar ólst hún upp í Vancouver í Kanada en heim-sótti Ísland reglulega. Fyrir rúmi ári fjallaði DV um þau tímamót

Katrínar Sifjar að ná að ferðast til 200 landa fyrir þrítugt. Það tókst henni þegar hún dvaldi á Maldives-eyjum yfir afmælið sitt en áttaði sig þá á því að hún hafði talið vitlaust og var í raun að ferðast til lands númer 201!

Bládamaður nýtti tækifærið þegar Katrín Sif var á landinu á dögnum til þess að setjast niður með henni og ræða ferðalög-in og lífsstílinn sem hún efast um að hún geti nokkurn tímann

gefið upp á bátinn. Hún stendur á vissum tímamótum því faðir hennar, Einar Óskarsson, lést í sumar. „Það var auðvitað mikið áfall og það er búið að taka talsverðan tíma að ganga frá öllum lausum endum.“

Er ekki í keppni í að safna löndum

Það er mjög óvanalegt að Katrín Sif sé stödd á Íslandi yfir vetrarmánuðina enda segist hún ekki vera mikil aðdáandi íslenska vetrarins og þá er það sérstaklega

myrkið sem leggst yfir allt drjúgan hluta sólarhringsins. „Ég upplifi Íslendinga oft eins og hálfgerð bjarndýr, sem leggjast í dvala á veturna en hressast svo og leika á als oddi á sumrin,“ segir hún. Þrátt fyrir að elska Ísland þá er hún hrifnari af því að elta sólina. „Ísland á stærstan sess í hjarta mínu. Því meira sem ég ferðast um heiminn því meira elska ég landið. Þrátt fyrir að ég hafi tengingar víða þá er Ísland alltaf staðurinn sem ég kalla ▶

Katrín Sif kunnir vel við sig í jóganámi í Goa



SULTU TVENNA

Chilli sulta og rauðlauk sulta



Flóra Vilko

REYKJAVIK

RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



í Vietnam



Katrín Sif undi hag sínum vel í Banglades

heimili mitt og það mun aldrei breytast," segir Katrín Sif.

Undanfarin tólf ár hefur Katrín Sif tekið að sér ýmiss konar leiðsögn, sérstaklega í hestaferðum, yfir sumarmánuðina á Íslandi en svo yfirgefið landið þegar hausta tekur og flakkað um heiminn í 8-9 mánuði. Það fer því fjarri að hún sé að „safna“ löndum með því að dvelja örstutt í hverju landi fyrir sig. Hún tekur sér tíma á hverjum stað og reynir að kynnast innfæddum og menningu þeirra.

„Ég er ekki í neinni sérstakri keppni í að reyna að ferðast til allra lands heims á sem skemmstum tíma. Ég held að sjálfsgöngu utan um hvaða lönd og staði ég hef heimsótt, en ég er að gera þetta fyrir sjálfa mig, fyrst og fremst. Ég upplifi oft að aðrir séu spenntari yfir landa-

fjöldanum en ég," segir Katrín Sif.

Hún segist skipuleggja ferðir sínar þannig að hún dvelji á svipuðum menningarsvæðum. „Ég hoppa ekki á milli heimsálfa enda er það dýrt og mjög lýjandi. Ekki bara ferðalagið heldur líka fyrir hugann að aðlagast sífellt mismunandi tungumálum, síðum og venjum. Til dæmis ferðaðist ég um Vestur-Afríku í einni ferð, Norður-Afríku í annarri ferð og svo framvegis," segir Katrín Sif.

Hún á aðeins eftir að heimsækja örfá viðurkennd ríki en í þeim hópi eru Alsír, Úsbekistan, Túrkménistan, Mið-Afríkulýðveldið og Suður-Súdan. „Ég hef verið í vandræðum með að fá vegabréfsáritun til fyrstu þriggja. Ástandið er ótryggt í hinum tveimur og því hef ég að-

eins beðið með að heimsækja þau. Mér liggur ekkert á," segir Katrín Sif.

Árstekjurnar aldrei yfir milljón

Aðspurð hvort hún fái aldrei nóg af þessum ferðalögum segir hún: „Nei, ég kann mjög vel að meta þennan lífsstíl. Ég elska að vera frjáls og legg ekki mikið upp úr veraldlegum gæðum.“ Að hennar sögn hafa útborgaðar árstekjur hennar aldrei farið yfir eina milljón íslenskra króna og því þarf hún að ferðast afar sparlega. Hún segist nánast vera komin með doktorsgráðu í að finna ódýrt flug. „Ég er oft fengin til þess að aðstoða fjölskyldu og vini við að finna ódýr fargjöld. Mál-ið er að helstu leitarsíður eru oft ekki með samning við sömu lággjaldaflugfélögin. Það þarf

Ég hoppa ekki á milli heimsálfa enda er það dýrt og mjög lýjandi. Ekki bara ferðalagið heldur líka fyrir hugann að aðlagast sífellt mismunandi tungumálum, síðum og venjum.

því að leita á nokkrum síðum og þannig er hægt að púsla saman ferð með hagstæðum hætti," segir Katrín Sif.

Þar sem hún þarf að halda vel utan um fjármálin á ferðum sínum þá velur hún oft ódýrasta valkostinn, hún ferðast því mikið með rútum. „Það hefur ekki verið neinn lúxus að fara í langar rútuferðir í Afríku og nú síðast í Indlandi. En það er mikil upplifun og maður fær meiri innsýn í líf innfæddra. Þetta er þó líklega ekki fyrir alla," segir hún kímín.

Þegar kemur að gistingu þá fer Katrín Sif óhefðbundnar leiðir. „Ég gisti yfirleitt ókeypis hjá heima-fólki í gegnum svokallað sófahopp (e. couchsurfing). Það er allur gangur á því hvernig aðstæður eru í boði en að mínu mati er þetta er afar skemmtilegur ferðamáti," segir Katrín Sif. Sem dæmi má nefna að hún heimsótti Banglades í fyrsta skipti á dögunum og gisti þá hjá tyrkneskum flugmanni sem búsettur var í höfuðborg landsins, Dakka. „Ég var bara búin að gista í íbúðinni hans í nokkra daga þegar hann var skyndilega kallaður til vinnu. Þá rétti hann mér bara lyk-lana og bað mig að læsa þegar ég færi," segir Katrín Sif og brosir. Hún segir að slíkt traust og vinarþel sé regla frekar en undantekning á ferðum hennar og það sé meðal annars ástæðan fyrir því hversu vel hún kann að meta þennan ferðamáta.

Hún segist aldrei hafa lent í neinum teljandi vandræðum en vissulega hafi allra þjóða vonbiðlar stundum gert hosur sínar grænar fyrir henni. Það hafi stundum reynst hvítleitt en Katrín Sif leysti það með því að ferðast um með hring á fingri og gefa þar með í skyn að hún væri lofuð. Það minnkaði allt slíkt ónæði til muna.

Sér um norðurljósa-jógaferðir Erindi Katrínar Sifjar til Íslands í janúar er að taka að sér fararstjórn í nýrri tegund af ferðabjónustu, jógaferðum með áherslu á að upplifa norðurljósin. „Líklegast þekkjast slíkar ferðir hvergi annars staðar í veröldinni og það verður spennandi að taka þátt í þessu verkefni. Þetta verða tvær ferðir sem ég sé um núna í byrjun árs með bandaríska ferðamenn. Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst og þá verður vonandi framhald á," segir Katrín Sif.

Hún segir að sér hafi boðist verkefnið í október í fyrra og slegið til. Eina vandamálið var að hún hafði vissulega iðkað jóga en hafði ekki kennara-réttindi. „Ég sagðist einfaldlega ætla að græja það og fann að lokum skemmtilegt mánaðarnám í Goa í Indlandi," segir Katrín Sif. Þar dvaldi hún í rúman mánuð í góðu yfirleiti. „Ég kunní vel við mig í Goa. Það er ekki sami hraðinn og lætin þar og annars staðar í Indlandi," segir Katrín Sif. Eftir vikuvöl áttaði hún sig skyndilega á því að í rúmt ár hafði hún ekki sofið jafn margar nætur í sama rúmi. „Það var mjög skrýtin tilfinning. Ég er alltaf á flakki og jafnvel þegar ég kem heim til Íslands þá er ég strax farin af stað í ferðir með útlendinga sem leiðsögumaður og þar sem hver nótt er á nýjum stað. Ég kunní þó ágætlega við að slaka á og klára námið," segir Katrín Sif.

Hún reiknar með að taka að sér enn fleiri verkefni sem fararstjóri erlendis á næstu árum. „Þetta er það sem ég kann og lifi fyrir, að ferðast. Ég fór með hóp til Suður-Afríku fyrir nokkru síðan og það gekk mjög vel. Ég mun starfa með einhverjum hætti við ferðamennsku í framtíðinni," segir Katrín Sif. ■

ÚTSALA AFSLÁTTUR 10-70%

HREIDUR.IS

Auðbrekka 6, 200 Kópavogur




ADALBÓN

Bryngljáa-
vörn
á bílinn
12 mánaða
vörn

hreinlega betri

Lyngháls 10 , 110 Reykjavík • S: 571 6005 / 776 7500 • adalbon@adalbon.is



Börn fundu beina- grind við Faxaskjól

■ Óupplýst morð? ■ Rannsókn ekki tekin alvarlega ■ Karlmaður um fertugt með slæman góm

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Sumaríð 1975 fundu nokkrir krakkar úr Vesturbænum mannabein grafin við Faxaskjól. Beinagrindin var nokkuð heilleg en fatalaus að undanskildum einum sokk. Eftir að krakkarnir grófu upp flest beinin kom lögreglan á staðinn en rannsóknin var ansi ófagmannleg. Sérstaklega í ljósi þess að sennilega var um sakamál að ræða. Jóhann Wathne var einn þeirra drengja sem grófu upp beinin. Hann segir að málið leiti enn þá á hann þar sem það upplýstist aldrei.

Eins og í Frank og Jóa

Um páskana árið 1975 voru nokkrir drengir um tólf ára aldur að leika í fjörukambinum við Faxaskjól í vesturbæ Reykjavíkur. Grófu þeir ofan í jörðina og komu þá niður á tvö stór bein, sennilega lærleggi. Nokkru síðar, mánudaginn 7. júlí, fóru þeir aftur á sama stað til að grafa og komu þá fleiri bein í ljós.

Jóhann Wathne, þá búsettur við Faxaskjól 4, var einn af þessum drengjum. Hann segir að bein-



Rannsóknarlögreglan Grófu eftir beinum og visbendingum.

in hafi fundist við Faxaskjól 12 þar sem einn af drengjunum bjó, á um það bil eins metra dýpi innan í steiptum stokki.

„Við vorum mikið að leika okkur þarna í mounum og skurðum. Þetta var ábyggilega gömul skotgröf frá tíma herliðsins. Fyrir framan var höll og við vorum búnir að grafa okkur í gegnum hólinn

til að gera kofa þarna í gröfinni. Þegar við fundum lærbeinin var okkur sagt að þau væru ábyggilega af kúm. Þegar við fórum aftur að grafa þarna seinna um sumaríð fundum við sokk. Þetta var nokkuð heillegur sokkur og við sturtuðum kjúkunum og fótbeinum úr honum. Þá áttuðum við okkur á því að þetta væri af manni.“



Krakkarnir við Faxaskjól Þjóðviljinn 9. júlí 1975.

Drengirnir urðu mjög spennir yfir þessum fundi og héldu áfram að grafa. Þá fundu þeir hvert beinið á fætur öðru. Einnig fundu þeir tvær byssukúlur og pípuhaus en engin önnur fót en sokkinn. Jóhann segir að strákarnir hafi alist upp við að lesa bækurnar um Frank og Jóa. Þarna voru þeir lentrir í slíku ævintýri.

„Að lokum fundum við haus-kúpuna. Einn af okkur tók kjálkann og hljóp um allt með hann. Þegar við vorum búnir að grafa þetta allt upp létum við afa eins okkar vita af fundinum. Hann hringdi þá á lögregluna.“

Rannsóknarlögreglumenn komu á svæðið, fóru í gegnum allan hauginn og tóku beinin. Einnig grófu þeir sjálfir og fundu fleiri bein en krakkarnir fundu þau flest. Svæðið var hins vegar ekki lokað af eins og venjulega er gert á vettvangi glæps þó að aðstæðurnar þættu grunsamlegar.

Krakkarnir héldu „rannsókninni“ áfram

Magnús Eggertsson og Haukur Bjarnason sáu um rannsókn málsins hjá lögreglunni. Haukur sagði við Þjóðviljann þann 9. júlí 1975 að frumrannsókn málsins hefði tekið tvo tíma, frá klukkan eitt til þrjú. Lögreglan amaðist ekki við því að krakkarnir héldu áfram að grafa.

„Þau eru komin á kaf í lögreglumál, og finni þau fleiri bein eða skot, mun lögreglan þiggja þá aðstoð með þökkum,“ sagði Haukur. Magnús sagði að frekari rannsókn á staðnum yrði ekki gerð nema að nýjar upplýsingar kæmu fram sem krefðust þess. Lögreglan spurði þó íbúana í nágrenninu, í Faxaskjól og Sörlaskjól, um þennan stað og hvort þeir hefðu séð eitthvað óvanalegt í kringum hann en ekkert kom úr því.

Þegar lögreglumennirnir voru farnir af svæðinu fóru krakkarnir þangað aftur og héldu áfram að grafa í jörðinni. Voru þar börn allt niður í þriggja ára aldur. Fundu

þau þá meira að segja nokkur bein til viðbótar. Jóhann segir að einn strákanna hafi átt hund sem tók eitt beinið og fór að naga það.

„Eftir á að hyggja var undarlegt hvernig tekið var á þessu máli. Það var heldur ekki talað um þetta eins og um sakamál hafi verið að ræða,“ segir hann.

Tölduð þið að þetta hefði verið morð?

„Já, við fórum alveg á fullt með það og örugglega frá stríðsárunum eða síðar út af skotgröfinni. Hverfið fer síðan að byggjast þarna upp í kringum 1950. Það er enginn sem dettur þarna og deyr og grefur síðan yfir sig. Auk þess hefur líkið sennilega aðeins verið í sokkum.“

Byrgin fyllt 1954

Í Faxaskjól reisti hernámliðið mikil mannvirkni, bragga og fleira. Á þeim stað sem beinagrindin fannst var skotæfingasvæði og því hugsanlegt að byssukúlurnar hafi verið frá þeim tíma. Kúlurnar voru 45 kalíber sem var harla óvanaleg stærð fyrir skotvopn á Íslandi. Hins vegar var stærðin algeng í skotvopnum fyrir heri. Við stokkin þar sem beinin fundust stóðu skotmörk sem dátarnir skutu að og kúlur því hæglega geta lent í jarðveginum. Það útskýrir hins vegar ekki af hverju líkið endaði þarna grafið, að mestu klæðlaust.

Svæðið var vinsælt leiksvæði barna eftir stríðið. Á fyrri hluta sjötta áratugarins var það rutt og grafið ofan í byrgin, meðal annars grasi, mold og torfi úr gördum í nágrenninu. Kunnugur maður sagði að byrgin hefðu verið orðin full árið 1954. Benti það til þess að líkið hefði verið sett þar ofan í um þetta leyti eða síðar. Á móti kemur að staðurinn var þá orðinn sérlega óhentugur til þess að grafa lík, aðeins um þrjátíu metrum frá næsta íbúðarhúsi.

Karlmaður með slæman neðri góm

Beinin voru flutt á rannsóknarstofu Háskóla Íslands til aldurs-

NOKIA

ÍMYND
GLÆSILEIKANS

Nokia 7.1

Með öllu því
nýjasta frá Google

- 12 mp tvöföld ZEISS myndavél
- full hd+ 5.84" hdr skjár
- 4/64gb minni

androidone

ZEISS



Jóhann Wathne
Einn drengjanna sem fundu beinin.

”Eftir á að hyggja var undarlegt hvernig tekið var á þessu máli

vegar hafi vantað tvær tennur í neðri góm og hann hafi því átt erfitt með að tyggja. Einnig að beinin sjálf væru ósködduð og hæð mannsins á bilinu 163 til 181 sentimetra. Sennilega hefur hann þó verið um 170 til 173 sentimetra há.

Jóhann segir að þrír drengjanna haldi enn þá góðu sambandi og málið leiti enn þá á.

„Ég hef margoft hugsað um þetta í gegnum tíðina. Þá leit ar það alltaf á mig hver þetta gæti hafa verið. Þetta þótti mjög spennandi fyrst og gatan fylltist af fólki og bílum. Fjallað var um þetta í öllum blöðunum en ég man að við strákarnir voru svolítið spældir að sjónvarpið var í fríi. Við hugsuðum meira að segja um að geyma þetta þangað til að sjónvarpið kæmi úr fríi. En svo kom aldrei neitt í ljós um hver þetta hefði verið og við fréttum aldrei neitt meira af þessu. Síðan var mokað yfir svæðið og við byggðum okkar kofa neðar í götunni.“

Framhald í næsta blaði. ■

og kyngreiningar. Um skoðun beinanna sáu Ólafur Bjarnason, prófessor í meinafræði, og Jón Steffensen, prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði. Skömmu eftir að beinin komu til þeirra sagði Ólafur að beinin væru af karlmanni sem hafi verið um fertugt þegar hann lést. Hann gat hins vegar ekki sagt til um hversu lengi þau hefðu legið grafin en horft var til árána 1951 til 1955. Allar tennurnar sem fundust voru heilar og því ekki hægt að nota tannkort frá tannlæknum. Hins

Ísbjörn hengdur við borðstokkinn

Skipverjar á skipinu Guðnýju ÍS 266 komust í hann krappan þegar þeir hengdu ísbjörn við borðstokkinn sumarið 1993. Sögu þeir þetta hafa verið mannúðlegustu aðferðina við að aflífa dýrið sem engan veginn hefði verið hægt að bjarga. Skipstjórinn fékk hins vegar á sig kærur frá dýraverndarsamtökunum fyrir ómannúðlega meðferð á birninum.

Skipverjar með bangsahræ DV 28. júní 1993.



Tók nokkrar sekúndur

Guðný ÍS 266 frá Bolungarvík var á línuveiðum um sextíu sjómílur norðaustur af Hornbjargi þegar skipverjar sáu hvítbjörn á sundi. Syndi hann upp að skipinu og virtist aðframkominn af þreytu. Í samtali við DV þann 28. júní sagði Rögnvaldur Guðmundsson vélstjóri að ekki hefði neitt annað komið til greina en að fanga dýrið því annars hefði það drukknað.

„Við köstuðum snöru um hann miðjan og drógum hann að skipsfliðinni. Það kom síðan einhver kraftur í hann þegar hann var kominn upp á miðja síðu og hann lamdi allt og barði. Við sáum að við myndum ekkert ráða við hann og tókum því þá ákvörðun að drepa hann. Við settum aðra snöru utan um hálsinn á honum og rykkum síðan í. Það tók ekki nema nokkrar sekúndur þar til hann var dauður. Við létum hann dingla í snörunni eins og þeir gerðu í vestrinu.“

”Við létum hann dingla í snörunni eins og þeir gerðu í vestrinu

Í ljós kom að skipstjóri hefði fengið kauptilboð í hræið, þar á meðal sérstakt tilboð í kynfærin. Innan tveggja daga hafði Samband dýraverndarféлага Íslands sent frá sér tilkynningu þar sem drápið var sagt voðaverk.

„Með þessu verki höfum við sýnt umheiminum að við metum líf þeirra einskis en ráðumst jafnvel á dýr í útrýmingarhættu og murkum úr þeim lífið í gróðaskyni.“

Ekki voru allir heldur sannfærðir um trúverðuleika frásagnar skipverjanna. Karl Skírnisson dýrafræðingur benti til dæmis á að bjarnadýr gætu synt dögum saman án þess að þreytast.

Var Jón Pétursson skipstjóri kærður fyrir brot á lögum um dýravernd í kjölfarið. Var þess einnig krafist að lagt yrði hald á hræið og það krufið á tilraunastofunni á Keldum. Rögnvaldur sagði kærana rugl og að ísbirnir væru ekki fríðadír.

Í september þetta ár var Jón sýknaður af kærinni hjá Héraðsdómi Vestfjarða. Ísbjörninn hafði þá verið afhentur til rannsóknar. Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra sagði að samkvæmt samkomulagi yrði feldurinn afhentur Bolvkingum og komið fyrir á nýrri náttúrugripastofu bæjarins. ■

Skipstjórinn sýknaður af dýraníði

Hengingin á bangsa vakti mikla athygli og reitti dýraverndunar-sinna til reiði. Sérstaklega eftir að



Kjötpottur landsins Dreift árið 1911.

Beittasta skop-teikning Íslands

S tjórnmal í dag eru jól og páskar miðað við þá orrahríð sem geisadi á árum áður. Í valdatíð Björns Jónssonar, Íslandsráðherra frá 1909 til 1911, var heiftin gríðarleg. Björn var umdeildur og eignaðist marga fjandmenn vegna ýmissa mála, þar á meðal rannsóknar á Landsbankanum og áfengisbannsins.

Árið 1911 létu fjandmenn Björns teikna skopmynd af honum og hans félögum og var myndinni dreift um allt land. Enginn var skráður fyrir myndinni en hún hefur fengið heitið „Kjötpottur landsins“ enda stendur það á henni miðri.

Myndin er mjög ítarleg og augljóslega mikið lagt í hana. Víða er myndmál og ýmsar tölur sem hægt er að rýna í og túlka. Við kjötpott landsins stendur ráðherrann Björn í líki skepnu og ofan í hann hella landsmenn sínum sköttum. Úr pottinum útdelir Björn gæðunum til vina sinna sem einnig eru í dýrslíki. Má þarna sjá þingmennina Bjarna Jónsson frá Vogu sem gölt og Björn Kristjánsson sem hrút. Einnig skáldið Einar Hjörleifsson Kvaran sem kött. Fjöldi annarra skepna og tákna eru á myndinni og fyrirtaks gáta til að spreyta sig á. ■

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía
Íslensk framleiðsla

60

120/180

220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

Átökin á Norður-Írlandi

Upphafið og friðarferlið

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



The Troubles, sem má útleggja sem Vandræðin á íslensku, á Norður-Írlandi hófust í október 1968 þegar efnit var til mannréttindagöngu í Londonderry og þeim lauk með friðarsamningnum sem kenndur er við föstudaginn langa þann 10. apríl 1998. The Troubles voru blóðug átök fylkinga á Norður-Írlandi. Í brennidepli átakanna var staða Norður-Írlands. Sumir vildu að landið yrði áfram hluti af Bretlandi en aðrir vildu sameinast Írlandi.

Markmið sambandsinna, sem eru að stærstum hluta mótmælendatrúar, var og er að Norður-Írland verði áfram hluti af Stóra-Bretlandi. Markmið þjóðernissinna og lýðveldissinna, sem eru að stærstum hluta kaþólskir, var og er að Norður-Írland verði hluti af Írlandi. Þrátt fyrir að mótmælendur og kaþólikkar hafi skipað sér í andstæðar fylkingar í þessum átökum þá voru

átökin ekki af trúarlegum meiði heldur snerust þau um hvernig stjórnskipunarleg staða Norður-Írlands ætti að vera. Á bak við deilurnar voru tvö mismunandi sjónarhorn á þjóðernisvitund og hvoru landinu hóparnir vildu og töldu sig tilheyra.

Í átökum hópanna, sem lögregla og her blönduðust inn í, misstu rúmlega 3.600 manns lífið og allt að 50.000 manns særðust líkamlega. Þá er ótalinn allur sá fjöldi sem varð fyrir sálrænum áföllum.

Árið 1968 höfðu sambandsinnar ráðið lögum og lofum á þingi Norður-Írlands í rúmlega fimm tíu ár. Þinginu gekk illa að leysa úr félagslegum og pólitískum ágreiningsefnum, þar á meðal mismunum sem kaþólikkar sættu hjá opinberum stofnunum. Aðgerðir þingsins í þessum efnunum voru of hægjar að mati margra þjóðernissinna og lýðveldissinna og of hraðar að mati margra sambandsinna. Þetta orsakaði aukna spennu hjá báðum hópunum og ofbeldisverk voru unnin á báða bóga. Þessi aukna spennu og stjórnleysi varð til þess að breskar ríkisstjórnir gripu oft inn í málin. Árið 1969 var staðan orðin svo alvarleg að breskir hermenn voru sendir til Norður-Írlands til að koma á lögum og reglu. En ástandið versnaði enn og 1972 leysti breska ríkisstjórnin norðuríriska þingið upp og tók stjórn landsins yfir. Eftir að hafa verið í útjaðri breskra stjórn mála áratugum saman var Norður-Írland nú orðið miðpunkturinn.

Átökin

Á þessum tíma var Provisional Irish Republican Army (PIRA), sem var aðalheraðararmur lýðveldissinna, allt annað en áhugasamur um lausnir á málunum nema þær fælu í sér að Bretar létu

Norður-Írland af hendi og að Norður-Írland myndi sameinast Írlandi.

PIRA hafði klofið sig frá „Official IRA“ 1969 og var yfirleitt nefndur IRA eftir það. Í huga IRA var eina lausnir stríð en þessi hugmynd hafði fengið byr undir báða vængi eftir að ný



Vandræðin
Þúsundir létust
og tugþúsundir
særðust.

Vaxandi ofbeldi og sífellt flóknari staða varð til þess að lokatilraun var gerð til að ná sáttum

lög voru kynnt til sögunnar 1971, sem heimiluðu yfirvöldum að fangelsa fólk án undangenginna réttarhalda, og í kjölfar drápsins á 13 manns sem breskir fallhlífahermenn skutu til bana á hinum blóðuga sunnudegi, Bloody Sunday, 1972. Eftir að leynilegar viðræður við bresk stjórnvöld fóru út um þúfur 1972 ákváðu leiðtogar IRA að grafa undan stjórn Breta á Norður-Írlandi með því að efna til minniháttar átaka og stunda skærur. Stærstu hreyfingar sambandsinna, Ulster Defence Association (UDA) og Ulster Volunteer Force (UVF), höfðu ákveðið að beita ofbeldi í baráttu sinni gegn lýðveldissinum og til að koma í veg fyrir sameiningu við Írland. Vaxandi ofbeldi og sífellt flóknari staða varð til þess að lokatilraun var gerð til að ná sáttum.

Bein stjórn Breta á Norður-Írlandi var talin vera skammtímalausn og fljótlega var hafist handa við að endurreisa sjálfstjórnina. Fyrsta stóra tilraunin til þess var gerð 1973 með hinum svokallaða Sunningdale-samningi sem kvað á um að deiluaðilar myndu deila völdum og stýra landinu. Aðeins þrjú flokkar tóku þátt í viðræðunum og samningurinn var ekki langlífur því hann hrundi til grunna snemma árs 1974. Þrátt fyrir að Sunningdale-samningurinn hafi ekki orðið langlífur var hann mikilvægur því í honum voru ákveðin atriði sem komu að góðum notum þegar friðarsamningurinn var gerður 1998.

Samningur Breta og Íra


Ofbeldi fór stigvaxandi eftir að Sunningdale-samningurinn var úr sögunni og reyndu breskar ríkisstjórnir að ná pólitísku samkomulagi um framtíð Norður-Írlands við heimamenn en þó aðeins þá stjórnmalaflokka sem breska ríkisstjórnin taldi „löglega“ og ekki fylgjandi ofbeldi.

Bresk-írski samningurinn, Anglo-Irish Agreement, 1985 var tilraun til að ná pólitískum sáttum

sem gætu leyst málin. Samkvæmt honum fékk írski ríkisstjórnin ákveðið ráðgjafahlutverk í málefnum Norður-Írlands og kvað á um að engar breytingar myndu verða á stjórnarskrárlegri stöðu Norður-Írlands. Það þýddi að írsku ríkin myndu ekki sameinast án samþykkis íbúa beggja ríkja. Sambandsinum hugnaðist þessi samningur illa og þeir vildu ekki sjá aðkomu írsku ríkisstjórnarinnar og hvað þá að deila völdum með andstæðingum sínum. Aðeins tveir stórir stjórnmalaflokkar studdu samninginn. Sinn Féin, stjórnmalahreyfing IRA, var jafn mikið á móti samningnum og sambandsinnar. Flokkurinn hafði vaxið og öðlast meiri áhrif með árunum. Sinn Féin sá um pólitíska baráttu á meðan IRA sá um vopnaða baráttu lýðveldissinna.

Friður að lokum

Árið 1996 tókst loksins að fá deiluaðila að samningaborðinu til að ræða saman af fullri alvöru. Ákveðið pólitískt raunsæi og stríðspreyta varð til þess að viðræðurnar gátu hafist. Það skipti einnig miklu máli að Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, tók virkan þátt í viðræðunum og útnefndi George Mitchell, fyrrverandi öldungadeildarþingmann, sem fulltrúa Bandaríkjanna í viðræðunum. Margir sambandsinnar töldu algjörlega óásættanlegt að sest væri að samningaborðinu með Sinn Féin og tók flokkur Ians Paisley, Democratic Unionist Party, ekki þátt í viðræðunum en tók síðan sæti á þingi í kjölfar friðarsamningsins sem náðist 1998. Samkvæmt honum samþykktu báðar fylkingar að deila völdum og stuðla að friði. Samið var um að breytingar á stjórnskipunarlegri stöðu Norður-Írlands, sameining við Írland, verði aðeins að veruleika ef slík tilaga verður samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslum beggja vegna landamæranna og að þær verði haldnar samtímis. ■



George Mitchell Leiddi deiluaðila saman að undirlagi Bills Clinton Bandaríkjaforseta.

TILBOÐ

20% AF ÖLLUM FATNAÐI

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA



**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppbogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**

Bigfoot



Hvaðan kom hann og hvernig varð hann til?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þegar bandaríska dagblaðið Humboldt Times birti lesandabréf 21. september 1958 skrifaði blaðamaðurinn Andrew Genzoli athugasemdir við bréfið í dálki við hlið þess. Í lesandabréfinu sagði lesandinn frá skógarhöggsmönnnum í norðurhluta Kaliforníu sem hefðu fundið risastór og dularfull fótspor. Í athugasemd sinni skrifaði Genzoli meðal annars: „Kannski er þarna á ferð ættingi Snjómannsins ægilega úr Himalæjafjöllum.“

Þúsund dollarar í verðlaun

Eflaust datt Genzoli ekki í hug að þessi skrif hans myndu vekja mikla athygli enda sagði hann síðar að hann hefði einfaldlega talið þessi dularfullu fótspor vera „góða sunnudagsfrétt“. En lesendur heilluðust af þessu og Genzoli og samstarfskona hans, Betty Allen, birtu framhaldsfréttir um málið þar sem þau skýrðu frá nafninu sem skógarhöggsmennirnir höfðu gefið „verunni“ sem skildi fótsporin eftir sig. Hana höfðu þeir nefnt Bigfoot, Stóra fót. Þar með var goðsögnin orðin til.

Joshua Blu Buhs, höfundur bókarrinnar Bigfoot: The Life and Times of a Legend segir að um allan heim séu til goðsagnir og mýtur um verur í mannlíki, líkt og Bigfoot. Í vesturhluta Kanada er til dæmis til sagan um Sasquatch meðal Sasq'ets-



Bigfoot Hjartnæm Hollywood mynd.

„Það var loðið og gekk upprétt. Eins og stór api.“



Stórfótur í skógi um Norður Ameríku.

indíána. Á hinn bóginn njóti Bigfoot ákveðinn sérstöðu því hægt sé að rekja uppruna hans beint til fréttar Humboldt Times 1958. Til séu stakar frásagnir um villta menn hér og þar í eldri blöðum en almennt séð hafi ekki skapast um-

ræða um Bigfoot fyrr en í lok sjötta áratugarins.

Skógarhöggsmennirnir kenndu Bigfoot um ýmis skemmdarverk en Betty Allen taldi þá ekki trú á þessa dularfullu veru í raun og veru. Hún taldi þá aðeins vera

að segja sögur með „goðsagnaryfirbragði“. En þrátt fyrir þetta tóku fjölmiðlar um öll Bandaríkin söguna upp og í sjónvarpsþættinum Truth or Consequences var heitið 1.000 dölum í verðlaun ef einhverjum tækist að sanna tilvist Bigfoot.

Spor Stórfótar

Gerald Crews var einn þeirra sem „fann“ fótspor eftir Bigfoot á upphafsárum tilvistar hans eða kannski öllu heldur á upphafsárum sagna af þessari dularfullu veru. Hann var að vinna við vegagerð þegar hann fann fótsporin. Hann tók plastafsteypu af þeim því hann taldi að enginn myndi trú á honum. Saga hans kveikti mikinn áhuga fólks og vakti að vonum vantrú hjá öðrum. Fréttamenn sýndu þessu að sjálfsögðu áhuga og fóru á stúfana.

Millie Robbins, sem var blaðamaður hjá Chronicle í San Francisco, fór á stúfana til að kanna málið. Hún átti sumarhús ekki fjarri þeim stað þar sem Crews fann fótsporin og þekkti hún því svæðið vel. Hún ræddi við vegavinnu- menn á svæðinu en þeir vildu ekkert segja um málið. En það breyttist þegar hún hitti Ray Kerr. Hann sagðist hafa séð fótsporin og dýrið sjálf.

„Ég var að aka til vinnubúðanna þegar eitthvað stórt hljóp yfir veginn fyrir framman mig ... Það var loðið og gekk upprétt. Eins og stór api, er besta lýsingin.“

Táknmynd óbyggðanna

Árið 1967 heyrði Roger Patterson um fleiri fótspor eftir Bigfoot og fór til Humboldt til að kanna mál-

id. Hann fór til Bluff Creek og kom þaðan með 30 sekúndna upptöku sem sýnir hávaxna og loðna veru á ferð í skóginum. Þessi upptaka er frægasta „sönnunargagnid“ um tilvist Bigfoot.

Sagan af Bigfoot átti miklum vinsældum að fagna í svokölluðum karlablöðum á næstu árum og ódýrum kiljum. Í þessum blöðum og bókum var Bigfoot ávallt karlkyns og stórhættuleg vera sem læddist um í óbyggðum. Þegar kom fram á áttunda áratuginn var farið að fjalla um Bigfoot í sjónvarpsþáttum, heimildapáttum, þar sem tilvist hans var rannsökuð. Kvikmyndagerðarmenn gerðu Bigfoot líka skil og var honum oft lýst sem kynferðislegu rándýri. Á níunda áratugnum komu mýkri hliðar Bigfoot fram á sjónarsviðið. Hann fór að tengjast umhverfisvernd og var táknmynd óbyggðanna sem þarf að varðveita. Gott dæmi um þetta er kvikmyndin Harry and the Hendersons en þar var Bigfoot vingjarnleg en misskilin vera sem þarfnadist verndar fjölskylduföðurins, Johns Lithgow, og fjölskyldu hans.

En af hverju hefur Bigfoot lifað svo góðu lífi í rúmlega 60 ár? Eflaust eru margar ástæður fyrir því en kannski má segja að hann hafi orðið fjölmiðlastjarna á sínum tíma. Það sama á við um hann og varúlfa, það þarf eiginlega ekki að útskýra af hverju einhver breytist í varúlfa þegar tungl er fullt og ekki þarf að útskýra af hverju hávaxin og loðin vera ráfar um skóga og óbyggðir. Þetta er bara eitthvað sem er einfalt að tengja við og vísa í. ■



LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur




Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Helgarkrossgátan



Teikning: Hallór Andri eftirprentun bönnuð	brotin	veislu	vani
andvarp			6
yti			
her			
maður	5	útlímir	

↓	↓	litast	fargaði	kona	ummerkið	þegar	álpast			
↓										þor
sprottnar							tálmi	mann		
litlar						bjarg				
eira				spríklar ávöxtur				vagga garmur		
sorterað						naðra	8	spendýr	1	fallega
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	49 gras			vinnu					
möndull			dútt		2		spandera			öskur
	↓	4	fluttu		táldrag dýrahljóð			áttund afkvæmi		
gjald- miðillinn							sáðlönd			
fugl				áttund miskunn			sefar rýmt			
		kofur sturluð								fugl
haf	3		uppnefni		muldur	ytra galti	9			bjána
ruddust							bein hijómfall			
starfsgrein				getu meyr				nibba		
	snaut	sérhvert bjáni					smyr eyðir			
vökvi					tré flaum			kyn	sansa	
systir					7	óryðguð				
sund			fugl				grastoppur			
fjarstæða						vankað				

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5
8		4		2		1	
	7	3	4				9
		9		4			1
7						9	3
3	6		2	7		8	
	1	2					
	5	8	9		4	2	
			1			5	8
						4	

Erfið

						3	5
		5		9	8	4	
6		7					
	5		3	7		2	
	8		4			5	
	7	8	9	4	3	6	
				2			8
	1	4	5	6			

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Gunnar Marmundsson
Stóragarði 15
860 Hvolsvöllur
Lausnarorðið var **PÚÐURKERLING**
Gunnar hlýtur að launum
bókina Sálumessa



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókinn Rotturnar

Höfundur: Ragnheiður Eyjólfsdóttir
Er hægt að smitast af löngu útdauðri drepsótt? Og hverjar væru þá líkurnar á að lifa af? Hópur ungmenna endar í sumarvinnu úti á landi þótt þau hafi ekki sóst eftir henni. Fyrir röð tilviljana, að því er virðist, eru nokkur þeirra valin til að sinna verkefni við niðurníðan hálandisskála en þegar þangað er komið gerir eitthvað skuggalegt vart við sig. Fyrir en varir þurfa þau að berjast fyrir lífi sínu og umfram allt halda í vonina.
Rotturnar er þriðja bók Ragnheiðar Eyjólfsdóttur en sú fyrsta, Arftakinn, hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2015 og Bóksalaverðlaunin í flokki ungmennabóka og framhaldið, Undirheimar, fékk Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2017.

Uppáhaldsmatur Alþingismanna

■ Brynjar Níelsson elskar hrossabjúgu ■ Áslaug Arna minnst móður sinnar með kjötbollum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Matur segir margt um manninn og því ákváðum við að taka nokkra Alþingismenn tali og spyrja einfaldlega hver þeirra uppáhaldsmatur væri.

Hangs yfir sósupotti

„Fyrsta sem kemur upp í hugann eru rjúpur, þótt ég borði þær ekki nema einu sinni á ári. Aðdragandinn, bragðið og hefðirnar allt í kringum þær gera rjúpunar einstakar. Fyrir utan að gefa frá sér hráefni í bestu sósunu. Kristján fer iðulega á rjúpu með félögum sínum, við hamflettum og gerum að rjúpunum saman þann 22. desember og leggjum góðan grunn í sósunu. Síðustu árin hef ég bætt við rjúpnapaté sem er skemmtileg og góð viðbót. Það er gaman að standa yfir pottunum allan aðfangadag, smakka og „dedúa“ eitt og annað. Falla inni á milli í smá geðshræringu yfir því hvort sósan verði ekki örugglega með rétta rjúpnabragðið. Að upplifa síðan mömmu og systur mína koma á aðfangadagskvöld, varla heilsa en fara beint að sósupottinum í smá smakk og hanga þar, er gaman að upplifa. Matarmenningin og hefðirnar sem fylgja einum rétti, þessum tiltekna rétti gerir heildarmyndina þannig að hún vekur upp ljúfar minningar og kitlar bragðlaukana í senn. Bið ekki um meira. En rjúpur eru það.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Viðreisn



Einn í bjúgum á heimilinu

„Minn uppáhaldsmatur er hrossabjúgu með uppstúf. Ástæðan er aðallega sú að hrossabjúgu er betri en annar matur. Kannski hefur einnig áhrif að aðrir á heimilinu geta ekki hugsað sér að borða bjúgu. Verð ég því að gera mér ferð í Múlakaffi eða til Haraldar Benediktssonar, bónda á Vestri Reyn, til að fá hrossabjúgu.“

Brynjar Þór Níelsson, Sjálfstæðisflokkur



Með eindæmum matsár

„Uppáhaldsmatur er alfarið tengdur stemningunni, enda er ég í raun selskapsmatarunnandi meira en að ég tengi við ákveðna tegund. Uppáhaldsmatur getur þannig verið allt frá grísku salati niðri við Miðjarðarhaf til lambafilé með villisveppasósu, rósakáli og rauðkáli á aðfangadag. En hafandi sagt þetta þykir mér hvítlauksristaður humar hið mesta hnossgæti og er það líklega vegna þess hversu sjaldan hann er á borðum. Borða flest en er þó með eindæmum matsár og nenni ekki að borða mat sem mér finnst ekkert sérstakur. Þá fæ ég mér frekar bana og skyr.“

Helga Vala Helgadóttir, Samfylkingu

Minning um mömmu

„Ég borða eiginlega allan mat og því er valið erfitt. En ég ætla að velja marokkóskar kjötbollar sem settar eru í pítu með alls konar meðlæti. Ég tengi matinn mikið við mömmu sem eldaði þetta og var algjör sérfræðingur í að gera svona góðar kjötbollar sem hægt var að nota á marga vegu.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Sjálfstæðisflokkur



Silja Dögg Gunnarsdóttir, Framsóknarflokkur

Besti maturinn í þinginu

„Uppáhaldsmaturinn í þinginu er kótelettur og braudsúpa. Ekki saman, heldur hvort í sínu lagi. Þennan mat geri ég ekki sjálf en fæ bara í mötuneyti þingsins. Annars finnst mér matur úr góðu hráefni og eldaður af alúð allur góður.“

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Vinstri græn



Pönnukökur fastur liður

„Mér finnst eitt-hvað svo heimilislegt við að steikja pönnukökur þegar gestir koma, þannig að það hefur verið fastur liður frá því að ég byrjaði að búa. Svo eru þær náttúrulega svo góðar.“




Andrés Ingi Jónsson, Vinstri græn

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500



SAKAMÁL



11 manns féllu fyrir hendi franska flækingsins Josephs Vacher á þriggja ára tímabili sem hófst árið 1894. Vacher myrta fórnarlömb sín, eina konu, fimm unglingsstúlkur og fimm unglingspilta, og afskræmdi og limlesti lík þeirra. Einhver fórnarlambanna voru fjárhíðar sem gættu fjár á afskekknum stöðum. Þau voru stungin ítrekað, rist á kvið og nauðgað á alla vegu. Árið 1897 réðst Vacher á konu á akri í Ardeche í suðausturhluta Frakklands. Konan varðist og tókst með öskrum að vekja athygli eiginmanns síns og sonar, sem komu henni til bjargar og færðu Vacher í bönd. Hann játaði glæpi sína og endaði ævina í fallöxi 31. desember 1898.

SKOTÁRÁSIN Á CALL

■ Fjárhirslur Ferris höfðu látið á sjá ■ Hann skellti skuldinni á lögfræðinga sína

Ekki er óalgennt að fólk sé óánægt með frammistöðu lögfræðinga sinna enda nánast sjálfgefið að einhver sitji uppi með svartapétur þegar málaýktir liggja fyrir.

Sú var raunin hjá kaupsýslumanninum Gian Luigi Ferri, þá 55 ára, sem ákvað að gera lýðum ljós vonbrigði hans með þá þjónustu sem hann fékk hjá lögmannastofnunni Pettit & Martin við California-stræti 101 í San Francisco.

Óánægður skjólstaðingur

Það var þann 1. júlí, 1993, sem Ferri fékk sig loks fullsaddan af viðskiptum sínum við lögmannastofuna. Þá hafði Ferri verið skjólstaðingur Pettit & Martin í að minnsta kosti tíu ár og hafði að sögn alið á gríðarlegri óbeit í garð stofunnar í mörg ár. Óbeitin var meðal annars tilkomin vegna ráðgjafar sem hafði nokkrum árum áður orðið Ferri dýrkeypt og höggvið verulegt skarð í fjárhag hans.

Vel undirbúinn

Rétt fyrir klukkan þrjú síðdegis

þennan dag fór hann inn í lyftu á jarðhæð byggingarinnar við California-stræti 101, þar sem Pettit & Martin var til húsa, til að undirstrika óánægju sína með þeim hætti að tekið yrði eftir.

Ferri fór úr lyftunni á 34. hæð. Hann var greinilega vel undirbúinn því hann hafði heyrnarskjól á höfðinu og var vopnaður tveimur TEC-9 skammbýssum og .45 kalíbera skammbýssu að auki.

Fyrstu fórnarlömbin

Hann ráfaði um stund á þeirri hæð og fann sín fyrstu fórnarlömb í fundarherbergi sem Pettit & Martin leigði stundum út. Fjögur voru í fundarherberginu; Jack Berman og Jody Jones Sposato, en Sposato var þar stödd til að fá skráða málshöfðun sína, vegna kynbundinnar mismununar, á hendur fyrrverandi vinnuveitana sínum. Þarna voru einnig Deanna Eaves hraðritari og lögfræðingurinn Sharon O'Roke sem tók niður vitnisburð Sposato. Ekkert þeirra tengdist lögmannastofu Pettit & Martin.



California-stræti 101 Ferri hófst handa á 34. hæð byggingarinnar.

Tvö skotin til bana

Ferri skaut í gegnum glervegg fundarherbergisins með þeim afleiðingum að Berman og Sposato létust samstundis. Eaves leitaði skjóls undir borðinu og fékk skot í handlegginn, en O'Roke reyndi að forða sér á hlaupum og var skotin fimm sinnum. Báðar sluppu með líftórana.

Að þessu loknu fór hann á næstu hæð fyrir neðan og notaði til þess stigana í stað lyftunnar.

Umfiöllun Málinu voru gerð góð skil í fjölmiðlum á sínum tíma.

Yankees — Rain Help

San Francisco
THE LARGEST DAILY CIRCULATION

SATURDAY, JUL



The Gun
Killer's Letter Sh



Hann var greinilega vel undirbúinn því hann hafði heyrnarskjól á höfðinu og var vopnaður tveimur TEC-9 skammbýssum og .45 kalíbera skammbýssu að auki.

Þar á ganginum gekk hann í flasið á hjónunum John C. og Michelle Scully.

Fórnaði sér fyrir eiginkonu sína

John, sem vann hjá Pettit & Martin, hafði heyrt kothríðina og hlaupið niður á 33. hæð þar sem hann vissi að eiginkona hans, sem vann hjá annarri lögmannastofu, var.

Þau hugðust komast undan með því að nota lyftuna en Ferri stöðvaði för þeirra. Síðar sagði Michelle að þegar Ferri miðaði skammbýssunni á þau hafi eiginmaður hennar stigið fram fyrir hana og í veg fyrir kúluna. John lést af sárum sínum, en Michelle fékk skot í handlegginn og lifði af.

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónuþjón

Náttúruleg SLÖKUN

Styrkur gegn streitu
Lætur jafnvegi á kalk upptöku og jafnar
hæfirþrjú magn magnesíum í líkamunum

226 gr

BETRI SVEFN



3 ár, tæp, liðu frá því að Nadine Anne Taylor hvarf þar til lík hennar fannst. Hún hafði skotist út í símasjálfsala í Halifax í Kanada þann 28. júlí árið 2010 og ekki sést síðan. Grunur féll á mann að nafni Steven Laffin í október það ár eftir að hann var ákærður fyrir mannrán á annarri konu. Henni tókst að sleppa úr farangursrými bíls Stevens og gera viðvart. Steven rændi Nadine nokkrum dögum fyrir eigið brúðkaup. Hann narraði hana heim til sín þegar unnusta hans var í gæsapartíi. Eftir að hafa misþyrmt Nadine kynferðislega losaði hann sig við líkið. Þegar unnusta Stevens kom heim var blóð að sjá víða í kjallaranum. Steven útskýrði það á þann veg að ræningi hefði ráðist á hann í heimkeyrslunni og hann hefði ekki viljað útata allt húsið og því farið niður í kjallara. Til að fjarlægja öll verksummerki fékk Steven unnustu sína til að þrifa allt húsið, þau ættu jú von á gestum. Eitthvað yfirsást honum því lögregla fann nægilega mikið af sönnunargögnum til að hann yrði sakfelldur. Síðar sýndi hann lögreglu hvar hann hafði falið líkið. Steven fékk lífstíðardóm árið 2013.



FORNIA-STRAETI 101

■ Það skyldi reynast þeim dýrkeypt ■ Hann ákvað að láta vopnin tala

San Francisco Giants Beat Mets **SPORTS FINAL**
 ★ ★ ★ ★ ★
San Francisco Chronicle
 IN NORTHERN CALIFORNIA
 JANUARY 3, 1993 415-777-1111 50 CENTS

Man's Grudge Shows Depth of His Anger

Message found on body spelled out botched deals

By Ken Hoover, Susan Sward and Michael Taylor
 Chronicle Staff Writers

Gianluigi Ferri, the gunman who killed eight people and wounded six Thursday before ending his own life in a stairwell of a San Francisco highrise, was a frustrated man who for years nursed dark resentments about his failed business schemes, according to an angry letter he carried with him in his last moments.

A window into the 55-year-old man's mind was provided yesterday by the four-page, single-spaced document that police found on the gunman's body as it lay in the highrise at 101 California Street.

Typed in capital letters and sprinkled with misspellings and grammatical errors, the document contained a string of names, phone numbers and grievances under the heading "LIST OF CRIMINALS, RAPISTS, RACKETEERES, LOBBYISTS."

Although he had the list on him when he died and it named the Pettit & Martin law firm where he did his shooting, Ferri did not use the document as a shooting guide: None of his victims was on the list.

OTHER STORIES ON THE SHOOTINGS

- Excerpts from the letter found on Gianluigi Ferri. **PAGE A12**
- Stress counselors helped workers returning to work yesterday at the 101 California building. **PAGE A13**
- Thursday's shooting rampage renews the debate over gun control. **PAGE A13**
- Widespread hostility unnerves lawyers. **PAGE A13**



Gian Luigi Ferri Hafði alið á óbeiti í garð lögmannastofunnar Pettit & Martin í mörg ár.


Sumarstarfsmaður veginn

Á sömu hæð var staddur fyrir tilviljun laganemi frá Colorado-háskóla, David Sutcliffe. David var sumarstarfsmaður Pettit & Martin og hafði skotist á 33. hæð til að spjalla við og leita ráða þar hjá reyndum lögmanni, Charles Ross.

Ferri skaut David Sutcliffe til bana skömmu eftir að hann yfirgaf skrifstofu Ross. Síðan reyndi Ferri að ryðjast inn til Ross sem tókst að skella hurðinni á hann. Ferri gafst ekki upp og Ross skaut fram hjá honum og hljóp niður eftir ganginum. Hann slapp með skrekkin, en fékk þó skot í handlegginn.

Sjálfsvíg í lokin

Ferri myrta átta manns á fjórum mínútum og sem sluppu mismikið særðir frá hildarleikum. Auk þeirra sem nefndir hafa verið hér



Síðar sagði Michelle að þegar Ferri miðaði skammbyssunni á þau hafi eiginmaður hennar stigið fram fyrir hana og í veg fyrir kúluna.

að framan þá féllu fyrir kúlum hans Allen J. Berk, hjá Pettit & Martin, Deborah Fogel, ritari hjá annarri lögmannastofu, Donald Michael Merrill, sem vann hjá fjárvörslufyrirtæki, og Shirley Mooser, sem vann hjá sama fyrirtæki og Merrill.

Þegar Ferri sýndist nóg komið, og lögreglan nálgadist óðfluga,

svipti hann sig lífi. Aldrei varð almenninga ljóst hvað sérstaklega varð til þess að Ferri gekk berserksgang, en í bréfi sem hann skildi eftir sig mátti lesa um margt sem hann var óánægður með í viðskiptum hans og lögmannastofunnar. ■

RISA ÚTSALA

20-70% afsláttur af öllum vörum
 Framlengjum til 19. janúar 2019

BROOKS

Allir Brooks skór á 14.000 kr.
 Sama útsöluverð og í fyrra þrátt fyrir gengislækkun

30% afsláttur
af FootJoy golfskóm

25% afsláttur
af öllum fatnaði.
Sama verð og í USA

30% afsláttur
af Ecco sandöllum, götusköm og barnaskóm

EINS OG FÆTUR TOGA
 www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

LÍTILL TÍMI TIL ÆFINGA

Hjaltalín snýr aftur ■ Fiskur olli deilum

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Hljómsveitin Hjaltalín er nú að koma saman eftir nokkurt hlé og hefur þegar tekið upp eitt lag. Plata gæti verið handan við hornið og hljómsveitin hefur þegar bókað Eldborgarsal Hörpu í haust. DV ræddi við meðlimi Hjaltalín um samstarfið, ferilinn og heiftarlegt rifrildi um fisk.

Fjöldinn gerir hlutina flókna

Meðlimir Hjaltalín kynntust flestir í Menntaskólanum í Hamrahlíð og stofnuðu hljómsveitina í kringum lagasmíðakeppni þar haustið 2004. Fyrsta lagið sem þau gáfu út var jólagagið „Mamma kveikir kertaljós.“ Eftir þetta sömdu þau meira og komu fram á tónleikum. Lagið „Margt að ugga“ kom þeim síðan á kortið.

Fjöldinn í bandinu var mjög rokkandi og um tíma voru alls níu í því. Auk hefðbundinna hljóðfæra voru fagott- og klarínettlemikarar í bandinu. Síðan þá hefur fækkað og nú eru sex meðlimir; Högni söngvari og gítarleikari, Sigríður söngvari, Axel trymbill, Viktor fiðluleikari, Hjörtur hljómborðsleikari og Guðmundur bassaleikari.

Hvernig hefur samstarfið gengið í gegnum tíðina?

„Samstarfið hefur almennt séð verið gott, oft mjög gott,“ segir Hjörtur. „Þótt stundum sé erfitt að taka endanlega ákvörðun um sósuna þegar margir kokkar eru í eldhúsinu.“

Meðlimir Hjaltalín eru sammála um að fyrstu árin hafi verið sérstaklega skemmtileg. Þegar hljómsveitin var að skapa sér nafn.

„Að spila á Nasa með tólf manna bandi í einhverri vitleysu og allt í steik var mjög gaman,“ segir Högni. „Svo ferðumst við mjög mikið

og spiluðum gríðarlega mikið erlendis árin 2009 til 2011. Okkur hefur alltaf þótt gaman að halda stóra tónleika, með miklu veseni og mörgum spilurum. Það var til að mynda svakalega gaman að halda tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói árið 2010. Við tókum þá tónleika upp á hljóð og mynd og gáfum út undir nafninu Alpanon. Eins þótti okkur ótrúlega gaman síðast þegar við höldum tónleika í Eldborg, árið 2014.“

Hnakkrist um fisk

Hjaltalín hefur verið í pásu í þó nokkurn tíma en er nú að snúa aftur og vinna að plötu. Hjörtur segir að það hafi hins vegar verið meðvituð ákvörðun að leggja í híði. Hjörtur segir:

„Við höfum alltaf með reglulegu millibili haldið áfram vinnu við plötuna. En aðstæður voru einhver veginn þannig að það meikaði sens að allir myndu vera svolítið í sínu horni, að gera sitt. Á síðustu árum hafa þrír meðlimir eignast samanlagt fimm börn. Síðan hafa Högni og Sigga sinnt sínum ferlum, Guðmundur verið að pródúsera og taka upp plötur, Axel hefur verið að vinna sem flugmaður, Viktor verið að semja kvikmyndatónlist í Berlín og ég verið að spila og kenna á fullu.“

Högni er leiðtogi sveitarinnar og er hann gjarnan kallaður forsprakinn af hinum meðlimunum. Í seinni tíð hafa aðrir hins vegar lagt meira í púkkið hvað varðar hugmyndavinnu og til að mynda semur Sigríður textana á nýju plötunni. Hjörtur sér um fjármálin og fleiri praktíska hluti í samstarfi við umboðsmanninn Steinþór Helga. Steinþór er einnig með puttana í sköpunarferlinu sjálfu og segir sína meiningu umbúðalaust. Viktor sér um útsetningar og Guðmundur um upptökur. Þá hefur Axel yfir-



Þessi umræða tók um fimm klukkutíma og hefði mjög auðveldlega getað endað með limlestingu



umsjón með öllu trommutengdu.

Eins og í öllum langtímasamböndum þá geta komið upp deilur. Sigríður segir:

„Við áttum einu sinni heiftarlegt rifrildi á hóteli í Manchester um spurninguna: Hvor er betri, ýsa eða þorskur? Högni var á því að

þorskur væri betri, og við hin vorum í grunninn sammála því, en tókum þann pól í hæðina að ýsan væri æt samt sem áður. Þessi umræða tók um fimm klukkutíma og hefði mjög auðveldlega getað endað með limlestingu.“

Þurfa að plana með löngum fyrirvara

Hefur hljómsveitin tekið miklum breytingum síðan þið byrjuðuð?

„Já, það er margt öðruvísi en í byrjun,“ segir Sigríður. „Þá var svo margt sem gerðist á hljómsveitaræfingum til dæmis. Við æfum minna núna. Þá höfðum við heldur ekki aðgang að stúdíói alla daga eins og í dag. Hlutirnir þurftu að vera nokkuð klárir áður en við fórum í upptökur. Í dag eru Gummi og Hjörtur með stúdíó þar sem við getum gert nánast allt sem við þurfum, þegar okkur langar til. Svo vinnuferlið hefur breyst mjög mikið.“

Þá segja meðlimir Hjaltalín að það hafi óumdeilanlega áhrif á starfið að meðlimirnir eru komnir í aðrar hljómsveitir og sólóferla. Til að mynda býr Viktor ekki á Íslandi og Högni spilar mikið erlendis.

„Þetta hefur þau áhrif að við þurfum að vera mjög skipulögð og tókum því ekki sem gefnu að geta bara hent í æfingu si svona eins og í gamla daga. Hlutirnir gerast ekki af sjálfum sér og þá þarf að plana með löngum fyrirvara,“ segir Sigríður.

Texti að handan

Hvað kemur til að þið gefið út nýtt efni núna?

„Ætli við höfum ekki verið komnir með leiða á að biða og gefa ekkert út. Já, og svara spurningunni:

Hvenær kemur svo nýtt Hjaltalín-lag út? Svo var plottið að bóka tónleika í Eldborg í september. Þá er komin pressa á okkur að klára plötuna. Við erum þannig hljómsveit, að við vinnum best undir pressu. Síðan söknuðum við líka hvert annars,“ segir Hjörtur.

Það stór elektrónískur hljóðheimur sem við heyrum í nýja laginu. Er þið að færa ykkur meira út í elektróníkuna?

„Já, algjörlega. Allavega meira en við höfum verið að gera. Það var ekki beint ætlunin að færa okkur meira út í elektróník bara til að gera það,“ segir Hjörtur.

Um hvað fjallar lagið?

Textinn kom „að handan“ í stúdíóinu í miðju lagi. Það var ekki nein sérstök þæling á bak við hann og svo tók Atli Bollason þátt í textavinnunni eftir það. Lagið fjallar um þessa barónessu, sem er mjög dularfull. Við vitum í rauninni ekki mikið um hana, nema það að hún talar til okkar í þessu lagi,“ segir Sigríður.

Eigum við von á nýrri Hjaltalín-plötu á þessu ári?

„Við skulum orða það þannig að það er ekki fjarlægur möguleiki,“ segir hún.

Hjaltalín heldur stórtónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 7. september, í fyrsta sinn síðan árið 2014. Högni segir:

„Þeir hafa verið auglýstir sem stærstu tónleikar hljómsveitarinnar til þessa og við ætlum ekki að valda vonbrigðum hvað það varðar. Þetta verður að vera extra þétt og líka sjónarspil. Fólk má líka búast við að sjá ný lög sem koma út á árinu í sambandi við eitthvað gamalt og gott.“ ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



„Forréttindi að semja lög með börnunum sínum“



Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Sigurður Laufdal er 35 ára gamall, hann ólst upp við tónlist og hefur sjálfur fengist við hana frá því hann var krakki. Í dag eru börn hans komin í tónlistina með föður sínum, en þau hafa þegar gefið út þrjú lög: tvö frumsamin, auk ábreiðu af einu þekktasta lagi Bubba.

„Verkefnið hófst þannig að dóttir mín, Kristjana, fór í tvígang að gráta þegar hún var hjá mér. Þá var hún sex ára gömul. Ég ræddi málið við mömmu hennar, sem ræddi við skóla dótturinnar,“ segir Sigurður.

Niðurstaðan var sú að dóttir hans væri með listrænan huga sem væri farinn að flakka eitthvað og samdi Sigurður lag handa henni til að útskýra hvernig það virkar. „Ég vildi útskýra fyrir henni hvernig

listrænn hugur virkar, þannig að ég tók textann út frá henni. Hún var búin að segja við mig að henni myndist allt lifandi og var farin að telja upp ljósastaura, grindverk og fleira. Þannig að ég tók textann út frá henni og það er lína í laginu hennar út frá því.“

Svo vel tókst til að þau fóru í stúdíó til að taka lagið upp. Á leiðinni í stúdíóið, kviknaði áhugi hjá syni Sigurðar, Mikael Mána, sem þá var sjö ára. „Ég sagði að ef



Fingraför - Bubbi Morthens

27 December 2018 at 10:00 · 🌐

hér er einn vinkill á þessu magnaða lagi. Veit ekki hvað fólk finnst en mér finnst þetta bara nokkuð flott hjá þeim.



YOUTUBE.COM

VOR - Blindsker

Höfundur lags og texta: Bubbi Morthens
Útsetning og flutningur: VOR

Learn More

👍👍👍 Sigurður Laufdal, Valdimar Tómasson and 8 others

1 Comment 1 share



Like



Comment



Share

Oldest ▾



Bubbi Morthens Flott

Like · Reply · 1w

hann langaði að vera með þá gætum við gert hvað sem er fyrir hann. Hann langaði að rappa þannig að ég samdi bara annað lag fyrir hann og skrifa textann út frá honum.“

Í kjölfarið sá Sigurður sér leik á borði að búa til fjöllistahóp úr litlu fjölskyldunni þar sem þau fengu öll vettvang til að tjá sig og skapa. „Hópurinn heitir VOR sem stendur fyrir Vitund okkar rís og er settur saman til að skapa og hafa gaman. Þau eru með sitt hvort lagið, síðan er komið lagið Hugsanir þínar, sem söngkonan Brynja Lísa syngur með mér og nú síðast tókum við upp ábreiðu af lagi Bubba, Blindsker.

„Mamma var ekki í tónlist sjálf, en hlustaði mikið á Bubba þegar ég var krakki og gerir enn í dag og hann var mikill áhrifavaldur á tónlistina hjá mér. Það var því gaman að gera ábreiðu af lagi hans.“

Sigurður fékkst við tónlistina sjálfur frá því hann var krakki og kom fram á árum áður undir nafninu Siggí Lauf. „Ég spila á gítar og er einnig að vinna á tölvu með synthesisera, ég hef lítið fengist

við tónlistina síðan krakkarnir fæddust, en er að komast í gang aftur. Og þetta verkefni með þeim er til gamans gert. Þau hafa rosa-lega gaman af þessu og sökkva sér með mér í sköpunina og það eru alger forréttindi að fá að gera þetta með börnunum sínum,“ segir Sigurður og segir börn sín hlusta bara á tónlist eins og gerist og gengur, auk þess sem Kristjana leikur sér að því að gera myndbönd í hinum ýmsu öppum.

Sigurður áætlaði sér fjórar vikur í að kenna börnunum sínum lögin. „Þau lærðu hins vegar bæði lög og texta samdægurs.“

Engin frekari plön eru um laga-útgáfu hjá Sigurði og börnunum hans. „Þetta er bara vettvangur til að tjá sig,“ segir Sigurður og hefur þríeykið ekki komið fram og spilað og ekkert slíkt í undirbúningi. „Þetta er aðallega bara listsköpun, sem átti upphaflega að vera fyrir vini og ættingja, en það tókst svo vel til að ég útbjó rás á YouTube, VOR Vitund okkar rís. Þau vilja bæði skapa og una sér vel í því með mér.“ ■



Nett fjölnotataeki MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetia: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta-
og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Fregnir af frægum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Eldheit ást – Ingibjörg og Egill

Eitt heitasta parið í dag er Ingibjörg Egilsdóttir, fyrrverandi feigdardrottning, og Egill Einarsson tónlistarmaður, en þau hafa verið að draga sig saman síðustu mánuði samkvæmt heimildum DV.

Ingibjörg varð í öðru sæti í Ungfrú Ísland árið 2008 og ári síðar tók hún þátt í Miss Universe og komst í fimmtán kvenna úrslit. Í kjölfarið fékk Ingibjörg ýmis atvinnutilboð og starfaði víða um heim sem fyrirsæta.

Árið 2011 byrjaði Ingibjörg með Þorsteini M. Jónssyni, best þekktum sem Steini í Kók, þau skildu árið 2014. Eiga þau einn son saman. Sást hún eftir það í félagsskap kraftajötunsins Hafþórs Júlíusar Björnssonar (Fjallsins).

Einar skildi á síðasta ári við söngkonuna Svölu Björgvinsdóttur. Hún flutti heim til Íslands, en Einar varð eftir í Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem þau höfðu haldið heimili undanfarin ár. Einar og Svala voru kærustupar í tæpan aldarfjórðung en þau giftu sig með pomp og prakt í Landakotskirkju í júlí 2013. Störfuðu þau mikið saman að tónlist og skipuðu meðal annars tríóið Steed Lord, ásamt Edda, bróður Einars. Svala hefur fundið ástina að nýju hjá Gauta Sigurðarsyni.



Fitnessparið Hafþór Björgvinsson og Gunnar Sigurðsson eignaðist son á mánudaginn. Sonurinn er annar sonur þeirra hjóna, en þau giftu sig sig í ágúst í fyrra, fyrir átti Hafþór Björgvinsson þrjá syni.

„Ég get ekki lýst hvað konan mín er ótrúleg, að upplifa fæðingu í annað skipti og verða vitni að þessu er eitt-hvað sem ég myndi aldrei vilja missa af, Hafþór ég elska þig meira en orð fá lýst og þú ert hetjan mín,“ skrifar Gunnar á Facebook þar sem hjónin tilkynntu um fæðingu sonarins.

Fókus óskar þessu hjartanlega til hamingju með soninn.



Árni Páll Arnason, sem best er þekktur sem rapparinn Herra Hnetusmjör, og kærasta hans, Sara Linneth, fögnuðu tveggja ára sambandsafmæli sínu á mánudaginn var á Maldívejum.

Þar er parið búíð að vera í góðu yfirlæti í sól og sandi undir pálmatrjám, með ananas skornum í þunnar sneiðar, eins og Herrann grínaðist með á Instagram.



Grínistinn Hjálmar Örn Jóhannsson hefur greinilega ákveðið að hjólreiðar henti honum ekki því hann auglýsti nýkeypt reiðhjól til sölu á Facebook.

Aðeins er búíð að hjóla 900 metra á því, sem er barasta ekki neitt.



Gísli Rúnar Jónsson leikari leitar að glúrnunum og lausnamiðuðum graffískum hönnuði eða teiknara, og leitar til Facebook-vina sinna með ábendingar. Þarf viðkomandi að annast skreytingar og umbrot fyrir limrubók Gísla Rúnars. Þiggur hann allar ábendingar með þökkum.



Sægreifinn við gömlu höfnina
Eilíf hamingja

HÁDEGISTILBOÐ VIRKA DAGA

GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ

2.850





MATHÚS GARÐABÆJAR

Ísland 2016

PRIGGJA RÉTTA SEDILL
AÐEINS 5.990 KR.



S: 571 3775 - MATHUS@MATHUS.IS

Tvífarar og grínistar

Björn Bragi Arnarsson og Benedikt Valsson eru ekki aðeins bráðfyndnir grínistar. Þeir eru einnig svo líkir að fólk á það til að rugla þeim saman.

Nýlega var greint frá því að Björn Bragi myndi snúa aftur í sýningar hjá uppstandshópnum Mið Íslandi. Hann hefur haldið sig til hlés eftir að hann náðist á myndband, þuklandi á stúlku á Akureyri. Sagði hann sig þá til dæmis frá spyrilstöðunni í Gettu betur.

Benedikt söðlaði um og tók við sem stjórnandi þáttarins Satt eða logið á Stöð tvö í fyrra. Áður hafði hann slegið í gegn hjá Ríkissjónvarpinu í þættinum Hraðfréttir ásamt Fannari Sveinssyni.



Lítt þekkt ættartengsl

Frændur í landsliðinu

Um helgina hefur íslenska landsliðið leik á Heimsmeistaramótinu í handbolta sem fram fer í Danmörku og Þýskalandi. Íslendingar senda ungt landslið til leiks og því má búast við að stjórnur framtíðarinnar stígi sín fyrstu skref á mótinu. Meðal þeirra eru frændurnir og skyttarnar Teitur Örn Einarsson og Haukur Þrastarson. Teitur Örn er tvítugur að aldri en Haukur aðeins sautján ára. Teitur Örn og Haukur eru synir systkinanna Þrastar og Þuríðar Ingvarsbarna og því má búast við að Selfoss og nágrenni nötri þegar HM hefst.



Ágreiningur um ágæti Sleep eyrnatappa

Margir notendur samfélagsmiðla hafa tekið eftir auglýsingum frá Flare Audio þar sem auglýstir eru Sleep eyrnatappar úr málmum sem eiga að leysa öll vandamál tengd truflunum í svefni. Eyarnatapparnir sem um ræðir eru seldir í tveimur gerðum, annars vegar úr áli og hins vegar úr titáni. Verðið er á bilinu 4.500 til 7.500 krónur. Vefsíða Flare er einnig fágúð og vöruverð í íslenskum krónum.

Ljóst er að háum fjárhæðum hefur verið eytt til að koma skilaðunum áleiðis til Íslendinga

og það virðist vera að borga sig. Hundruð Íslendinga hafa sett „like“ á færslur fyrirtækisins og tugir deilt henni áfram.

Tapparnir eru einnig til sölu á vef Amazon, þar fá þeir vægast sagt slæma dóma frá langflestum notendum. Sem dæmi segir einn sem keypti: „Fullkomin sóun á peningum! Ég var að vonast eftir einhverju betra en þessum venjulegu eyrnatöppum en ég gerði stór mistök. Þeir stoppa engan hávaða! Venjulegir eyrnatappar gera miklu meira. Það voru stór mistök að kaupa þá án þess að athuga hvað aðrir hafa sagt um þá.“ Fjöldmargir

notendur taka í sama streng, þar á meðal einn sem segir: „Þetta er einfalt, þeir virka ekki.“

Það eru þó ekki allir sammála því. Eyarnatöppunum fylgja leiðbeiningar þar sem farið er í gegnum hvernig á nákvæmlega að setja þá í. Einn notandi segir að það hafi þurft tíma til að venjast þeim. „Ég prófaði þá nokkrum sinnum og fannst ekkert varið í þá þangað til ég náði þeim alveg réttum. Þeir eru ekki mjög þægilegir en hvernig þeir ná að kæfa hávaða bætir upp fyrir það.“ ■



leep® earplugs
ireaudio.com
ay hello to Sleep®. Our revolution:
rplug designed especially for all nig
Margir Íslendingar hafa tekið eftir samfélagsmiðlaherferð fyrirtækisins. Skjáskot af Facebook.

LAGERHREINSUN

20–60%

afsláttur

af völdum *raftækjum*

meðan birgðir endast.

Rýmum fyrir nýjum vörum.

Friform

Ofnar.
Keramík-, span- og gashelluborð.
Veggháfar og veggviftur.
Gaseldavélar.
Kæliskápar.

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is